KLÓRA Í BAKKANN EINS LENGI OG ÉG GET

Ólafur Haukur Símonarson rithöfundar lítur yfir farinn veg og rifjar upp hvers vegna hann lagði fyrir sig skriftir í stað þess að sækja sjóinn.

ALLA SUNNUDAGA
RE/MAX Fasteignablað
www.remax.is - öflugur fasteignavefur

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
26. ágúst 2007 — 230. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

Leit að Þjóðverjunum hætt

Björgunarsveitarmenn pökkuðu saman búnaði sínum í Freysnesi við Skaftafell í gærkvöldi og héldu heim. Skipulagðri leit að þýsku ferðamönnunum tveimur á og við Svínafellsjökul hefur verið hætt í bili. Þjóðgarðsvörðurinn í Skaftafelli vill skylda ferðamenn sem ferðast einir á Öræfajökul til að láta vita af sér.

LEIT „Við höfum ákveðið að hætta leit og endurmeta stöðuna," segir Víðir Reynisson, fulltrúi ríkislögreglustjóra, sem haft hefur umsjón með leitinni að Matthiasi Hinz og Thomasi Grundt undanfarna daga. Í dag munu fulltrúar Landsbjargar og lögreglunnar á Eskifirði funda með ríkislögreglustjóra og ákveða hvert framhaldið verður. „Við ætlum að leggjast yfir gögnin okkar og fara yfir allar vísbendingar á ný til að tryggja að öllu hafi verið fylgt eftir," segir Víðir.

Reyndustu fjallamenn björgunarsveitanna hafa leitað á svæðinu í kringum Svínafellsjökul og upp með Hvannadalshnjúk og Hrútfjallstindum undanfarna daga. Í gær voru á annað hundrað leitarmenn á svæðinu og leituðu frá birtingu og fram í myrkur. Þyrla Landhelgisgæslunnar TF-Gná ferjaði leitarhópa upp á jökulinn og sparaði leitarmönnum þar með dýrmætan tíma sem annars hefði farið í göngu. Leitað var í 23 hópum á og við jökulinn auk leitar úr þyrlunni.

Víðir segir að tekist hafi að leita á svæðinu eins vel og unnt er og því hafi verið ákveðið að hætta leit þegar fólkið kom niður af jöklinum í gærkvöld.

„Mannskapurinn er orðinn mjög þreyttur enda hafa margir verið lengi að. Nokkrir hafa farið fjóra daga í röð upp á jökulinn og gengið klukkustundum saman í mikilli hæð. Menn þurfa að hvíla sig áður en lengra er haldið," segir Víðir, sem útilokar ekki að leit hefjist aftur eftir helgi.

Ekkert hefur spurst til Thomasar og Matthiasar frá því um mánaðamót. Tjöld mannanna fundust á fimmtudag en síðan þá hafa engar haldbærar vísbendingar komið fram.

VÍÐIR REYNISSON

RAGNAR STEFÁNSSON

ÞÓRHALLUR ÓLAFSSON

Leitin að Þjóðverjunum hefur vakið spurningar um hvort ferðamenn á fjöllum sýni nægjanlega fyrirhyggju. Ragnar Stefánsson, þjóðgarðsvörður í Skaftafelli og formaður björgunarsveitarinnar Kára í Öræfum, vill setja það sem skilyrði að ferðamenn sem leggi á Öræfajökul á eigin vegum láti vita af ferðum sínum.

„Mörgum fjallamönnum þykir það mikil forræðishyggja en mér finnst þetta ákveðin kurteisi gagnvart björgunarsveitunum," segir Ragnar.

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli, Neyðarlínan, Landsbjörg og aðilar innan ferðaþjónustunnar undirbúa nú, að frumkvæði Ragnars, útgáfu bæklings sem fræðir ferðamenn um þær hættur sem felast í ferðalögum um Öræfajökul. Í bæklingnum verður mælt með því að menn leggi inn ferðaáætlun áður en þeir fari á jökulinn. Ragnari finnst eðlilegt að slík þjónusta sé í boði hjá Neyðarlínunni, sem er opin allan sólarhringinn.

Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, segir mikilvægt að koma tilkynningarþjónustu ferðamanna í fastar skorður og segir vel koma til greina að Neyðarlínan taki þátt í slíku starfi. Hann vill hins vegar ekki skylda ferðamenn til að láta vita af ferðum sínum.

Þjóðverjarnir sem leitað hefur verið að létu engan vita hvert þeir hygðust fara. Ekkert hafði spurst til þeirra í rúmar þrjár vikur þegar leit hófst.

- þo / sjá síðu 14

ÞJÁLFUN NÝRRA ÍÞRÓTTAÁLFA Magnús Scheving tók í gær á móti nýjum Íþróttaálfum sem eiga að bregða sér í hlutverk hetjunnar. Miklar og stífar æfingar voru í húsnæði Listdansskóla Íslands við Engjateig og Magnús stjórnaði þeim eins og honum er einum lagið. Sjá síðu 30. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Óheppinn hjólreiðamaður:

Ákærður fyrir að skjóta sig

BANDARÍKIN Hjólreiðamaður í Illinois í Bandaríkjunum hefur verið ákærður fyrir ólöglegan vopnaburð eftir að hann skaut sjálfan sig í nárann í hjólreiðaferð. Byssan var í buxnastreng mannsins þegar skotið hljóp af, eftir því sem kemur fram á fréttavef dagblaðsins Chicago Tribune.

Dómari féllst á að hneppa hjólreiðamanninn, hinn nítján ára Patrick Jefferson, ekki í gæsluvarðhald gegn sektartryggingu upp á fjórar milljónir króna. Jefferson gat sjálfur ekki verið viðstaddur í dómsalnum þar sem hann var á sjúkrahúsi. - sþs

Að minnsta kosti 46 hafa látist í miklum skógareldum í suðurhluta Grikklands:

Grunur leikur á íkveikju

GRIKKLAND Neyðarástandi hefur verið lýst yfir í Grikklandi vegna mikilla skógarelda, einum í suðurhluta landsins. Að minnsta kosti 46 manns hafa látist af völdum eldanna, en óttast er að mun fleiri muni finnast látnir.

Margir hinna látnu kröuðust af í eldunum og að minnsta kosti níu manns brunnu inni í bílum sínum þegar þeir reyndu að flýja.

Ríkisstjórn Grikklands hefur óskað eftir aðstoð Evrópusambandsins og í gær höfðu Frakkar, Þjóðverjar, Spánverjar og Hollendingar lofað aðstoð. Hermenn aðstoða slökkviliðið við störf en erfitt er að ráða niðurlögum eldsins vegna mikils hita og vinda.

Talið er að 170 eldar geisi víðs vegar um landið. Verst er ástandið á Pelopsskaga. Kostas Karamanlis, forsætisráðherra Grikklands, sagði í gær að það gæti ekki verið tilviljun að svo margir eldar kviknuðu á sama tíma víðs vegar um landið. Grunur léki því á íkveikjum. Í gærkvöldi var svo tilkynnt að 65 ára gamall maður hefði verið handtekinn. Hann er grunaður um að hafa valdið skógareldum í Areopolis á Pelopsskaga sem urðu sex manns að bana. - þeb

SUNNUDAGUR

Tvö þúsund eintök

Fyrsta sólóplata Magna hefur selst í rúmum tvö þúsund eintökum.

FÓLK 30

Bourne eða Bond?

Hvor er flottari, Jason Bourne eða James Bond?

FÓLK 20

Ríkið og sveitarfélögin

„Staða sveitarstjórnarstigsins er allt önnur og lakari en staða ríkisins og aukin verkefni hafa hlaðist á sveitarfélögin undanfarin ár án þess að tekjur hafi fylgt með," skrifar Steingrímur J. Sigfússon.

Í DAG 8

Chelsea á toppinn

Chelsea komst á topp ensku úrvalsdeildarinnar í gær með 1-0 sigri á Portsmouth.

ÍÞRÓTTIR 27

VEÐRIÐ Í DAG



DROPAR SUÐVESTAN TIL - Í dag verða suðaustan 8-13 m/s sunnan og vestan til, annars hægari. Nokkuð bjart veður á Norður- og Austurlandi, annars skýjað og hætt við lítilsháttar vætu vestast á landinu. Hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4



Stubbahus.is

Stubbahúsin *vinsælu fyrir utanhúss reykingarnar. Frábær hönnun, fást nú í 3 stærðum.*
Pöntunarsími: 564 1783 / 896 1783

SPURNING DAGSINS

Alma, eru Ford-stelpurnar í góðu formi?

„Þessum hópi myndi ég gefa topp-einkunn hvað varðar hugarfarslegt form."

Alma Dröfn Geirdal er annar stofnenda Forma, félags átröskunarsjúklinga, sem er í samstarfi við aðstendendur Ford-keppninnar í ár.

Tveir menn særðust:

Önnur skotárás í Liverpool

BRETLAND Tveir menn særðust í skotárás í Liverpool á föstudagskvöld. Annar mannanna er lífshættulega slasaður en enginn hefur verið handtekinn vegna málsins. Þetta er önnur skotárásin á nokkrum dögum í borginni, en ellefu ára gamall drengur, Rhys Jones, var skotinn til bana á miðvikudagskvöld. Ekki er talið að skotárásirnar tvær tengist.

Alls hafa átta manns verið handteknir vegna morðsins á Rhys Jones á miðvikudag. Í gær handtók lögregla fimm unglinga, þrjá drengi og tvær stúlkur, vegna málsins. **- þeb**

Þýsk þota lenti í Keflavík:

Flugdólgur áreitti farþega og flugfreyjur

LÖGREGLUMÁL Flugdólgur, sem handtekinn var við komuna til Íslands í gærmorgun, er frjáls ferða sinna. Maðurinn var farþegi í vél þýska flugfélagsins Lufthansa sem var á leið frá Los Angeles í Bandaríkjunum til München í Þýskalandi.

Flugstjóri vélarinnar óskaði eftir því að fá að lenda í Keflavík vegna óláta mannsins, sem var þá mjög ölvaður og hafði áreitt flugfreyjur og slegið til farþega.

Maðurinn var handtekinn við komuna til Keflavíkur. Að sögn lögreglu var hann yfirheyrður en honum síðan sleppt. - þeb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fjórir stútar

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði þrjá ölvaða ökumenn í fyrrinótt og gærdag. Lögregla segir ökumennina hafa verið stöðvaða fyrir utan bæinn og að þeir hafi verið að koma úr sumarbústöðum.

Læknir segir fólk óttast að fara úr barneign áður en biðinni eftir gjafaeggi lýkur:

Læknar íhuga að auglýsa eftir eggjum

HEILBRIGÐISMÁL „Það eru alltaf um það bil fimmtán til tuttugu pör sem bíða eftir gjafaeggi, og biðin er löng," segir Þórður Óskarsson, læknir og sérfræðingur hjá tæknifrjóvgunarstofunni Art Medica.

Auglýst var eftir gjafaeggi í Fréttablaðinu í gær og eru nánari upplýsingar veittar hjá Art Medica.

Þórður segir að stundum þurfi fólk að bíða svo lengi að það óttist að verða komið af heppilegum aldri til að eignast börn þegar röðin komi loks að því. „Þá hefur komið fyrir að það grípi til sinna ráða og auglýsi sjálft eftir gjafa,

ÞÓRÐUR ÓSKARSSON

slíkt hefur gerst um það bil sex sinnum síðustu sex ár," segir Þórður.

Vegna skorts á gjafaeggjum segir Þórður stjórnendur Art Medica hafa rætt um að stofan sjálf annist auglýsingar eftir gjafaeggjum. „Þá gætum við boðið konum upp á að hafa samband við okkur ef þær vildu kynna sér hvernig þetta fer fram."

Þórður bendir á að mun meira mál sé að gefa egg en sæði og því hafi forráðamenn stofunnar áhuga á því að kanna hvort þeir gætu greitt gjöfum það sem hann kallar „óþægindagjald" sem ætti að koma í veg fyrir að kona sem tilbúin væri að gefa egg yrði fyrir fjárhagslegu tapi. **- kdk**

Flóð í Norður-Kóreu:

Að minnsta kosti 600 látnir

NORÐUR-KÓREA Fjölmiðlar í Norður-Kóreu hafa greint frá því að í það minnsta 600 manns séu látnir eða saknað eftir mikil flóð í ágúst. Áður hafði verið talið að um 300 manns hefðu látist í flóðunum.

Þá hafa þúsundir manna slasast og enn fleiri misst heimili sín. Stór hluti vega og lestarteina í landinu eru á kafi og því óstarfhæfir.

Nú þegar hefur nágrannaríkið Suður-Kórea sent birgðir af mat og hreinu vatni yfir landamærin. Bæði Suður-Kórea og Rauði krossinn hafa heitið fjárhagsaðstoð. **- þeb**

Suðurlandsvegur er ekki á vegaáætlun

Á vegaáætlun er gert ráð fyrir árlegum 1,4 milljörðum í 2+1 veg á Suðurlandi. Vegagerðin gerði ekki ráð fyrir 2+2 vegi, sem kostar 13,5 milljarða. Formaður fjárlaganefndar segir óheimilt að hefja framkvæmdir án samþykkis Alþingis.

SAMGÖNGUR „Hún er að mjög litlu leyti á vegaáætlun," segir Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri spurður um tvöföldun Suðurlandsvegar.

Kristján Möller samgönguráðherra kynnti nýlega hugmyndir sínar um að leggja svokallaðan 2+2 veg, tvær akreinar í báðar áttir, alla 45 kílómetrana frá Reykjavík til Selfoss.

Alþingi hafði áður samþykkt að á árunum 2008 til 2010 ætti að setja 1,4 milljarða árlega í breikkun vegarins með „sérstakri fjármögnun".

GUNNAR GUNNARSSON

Það þýðir að fjármögnunin komi eftir öðrum leiðum en beint úr ríkissjóði. Til dæmis gætu einkaaðilar komið að málum eða að framkvæmdin yrði fjármögnuð með lántöku. Liðurinn „sérstök fjármögnun" hefur áður verið gagnrýndur af stjórnarandstöðu og kallaður „óútfylltur víxill".

Gert var ráð fyrir alls 4,2 milljörðum á tímabilinu með sérstakri fjármögnun og gerði Vegagerðin þá ráð fyrir að vegurinn yrði lagður sem 2+1 vegur, þrjár akreinar alls. Þá var talað um 5,8 milljarða kostnað.

Nú er ljóst að í samgönguráðuneytinu er stefnt á mun dýrari framkvæmd og hefur verið reiknað með minnst 13,5 milljörðum í veginn.

BÍLAR MÆTAST Á SUÐURLANDSVEGI Kristján Möller hefur tekið af skarið um að Suðurlandsvegur verði tvöfaldaður. Samþykki Alþingis þarf fyrir slíkum framkvæmdum. Kristján sagði undirbúninginn á fleygiferð í Fréttablaðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðstoðarvegamálastjóri segir að „augljóslega klárist verkið ekki á þessu tímabili" miðað við þær fjárheimildir.

Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, tjáði Fréttablaðinu að loknum fundi nefndarinnar á fimmtudag að ekki mætti hefja slíka framkvæmd á árinu nema hún væri sett inn í fjáraukalög.

„Ekki nema kannski að það séu til heimildir um tilfærslur milli verka. Og það er einmitt það sem [Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneyti] eru að takast á um núna," sagði hann.

Ekki náðist í samgönguráðherra vegna fréttarinnar en í Fréttablaðinu á föstudag sagði hann undirbúning við framkvæmdina á „fleygiferð".

Upplýsingafulltrúi samgönguráðuneytisins, Jóhannes Tómasson, segir að Vegagerðinni hafi verið falinn undirbúningur málsins með bréfi frá Sturlu Böðvarssyni, þáverandi samgönguráðherra, síðastliðið vor. Telur Jóhannes því að ráð hafi verið gert fyrir fjármunum til undirbúningsins.

klemens@frettabladid.is

Aron Pálmi frjáls maður:

Kemur til Íslands í dag

FÓLK Aron Pálmi Ágústsson, sem nýverið losnaði úr stofufangelsi í Bandaríkjunum, kemur til Íslands í dag.

Aron Pálmi, sem er 24 ára, var árið 1997 dæmdur í tíu ára fangelsi fyrir kynferðisbrot sem hann framdi þegar hann var þrettán ára. Mál hans vakti fyrst athygli á Íslandi fyrir þremur árum þegar DV fjallaði um hagi hans og baráttu aðstandenda fyrir að hann fengi að afplána hluta dómsins hér á landi. Aron Pálmi ætlar að hefja nám á Íslandi í haust. - þo

LOGANDI LOFTBELGUR Skömmu áður en hann féll til jarðar.

Tveggja enn saknað:

Eldur kviknaði í loftbelg á flugi

KANADA, AP Tveggja er saknað og að minnsta kosti tólf manns slösuðust þegar eldur kviknaði í loftbelg í Kanada á föstudag. Ekki er vitað hvað olli slysinu en aðstæður voru góðar á svæðinu og veður milt.

Slysið varð á loftbelgjaleigu í nágrenni Vancouver. Loftbelgurinn hafði farið á loft en skömmu síðar varð hann nánast alelda. Hann hrapaði svo til jarðar í hjólhýsagarði nálægt leigunni og við það kviknaði í þremur hjólhýsum. Bæði farþegar í belgnum og fólk á jörðu niðri slösuðust alvarlega, en eru þó ekki í lífshættu. **- þeb**

Reykjavík 871 ±2
Landnámssýningin The Settlement Exhibition

Lifið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin alla daga frá 10–17

Minjasafn Reykjavíkur

Þingmaður Vinstri grænna segir Sturlu skýla sér á bak við embætti sitt:

Bar ábyrgð sem fagráðherra

STJÓRNMÁL „Ef Sturla er að láta embætti forseta Alþingis þvælast fyrir sér ætti hann að segja því starfi lausu," segir Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri grænna, um Sturlu Böðvarsson. Hún tjáði sig um málefni Grímseyjarferjunnar á Rás 1 í gærmorgun. „Hann segist ekki geta rætt þær alvarlegu athugasemdir sem gerðar hafa verið við hans störf og ráðuneyti, og mér finnst hann skjóta sér á bak við embættið með því," segir Álfheiður. Hún segir atvinnu Sturlu í dag ekki breyta neinu um þá pólitísku ábyrgð sem hann bar á málinu sem fagráðherra.

Þingflokksformenn Vinstri grænna, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins, sem Fréttablaðið ræddi við í gær, vilja allir að frekari upplýsingar um þátt og ábyrgð Sturlu í Grímseyjarferjumálinu komi fram áður en þeir taka afstöðu til þess hvort honum beri að segja af sér embætti forseta þingsins. „Það er þó augljóst mál að hann geti ekki sinnt starfi sínu sem forseti þingsins ef hann ber ábyrgð á þessu sem ráðherra," segir Kristinn H. Gunnarsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins. „Ég lít á þetta sem aðgreind mál, hans stöðu sem forseta þingsins annars vegar og hins vegar hans aðkomu að málinu sem samgönguráðherra," segir Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður Vinstri grænna. **- þeb**

ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

ÖGMUNDUR JÓNASSON

KRISTINN H. GUNNARSSON

STURLA BÖÐVARSSON



ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 38582 08/07

Þegar Lexus IS 250 ber þig mjúklega eftir þjóðbrautinni og þú finnur aflið sem þér er gefið, verður þér ljóst hvers vegna Bandalag íslenskra bílablaðamanna útnefndi þennan kjörgrip „Bíl ársins 2007“. Innrétting, munaðarþægindi, gæði, aksturseiginleikar og tæknibúnaður í IS 250 eru fullkomin umgjörð um líf þeirra sem vilja skara fram úr, ekki aðeins í ár eða á næsta ári heldur um ókomna framtíð.

Sjáðu, snertu og prófaðu Lexus IS 250. Við erum sannfærðir um að niðurstaða þín verður í samræmi við niðurstöðu dómnefndar BÍBB. Hún kom okkur reyndar ekki á óvart. Við gerum nefnilega sömu kröfur til lúxusbíla og þú, sem og íslenskir bílablaðamenn. Við njótum þess að tvinna saman afl og hugvit í fullkomna heild.

Verð frá 4.200.000 kr.

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is

LEXUS
The pursuit of perfection

GENGIÐ 24.08.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	64,89	65,19
Sterlingspund	129,89	130,53
Evra	88,17	88,67
Dönsk króna	11,846	11,916
Norsk króna	11,084	11,150
Sænsk króna	9,387	9,441
Japanskt jen	0,5605	0,5637
SDR	99,16	99,76

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 119,85

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sex ára börn og börn með stuðning komin með pláss á frístundaheimilum:

Enn vantar 180 starfsmenn

MENNTUN „Við áttum ekki von á þessari miklu eftirspurn. Við fengum 330 fleiri umsóknir í ár en í fyrra," segir Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri tómstundamála hjá Reykjavíkurborg.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg eru 1.400 börn komin með pláss á frístundaheimilum borgarinnar og 1.300 börn eru á biðlista. Enn vantar um 180 starfsmenn og þar af vantar 66 starfsmenn í stuðning. „Við miðum við að fólk sé búið að sækja um fyrir 1. apríl en margir eru að sækja um fram á síðasta dag. Við vorum komin með 2.400 umsóknir í maí og þær eru núna orðnar 2700 talsins."

Soffía segist þó vera bjartsýn því annað gangi ekki upp. „Á næstu tveimur vikum gerist ofsalega mikið. Nemarnir sem við erum að ráða í vinnu eru að fá stundatöflurnar sínar þessa dagana og þeir eru stór hluti af okkar starfskrafti. Þessi hópur er að skila sér til starfa á næstu tveimur vikum."

SOFFÍA PÁLSDÓTTIR Soffía segir neyðina vera mesta hjá foreldrum sex ára barna og barna sem þurfa stuðning.

Soffía segist vona að á næstu vikum verði hún með jákvæðari tölur. Hún segir mannekluna á frístundaheimilunum fara eftir hverfum. „Við erum alltaf betur sett í miðhluta borgarinnar en erfiðara er að manna í úthverfunum." - lbb

Leikskólabörn í Bolungarvík:

Húsnæðið of lítið fyrir alla

MENNTUN Allir fimm ára nemendur leikskólans Glaðheima í Bolungarvík verða fluttir á nýja deild í Lambhaga nú í haust vegna húsnæðisvanda leikskólans, sem hýsir um fimmtíu börn. Þetta var samþykkt á bæjarstjórnarfundi í síðustu viku og stefnt er að því að nýja deildin verði opnuð 17. september.

Flutningurinn er til reynslu og verður endurskoðaður næsta sumar en aðrar hugmyndir um lausn á vandanum hafa verið að stækka leikskólann, koma upp færanlegri kennslustofu eða flytja alla starfsemi leikskólans í Lambhaga. - eö

BIRKIR ÁRNASON Hljóp hálfhring um Mont Blanc á rúmlega 18 tímum.

Fjallahlaup í Frakklandi:

86 kílómetrar á um 18 tímum

FÓLK Hlauparinn Birkir Árnason lauk í gærmorgun 86 kílómetra fjallahlaupi sem liggur hálfan hring um fjallið Mont Blanc á landamærum Frakklands og Ítalíu. Birkir hljóp á 18 klukkustundum og 32 mínútum.

Birkir hafnaði í 571. sæti af rúmlega 1.600 þátttakendum, sem má teljast góður árangur þar sem hann er ekki reyndur langhlaupari.

Tveir aðrir Íslendingar, þeir Börkur Árnason og Höskuldur Kristvinsson, fóru báðir heilan hring eða 163 kílómetra. Þeir voru ekki komnir í mark þegar Fréttablaðið fór í prentun. - eö

TYRKLAND

Forsetakjör enn óútkljáð

Abdullah Gül, utanríkisráðherra Tyrklands, náði ekki kjöri í annarri umferð forsetakosninga á tyrkneska þinginu í gær. Reiknað er með að hann sigri auðveldlega í þriðju umferð í næstu viku, en þá nægir einfaldur meirihluti til sigurs.

RAFMAGNSLEYSI

Grafið í háspennustreng

Rafmagnslaust varð í Reykjavík í Vogum, Heimum og hluta af Kleppsholti um klukkan hálf níu í gærmorgun og komst rafmagn ekki á aftur fyrr en eftir um það bil 45 mínútur. Ástæða rafmagnsleysisins var sú að grafið hafði verið í háspennustreng á framkvæmdasvæði í Holtagörðum.

Börn kaupa mat með persónuupplýsingum

Fingrafaralesarar í mötuneytum grunnskóla hafa verið úrskurðaðir brot á persónuverndarlögum í Svíþjóð. Slíkur búnaður er notaður í Hafnarfirði en ekki liggur fyrir hvort notkunin samrýmist íslenskum lögum um persónuvernd.

PERSÓNUVERND Notkun fingrafaralesara í mötuneytum sænskra grunnskóla hefur verið úrskurðuð brot á persónuverndarlögum. Fingrafaralesarar eru notaðir í mötuneytum tveggja grunnskóla í Hafnarfirði; Setbergsskóla og Víðistaðaskóla.

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir að leggja þurfi fram kvörtun til þess að hægt sé að úrskurða hvort notkunin á Íslandi brjóti gegn ákvæðum persónuverndarlaga eða ekki. Til þess að fá efnislegt svar við þessari spurningu þurfi að koma inn kvörtun frá hagsmunaaðila, til dæmis foreldri, segir hún.

Systurstofnun Persónuverndar í Svíþjóð, Datainspektionen, hefur úrskurðað í nokkrum málum varðandi lestur fingrafara í þarlendum skólum, og hefur niðurstaðan alltaf verið sú að notkunin brjóti gegn ákvæðum sænsku persónuverndarlaganna.

Eitt málanna, vegna notkunar fingrafaralesara í mötuneytum grunnskóla í Uddevalla, fór fyrir rétt í Stokkhólmsléni árið 2005. Þar var úrskurður Datainspektionen, um að notkunin bryti gegn persónuverndarlögum, staðfestur.

Sigrún segir persónuverndarstofnanirnar í Evrópu allar vinna eftir sömu evrópsku reglunum, og vegna mikils samráðs sé yfirleitt sambærileg framkvæmd á lögunum. „Mér sýnist vera mjög svipuð framkvæmd innan Evrópu í úrskurðum varðandi notkun á fingraförum. Menn hafa verið tregari til að leyfa hana þegar börn eiga í hlut."

LÖG UM PERSÓNUUPPLÝSINGAR

Samkvæmt lögum um persónuvernd eru persónuupplýsingar „sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, það er upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings."

Fingrafaraskannar Sláturfélags Suðurlands í grunnskólamötuneytum teljast því vinna með persónuupplýsingar í skilningi laganna, sem er aðeins heimilt ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt.

Í Svíþjóð hefur skráning fingrafara grunnskólabarna í þessum tilgangi verið talin vega að friðhelgi einstaklingsins, og varhugavert sé að notast við lífkennisupplýsingar þar sem aukin notkun gæti leitt til þess að almenningur yrði ekki eins meðvitaður um áhrif slíkrar vinnslu.

Sláturfélag Suðurlands (SS) rekur mötuneytin í Setbergsskóla og Víðistaðaskóla, auk fleiri skóla um landið. Stefnt er að því að fingrafaralesarar verði í öllum mötuneytunum sem fyrirtækið rekur.

Elín Einarsdóttir, deildarstjóri skólamötuneyta hjá SS, segir að beðið sé um samþykki foreldra barnanna fyrir fingrafaralestrinum og öllum sé frjálst að neita. Ef foreldrarnir vilji ekki láta lesa fingraför barnsins síns fái það að borga með korti í staðinn.

„Það hefur ekkert vandamál komið upp hjá okkur því foreldrar hafa ekki verið að kvarta," segir hún. „Það er enginn neyddur til að nota fingrafaralesarann."

salvar@frettabladid.is

KROSSANES VIÐ AKUREYRI Hér mun aflþynnuverksmiðjan rísa.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

Aflþynnuverksmiðja:

Ráðið í fyrstu störfin í haust

IÐNAÐUR Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, segir að margir hafi haft samband við félagið vegna starfa í aflþynnuverksmiðjunni sem taka á til starfa á Akureyri á næsta ári. Hann reiknar með að ráðið verði í fyrstu stöðurnar á haustmánuðum.

„Fyrst er ráðið í störf verkstjóra og vaktstjóra og aðrar lykilstöður og þeir starfsmenn verða sendir í þjálfun erlendis," segir Magnús.

Þjálfunin tekur þrjá til fjóra mánuði og Akureyrarbær styrkir hvern starfsmann um 1.500 dali. - þo

Slátrun byrjar seint í ár:

Fé beitt lengur vegna þurrka

LANDBÚNAÐUR Sauðfjárslátrun byrjar óvenju seint í ár. Vegna þess hve miklir þurrkar voru í sumar og sprettan sein vilja bændur halda fé lengur á beit, auk þess sem ásókn í kjöt er ekki orðin mikil á þessum árstíma.

Fyrsta sumarslátrunin í ár var 15. ágúst hjá Norðlenska á Akureyri og daginn eftir var fyrsta slátrun hjá Sláturfélagi Suðurlands. Á síðustu árum hefur slátrun hins vegar farið af stað í lok júlí, þó að venjulega fari hún hægt af stað. - eö

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

BEST FYRIR AUSTAN

Í dag og á morgun eru horfur á þokkalega björtu veðri á landinu norðaustan og austanverðu í hægum vindi. Um sunnan og vestanvert landið verður hins vegar heldur stífari vindur, einkum úti til stranda og á annesjum. Má búast við lítilsháttar vætu á þeim slóðum. Á fimmtudag má hins vegar reikna með vætu allra austast og þá rofar til á landinu sunnan og vestanverðu.

REYKJAVÍK Í DAG

Suðaustan 5-8 m/s og hætt við lítilsháttar vætu. Hiti 10-14 stig.

um hádegi »



» á morgun



» föstudagur



um hádegi »

Kaupmannahöfn	23°C skúrir	London	21°C rigning	Friedrichshafen	21°C léttskýjað
Billund	22°C skúrir	París	20°C rigning	Basel	20°C skúrir
Osló	25°C léttskýjað	Amsterdam	22°C rigning	Alicante	29°C heiðskírt
Stokkhólmur	24°C skúrir	Frankfurt	20°C skúrir	Algarve	29°C heiðskírt
Gautaborg	24°C skúrir	Berlín	24°C skúrir	Las Palmas	26°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Nýjar höfuðstöðvar **Landsbankans**

Forval í tveggja þrepa samkeppni um hönnun nýbyggingar höfuðstöðva Landsbanka Íslands

Landsbanki Íslands óskar eftir umsóknum frá arkitektastofum sem hafa áhuga á að taka þátt í tveggja þrepa boðskeppni um hönnun og framkvæmd nýbyggingar höfuðstöðva Landsbanka Íslands.

Um er að ræða fyrra þrep, þar sem fram komi hugmyndir að heildarskipulagi byggingarreits, tengingum við umhverfið og heildaryfirbragði bygginga. Styðjast skal við deiliskipulag hafnarsvæðis, vinningstillögu úr samkeppni um Kvosina og skipulagsforsendur Reykjavíkurborgar. Í fyrra þrepi er aðeins gert ráð fyrir einföldum (skematískum) teikningum af innra fyrirkomulagi og megintengingum, en áhersla er lögð á form, samhengi og yfirbragð bygginga sem myndi sterkt kennileiti.

Í síðara þrepi verði unnin útfærsla og nánari tillaga að byggingum út frá þarfagreiningu Landsbankans. Þá komi fram styrkur bygginga hvað varðar form, hlutföll, fagurfræði og aðlögun að umhverfi. Horft verði til varanleika í efnisnotkun og að innra fyrirkomulag verði einfalt og sveigjanlegt.

Umsóknum þurfa að fylgja almennar upplýsingar um viðkomandi arkitektastofu, fyrri verkefni og árangur í samkeppnum, starfsmenn sem munu leiða verkefnið, fjölda starfsmanna og samskiptahóp á Íslandi fyrir erlendar stofur.

Verkið er umfangsmikið og kallar á mikinn mannskap.

Minni stofum sem taka þátt í forvali er bent á að geta um samstarfsaðila ef þær vinna til fyrstu verðlauna og verða valdar til framkvæmdar.

Forvalsnefnd, skipuð þremur fulltrúum frá Landsbankanum, fer yfir umsóknirnar og velur allt að 12 stofur til að vinna að hugmynd sinni gegn greiðslu. Fulltrúi frá Arkitektafélagi Íslands verður forvalsnefnd til ráðgjafar.

Keppendur sem skila umbeðnum gögnum í fyrra þrepi fá € 50.000 + vsk. greiddar fyrir vinnu sína. Að fyrra þrepi loknu velur 7 manna dómnefnd, skipuð fulltrúum Landsbankans og Arkitektafélags Íslands, allt að 5 tillögur til þátttöku í síðara þrepi. Þar verður veglegt verðlaunafé í fyrstu og önnur verðlaun og aðrir keppendur fá greidda ákveðna upphæð fyrir þátttöku.

Umsóknum skal skila til Rekstrarsviðs Landsbankans, Austurstræti 11, eða á tölvupóstfangið forval@landsbanki.is merktum „Forval Landsbankans" fyrir kl. 16:00 þann 7. september.

Nánari upplýsingar veitir Haukur Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs, í síma +354 410 7801 og +354 820 6400.

Stefnt er að því að forvalsnefnd ljúki störfum þann 18.09 nk. og hafi þá valið þær arkitektastofur sem boðið verður að taka þátt í síðara þrepi.

Gert er ráð fyrir að samkeppnin verði boðin út fyrir lok september nk. og fyrra þrepi verði skilað fyrir lok nóvember. Miðað er við að síðara þrep hefjist fyrir miðjan desember 2007 og ljúki með skilum fyrir miðjan febrúar 2008.

Samkeppnin verður framkvæmd í samstarfi við Arkitektafélag Íslands og í samræmi við samkeppnisreglur þess. Í samkeppninni verður gætt nafnleyndar.

Forvalsnefnd leggur áherslu á eftirtalin atriði við val á keppendum:

- Mat á fyrri verkum
- Árangur í samkeppnum
- Starfshópur sem leiðir verkið og fjöldi starfsmanna
- Samskiptahópur á Íslandi fyrir erlendar stofur

Landsbankinn

ÍSLENSKA/SIA/18/LBI 38756 08/07

KJÖRKASSINN

Á að rífa húsin við Laugaveg 4 og 6?

Já	51,1%
Nei	48,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Snertir starfsmannaekla leik- og grunnskóla þína fjölskyldu?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Fangar sem taka út refsingu sína í meðferð þurfa ekki að mæta á AA-fundi:

Trúlausir fangar velkomnir

HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA „Já, guð minn almáttugur, það er ekki skilyrði að menn taki þátt í starfsemi AA-samtakanna," segir Þórarinn Tyrfingsson, formaður SÁÁ og yfirlæknir á Vogi.

Fyrirkomulag, ekki ólíkt því sem dómsmálaráðherra og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gerðu í vikunni við SÁÁ, hefur í sumum Bandaríkjanna tíðkast um árabil. Dómarar hafa þá boðið fólki, sem hefur til að mynda verið sakfellt fyrir að aka undir áhrifum áfengis, að sækja AA-fundi í stað þess að sitja í fangelsi eða greiða sekt.

ÞÓRARINN TYRFINGSSON Segir trúlausa fanga velkomna á Vog. Þeir fái alla venjubundna þjónustu þar.

Árið 1998 komst áfrýjunardómstóll í New York að þeirri niðurstöðu að vegna trúarlegs eðlis AA-samtakanna teldist það stjórnarskrárbrot að neyða trúleysingja til þátttöku í þeim.

Þórarinn segir trúleysingja, sem aðra Íslendinga, velkomna á Vog. Þótt þar sé mælt með þátttöku í starfi AA-samtakanna, enda auki hún á árangur meðferðarinnar, sé ekki hægt að skuldbinda neinn til hennar.

Sjúklingar þurfi vissulega að sækja fræðslufundi og þar sé starfsemi samtakanna kynnt, en lengra nái það ekki.

„[Trúleysingi] fengi þá venjulegu meðferð sem hér er. Það eru hópfundir og eftirfylgni, á okkar forsendum, allt upp í eitt ár," segir hann. **- kóþ**

Reykjanes - Reykjavík:

Nemum auðvelduð ferðalög

SAMGÖNGUR „Reykjanes Express-áætlunin eru hraðferðir með rútum frá Reykjanesbæ og Keilissvæðinu til menntastofnana á höfuðborgarsvæðinu," segir Ásmundur Friðriksson, verkefnisstjóri áætlunarinnar.

Fargjaldið er 350 krónur hvora leið en rútukostnaðurinn er innifalinn í leiguverði þeirra sem búa á Keilissvæðinu.

Með áætluninni vilja yfirvöld á svæðinu auðvelda fólki sem stundar nám í Reykjavík, en býr í Reykjanesbæ, að komast á ódýran hátt til og frá borginni.

Áætlunin hefst á mánudaginn.

- ifv

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
BORGARTÚN 29
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
ELÍAS HARALDSSON
LÖGG. FASTEIGNASALAR

HÆÐ



Stigahlíð - Falleg eign. Glæsileg 175,1 fm efri sérhæð ásamt 26,1 fm bílskúr í fallegu þríbýlishúsi. Eignin skiptist. Anddyri, stigahús, hol, 4 svefnherb., tvö baðherb., þv.hús, geymsla, eldhús, stofa og borðstofa. Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð m.a. glæsilegt eldhús með gólfhita. **Verð 46,9 millj.**

HÆÐ

Laugateigur - Aukaíbúð. Nýtt á sölu. Opin og björt 4-5 herbergja 134,4 fm hæð ásamt 40,4 fm bílskúr (samtals 174,8 fm) í hinu gróna og vinsæla laugarneshverfi. Búið er að útbúa íbúð með tveimur svefnherbergjum í bílskúr. Hæðin er vel skipulögð og skiptist í rúmgott hol, þrjú svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og tvær samliggjandi stofur. Tvennar svalir til austurs, frá hjónaherbergi, og suðurs frá stofu. Góðar geymslur fylgja eigninni. **Verð 41,5 millj.**

SÉRBÝLI

Fallegt einbýlishús í Hafnarfirði - laust strax Skemmtilegt og kósý einbýlishús á á einni hæð auk þvottahúss og geymslu í kjallara á góðum stað í Hafnarfirði. Húsið skiptist í forstofu, baðherbergi, eldhús, stofu, hol og þrjú svefnherbergi. Rúmgott hjónaherbergi með útgangi út í garð til austurs. Loft tekin upp og hiti undir flísum. Parket og flísar á gólfum. **Verð 28,9 millj.**

Frum

HÆÐ

Vallarhús - Sérinng. Nýtt í sölu, góð 126 fm enda íbúð á tveimur hæðum (hæð og ris) með sér inngangi í nýlega viðgerðu og litlu fjölbýli. Eignin skiptist í forstofu, þvottahús, hol, snyrtingu, eldhús, stofu, borðstofu, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Góðar svalir til suðurs frá stofu. Eigninni fylgir sér merkt bílastæði. **Verð 28,9 millj.**

3JA.

Furugrund - Kóp. Björt og vel skipulögð 3ja herbergja 71 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi við Fossvoginn. Gegnheilt parket á flestum gólfum, rúmgóð stofa með útgang út á mjög stórar suðursvalir. Hjónaherbergi með fataherbergi inn af og útgang út á svalir. Eldhús með borðkrók við glugga. Barnaherbergi með parketi og skáp. **Verð 19,9 millj.** (396)

2JA.

Hraunbær - m/aukaherb. Ný á sölu þessi skemmtilega 61,8 fm 2ja -3ja herb. íbúð sem er með aukaherbergi í kjallara m/aðgangi að snyrtingu sem gefur útleigumöguleika. Stofa er björt með svölum/útsýni, eldhús m/borðkrók v/glugga, hjónaherb. m/skáp, baðherb. flísalagt m/baðkari, anddyri m/skáp. Á stofu og holi er parket. Á eldhúsgólfi og herb. er dúkur. Sameign var máluð sl. vetur. Húsið er allt Steniklætt að utan. Góð íbúð m/möguleika á útleigu. **Verð 16,8 millj.**

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

Vinsæll kanslari í loftslagsbaráttu

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, nýtir velgengni sína heima og heiman til að berjast fyrir nýjum alþjóðaskuldbindingum gegn loftslagsbreytingum. Enginn kanslari hefur mælst með meiri stuðning kjósenda frá því mælingar hófust.

ÞÝSKALAND, AP Er Angela Merkel, kanslari Þýskalands, heldur í opinbera heimsókn til Austur-Asíu nú um helgina gæti staða hennar heima fyrir varla verið betri. Hún nýtur meiri vinsælda meðal þýskra kjósenda en nokkur annar kanslari frá því farið var að mæla þær, og ríkisfjármálin eru nú í fyrsta sinn komin í plús frá sameiningu landsins árið 1990.

Í gær lauk tveggja daga samráðsfundi stjórnarflokkanna, kristilegra demókrata og jafnaðarmanna, og fyrsti kvenleiðtogi Þýskalands virtist á góðri leið með að fylgja eftir þeim málefnum sem hafa hjálpað henni að afla sér þeirra vinsælda sem hún nú nýtur bæði heima og heiman.

Það sem vegur þar einna þyngst er baráttan gegn hnattrænum loftslagsbreytingum, sem hún hefur verið í forystu fyrir ekki síst í nafni þýsku formennskunnar í G8-hópi mestu iðnvelda heims og í Evrópusambandinu á fyrri helmingi þessa árs.

Loftslagsmálin verða einnig ofarlega á baugi á fundum kanslarans með kínverskum ráðamönnum nú um og eftir helgina, og í Kyoto í Japan mun hún síðar í vikunni halda ræðu í tilefni af því að rétt tíu ár eru frá því Kyoto-bókunin við loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna var gerð. Loftslagsráðstefnu SÞ í Kyoto sótti Merkel á sínum tíma sem umhverfisráðherra Þýskalands. Merkel berst fyrir því að þjóðir heims komi sér saman um nýjan bindandi sáttmála um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir að Kyoto-sáttmálanum sleppir árið 2012.

Á TOPPNUM Merkel ávarpar blaðamenn í gær eftir tveggja daga ráðstefnu stjórnarflokkanna í Meseberg. Franz Müntefering varakanslari hlýðir á. NORDICPHOTOS/AFP

Í nýlegri könnun Emnid-stofnunarinnar mældist ánægja þýskra kjósenda með frammistöðu Merkel í embætti 76 prósent, en engin fordæmi eru fyrir svo miklum stuðningi við sitjandi kanslara þegar fram á mitt kjörtímabil er komið.

Ásamatímaerefnahagsástandið í Þýskalandi sífellt að batna. Eftir margra ára basl við að halda fjárlagahallanum innan við þrjú prósentustig, eins og kveðið er á um í stöðugleikasáttmála evrópska myntbandalagsins, var 1,2 milljarða evra afgangur af ríkisrekstrinum í þessu stærsta þjóðhagkerfi Evrópu á fyrri helmingi þessa árs, samkvæmt upplýsingum þýsku hagstofunnar.

audunn@frettabladid.is

Nágrannar konu við Vestmannabraut léttu henni lífið og máluðu húsið hennar:

Náungakærleikur í Eyjum

FÓLK Góðir nágrannar geta komið sér vel, eins og Jóhanna María Finnbogadóttir sem býr á Vestmannabraut í Vestmannaeyjum komst að.

Jóhanna, sem er komin af léttasta skeiði, byrjaði að mála húsið sitt í gærmorgun en það er þriggja hæða og verkið því ekki auðvelt.

Nágrannar hennar, sem eru meðal annars lögfræðingur, lögreglumaður, fréttamaður, skipstjóri, lundakarl, starfsmaður heilsugæslu og bjargveiðimaður, komu henni til aðstoðar og máluðu húsið, Jóhönnu til mikillar ánægju. **- eö**

MARGAR HENDUR VINNA LÉTT VERK Nágrannar Jóhönnu Maríu Finnbogadóttur í Vestmannaeyjum tóku sig til og hjálpuðu henni að mála húsið.



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

HVAÐ LANGAR ÞIG AÐ LÆRA?

Í krefjandi vinnuumhverfi er nauðsynlegt að búa yfir afburða færni og fjölbreyttri þekkingu. Markmið starfsnáms okkar er að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann til verka og sjálfstæðra vinnubragða.

STARFSNÁM OG NÁMSBRAUTIR

Hnitmiðuð námskeið sem leggja áherslu á að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum. Nám sem eykur möguleika þína á vinnumarkaðnum.

Skrifstofu- og tölvunám
258 stundir - Verð: 233.000.-
2 morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

Fjármál og rekstur
132 stundir - Verð: 154.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. september

Sölu- og markaðsnám
264 stundir - Verð: 233.000.-
Morgunnámskeið byrjar 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

Skrifstofunám & hönnun
414 stundir - Verð: 389.000.-
2 morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

Sölunám & hönnun
420 stundir - Verð: 389.000.-
Morgunnámskeið byrjar 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

Skrifstofu- og rekstrarnám
462 stundir - Verð: 449.000.-
2 morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám
396 stundir - Verð: 366.000.-
Morgunnámskeið byrjar 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. september

BÓKHALDSNÁM & NAVISION

Í bókhaldsnámi NTV er lögð rík áhersla á að kenna grunnhugtök og vinnubrögð við bókhald. Einnig er kennt á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

Grunnnám í bókhaldi
108 stundir - Verð: 105.000.-
Morgunnámskeið byrjar 10. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 10. september

Navision viðbótarnám
24 stundir - Verð: 31.000.- pr. námskeið
Launabókhald, sala og viðskiptamenn,
fjárhagsbókhald frh. og birgða og tollakerfi.

MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á margmiðlun og grafík og vilja starfa á því sviði.

Auglýsingatækni
156 stundir - Verð: 186.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 17. september

Photoshop Expert
72 stundir - Verð: 106.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 7. nóvember

Photoshop grunnnám
30 stundir - Verð: 31.000.-
Morgunnámskeið byrjar 10. september
Kvöldnámskeið byrjar 5. september

Alvöru Vefsíðugerð
210 stundir - Verð: 199.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 18. september

Myndbandavinnsla – Adobe Premiere
36 stundir - Verð: 39.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 18. september

SÉRHÆFT NÁM & FORRITUN

NTV hefur frá stofnun skólans 1996 lagt mikla áherslu á sérhæft nám byggt á alþjóðlegum grunni. Markmið okkar er að bjóða sérhæft nám sem hentar vinnumarkaðnum sem best.

Tölvuviðgerðir
72 stundir - Verð: 105.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 24. september

MCP XP netstjórnun
108 stundir - Verð: 139.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 10. september

MCSA 2003 netstjórnun
150 stundir - Verð: 299.000.-
Helgarnámskeið byrjar 8. september

Kerfisstjórinn
180 stundir - Verð: 233.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 24. september

Forritun og kerfisfræði
240 stundir - Verð: 286.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 11. september

MCDST DIPLOMANÁM
108 stundir - Verð: 139.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. október

ALMENNT TÖLVUNÁM

Tölvunám - fyrstu skrefin
30 stundir - Verð: 32.000.-
Morgunnámskeið byrjar 25. september
Kvöldnámskeið byrjar 24. september

ECDL-tölvunám
78 stundir - Verð: 69.000.-
Morgunnámskeið byrjar 11. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 24. september

INNRITUN FYRIR HAUSTÖNN 2007 STENDUR YFIR!

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

ntv

skoðun

greinar@frettabladid.is

Gamaldags forsjárhyggja og stjórnlyndi einkennir borgarstjórn.

Þörfin til að þvælast í ruslinu

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Eftir rúmt ár við stjórnvölinn á að vera komin nokkuð skýr mynd á hvert stefnir í stjórn Reykjavíkurborgar. Margt hefur verið þar ágætlega unnið svo sem verið hefur síðustu áratugi. Hitt hefur komið á óvart hvaða grunnpólitísku áherslur hafa orðið ofan á í stjórn sjálfstæðis- og framsóknarmanna í borginni.

Fyrir utan borgarstjóra sjálfan er forystusveitin í borginni skipuð tiltölulega ungu fólki sem hefur í gegnum tíðina kennt sig við frjálslynd viðhorf og jafnvel harða frjálshyggju. Það er því afar merkilegt að sjá hvernig ára borgarstjórnar hefur smátt og smátt verið að mótast fyrst og fremst af gamaldags íhaldssömu stjórnlyndi, sem er í hrópandi mótsögn við þau viðhorf sem einkenna frjálslynt miðju- og hægrifólk.

Ef horft er til stjórnsýslunnar sjálfrar virðist sem horfið hafi verið frá þeirri þróun sem Reykjavíkurlistinn setti af stað að færa borgina frá gamla embættismannakerfinu til sveigjanlegra kerfis með minni áherslu á formlegan virðuleika, en meiri á skilvirkni og lýðræðisvinnubrögð. Faglegt ráðningarferli var liður í þessari vinnu og skilaði borginni metnaðarfullum ungum embættismönnum sem einn af öðrum hafa að undanförnu horfið til annarra starfa.

Eitt af því sem verið hefur á undanhaldi er hvers kyns opinber starfsemi í samkeppni við einkarekstur. Breið pólitísk samstaða hefur á undanförnum árum myndast um að ríkið eigi að draga sig úr samkeppni við einkaaðila. Um þetta eru allir flokkar sammála, nema Vinstri grænir sem eru fylgjandi miðstýrðu hagkerfi. Þetta er í það minnsta afstaðan í orði.

Á borði blasir annað við. Furðuleg áhersla á að halda fiskvinnslu í Örfirisey. Áframhaldandi grimm samkeppni Orkuveitunnar við einkaaðila, miðstýrð verðmyndun á byggingarlóðum og svo mætti lengi telja. Allt vitnisburður um fremur sósíalíska hugsun, sem ekki væri hægt að kvarta undan ef flokkar meirihlutans gæfu sig út fyrir þá hugmyndafræði.

Nýjasta útspil borgarstjóra, eftir aftengingu ísskápsins í Austurstræti, er að bjóða borgarbúum upp á tunnu undir dagblöð. Það er auðvitað virðingarvert í sjálfu sér að auðvelda borgarbúum að losna við sorp og úrgang. Vandinn er bara sá að þessi þjónusta er þegar í boði frá einkafyrirtæki. Umhverfisvitund og flokkun sorps er eitt þeirra verkefna sem yfirvöld eiga tvímælalaust að stuðla að. Það er tæpast best gert með því að hrekja út af markaðnum einkafyrirtæki sem tók frumkvæði í að spara borgarbúum sporin við að losna við endurvinnanlegt rusl.

Í ljósi stjórnlyndis og miðstýringaráráttu borgarstjórnar á stuttum valdatíma er ekki nema von að margir spyrji hvað hafi orðið af sjónarmiðum þess unga og frjálslynda fólks sem kjósendur í Reykjavík héldu að þeir væru að kjósa til valda í síðustu sveitarstjórnarkosningum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRAMNESVEGUR
VESTURBÆR – RVK.

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir
löggiltur fasteignasali.

Mjög skemmtileg og góð íbúð í mikið endurn. húsi alls 122,6 fm. 5 herb. íbúð á þessum vinsæla stað við Framnesveg. Möguleiki á 4 svefnh. Húsið er staðsett vestan við Hringbraut, alveg við Lágholtsveg. Mjög eftirsóknaverð staðsetning. Verð 28,8 millj.

Nánari uppl. gefur Ingvar Ragnarsson lögg. fast. 8227300.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ruddalegir bankar

Fréttastofa Ríkisútvarpsins dró ekki dul á afstöðu sína til viðskiptabankanna í hádegisfréttum á fimmtudag. Fjallað var um vexti húsnæðislána og sagt að bankarnir hefðu ruðst með látum inn á húsnæðislánamarkaðinn fyrir þremur árum. Ekki telst til góðra siða að ryðjast, hvað þá með látum, og eru það helst ruddar sem það gera. Sjálfir líta bankamennirnir auðvitað ekki á sig sem rudda; telja sig aðeins vera að auka þjónustuna við viðskiptavini. En hvort sem litið er á húsnæðislán bankanna sem ruddamennsku eða aukna þjónustu er það staðreynd að vextirnir hafa snarhækkað á þessum þremur árum og fasteignaverð sömuleiðis.

Ódýrt?

ÓB stendur fyrir ódýrt bensín og auglýsir fyrirtækið ódýrt bensín á stöðvum sínum. Sé sextíu lítra tankur fylltur af bensíni hjá einu af stóru olíufélögunum kostar það rúmar 7.500 krónur. Sé skipt við ÓB og notast við tryggðarkerfið Frelsi, kostar rúmar 7.200 krónur að fylla tankinn. Munurinn er því um 300 krónur. Er það nóg til að geta kallast ódýrt?

Blasir við

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra svipast nú um eftir nýju húsnæði undir ráðuneyti sitt, sem enn er inni á gafli iðnaðarráðuneytisins í Arnarhvoli. Í auglýsingu eftir leiguhúsnæði er gerð krafa um góða staðsetningu í Reykjavík, iðnaðarhverfi komi ekki til greina né aðrir staðir þar sem hávaðasöm starfsemi er fyrir. Í ljósi þess að meginverksvið ráðuneytisins eru viðskipti hlýtur að liggja beinast við að það flytji í Borgartúnið, þar sem nokkrar af helstu fjármálastofnunum landsins hafa komið sér fyrir.

bjorn@frettabladid.is

Ríkið og sveitarfélögin

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Í DAG | Málefni sveitarfélaga

Hinn mjúkorði stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar er rýr í roði um málefni sveitarfélaganna. Nefnt er á einum stað að tekju- og verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð með það að markmiði að efla sveitarstjórnarstigið. Frumlegt það.

Athygli vekur að í umræðum undanfarinna vikna hafa stjórnarsinnar talað algjörlega út og suður um það, með hvaða hætti – og jafnvel hvort – þörf sé á að bæta stöðu sveitarfélaganna. Skoðanirnar virðast enn sem komið er jafn margar innan stjórnarflokkanna og nemur fjölda þeirra sem hafa tjáð sig um málið. Þetta viðfangsefni ætti ekki að koma neinum í opna skjöldu, jafn mikið og rætt hefur verið og ritað, a.m.k. af hálfu undirritaðs og hans flokkssystkina, um þörfina á að styrkja fjárhag sveitarfélaganna. Sveitarfélögin hafa sl. 15 ár eða svo nær undantekningarlaust verið gerð upp með halla og safnað skuldum á sama tíma og ríkissjóður hefur greitt niður skuldir, enda notið mikilla tekna af þenslu og viðskiptahalla og selt verðmætar eignir.

Staða sveitarstjórnarstigsins er allt önnur og lakari en staða ríkisins og aukin verkefni hafa hlaðist á sveitarfélögin undanfarin ár án þess að tekjur hafi fylgt með. Því verður erfiðara með hverju árinu sem líður fyrir sveitarfélögin að sinna sínum lögbundnu skyldum og verkefnum. Afkoma sveitarfélaganna er vissulega mjög mismunandi og til eru þau sem komast prýðilega af, en að meðaltali er hún óviðunandi og tugir verst settu sveitarfélaganna eru meira og minna komnir í þrot. Almennt eiga sveitarfélög á landsbyggðinni í miklum erfiðleikum sem aftur er stór undirliggjandi orsakavaldur byggðaröskunar að mati okkar í VG.

Hlutdeild í fjármagnstekjuskatti

Það sætir furðu að ný ríkisstjórn skuli, eins og berlega hefur komið á daginn, ekki hafa neina mótaða stefnu um það, hvort og þá með hvaða hætti skuli komið til móts við óviðunandi fjárhagsstöðu sveitarfélaganna vegna núverandi verkefna. Sveitarfélögin hafa bent á þann nærtæka kost, að þau fái hlutdeild í fjármagnstekjuskatti. Ljóst er að þeim einstaklingum fer fjölgandi sem taka allar sínar tekjur inn á því formi, borga hvorki tekjuskatt né útsvar og eru þ.a.l. hreinir þiggjendur þjónustu í sínum sveitarfélögum án þess að leggja af mörkum. Gegn hugmyndum um hlutdeild sveitarfélaga í fjármagnstekjuskatti hefur fjármálaráðherra snúist og í vikunni bættist honum liðsauki í þeim efnum frá félagsmála- og viðskiptaráðherrum úr Samfylkingu.

Viðbárurnar eru – sem undirritaður leyfir sér að telja harla barnalegar – að fjármagnstekjuskattur sé ekki heppilegur tekjustofn fyrir sveitarfélögin vegna þess að honum yrði misskipt milli þeirra. Nema hvað? Blasir ekki við að einfaldast væri að hlutdeild sveitarfélaganna í heildartekjum af fjármagnstekjuskatti, t.d. fjórðungur, rynni til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og gengi þar til tekju- og aðstöðujöfnunar á milli sveitarfélaganna í landinu? Það liggur hvort sem er fyrir að auknum tekjum til sveitarfélaganna verður að skila í verulegum mæli í gegnum jöfnunarkerfi þeirra til þess að þær komist þangað sem þörfin kallar.

Sjálfsagt réttlætismál er að gera samtímis það sem undirritaður hefur lagt til og flutt um frumvarp á Alþingi. Sem sagt, að þeim sem telja engar launatekjur fram, en hafa fjármagnstekjur svo nemur milljónatugum eða meira, sé gert að reikna sér endurgjald eins og um sjálfstætt starfandi atvinnurekendur væri að ræða. Með því móti koma a.m.k. tekjur til sveitarfélaganna sem nemur útsvarshluta hins reiknaða endurgjalds. Þar fyrir utan er svo fullkomlega skiljanleg og réttlætanleg sú krafa sveitarfélaganna að þau fái einhverja hlutdeild í þeim vaxandi skattstofni sem fjármagnstekjurnar eru á tímum stóraukins ríkidæmis nýrrar auðstéttar, þ.e.a.s. að því marki sem þotuliðið borgar enn skatta sína hér á landi.

Fyrst þarf auknar tekjur

Örugglega vill félagsmálaráðherra sveitarfélögunum vel. Þreytuleg var samt tuggan sem hún fór með í Kastljóssþætti Sjónvarpsins nú sl. þriðjudag, að ekki þyddi að horfa á einstaka tekjustofna eða einstaka liði aðgerða í því skyni að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélaganna heldur á málið í heild sinni og taka með spurninguna um tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga o.s.frv. o.s.frv. Ég segi þvert á móti: Áður en menn svo mikið sem ræða frekari tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga verður að koma fjárhag þeirra í lag í ljósi þeirra verkefna og með hliðsjón af þeim skyldum sem þau hafa þegar með höndum. Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur metið það svo, að færa þurfi sveitarfélögunum tekjur upp á 3,5-5 milljarða króna gegn um jöfnunarkerfi þeirra, eingöngu vegna núverandi verkefna. Þá fyrst, að því gerðu, er hægt að ræða framhaldið.

Höfundur er formaður Vinstri grænna.

Frítt í strætó – fyrir suma

UMRÆÐAN

Samgöngumál

MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

Bóknámi hefur löngum verið gert mun hærra undir höfði en verk- og listnámi hér á landi. Þrátt fyrir hástemmd loforð ráðamanna um að því verði að breyta, virðist sú þróun afar hægfara og neikvætt viðhorf í garð listgreina skýtur enn upp kollinum.

F-listinn í borgarstjórn hefur ítrekað lagt það til á liðnum árum að gert verði verulegt átak í almenningssamgöngum með því að börn, unglingar að 18 ára aldri, aldraðir og öryrkjar fengju frítt í strætó í hálft ár. Ef það leiddi til þess að þessir hópar notuðu strætó meira, sem yrði örugglega raunin, ætti að fella fargjöldin niður til frambúðar. Það drægi úr einkabílanotkun og mengun af þeirra völdum og kostnaði vegna viðhalds gatna í borginni. Einnig myndi það vafalaust fækka slysum verulega.

Því var það mjög ánægjulegt þegar borgarstjórn lýsti því yfir í sumar að hafin væri framleiðsla á kortum sem gerðu nemum í viðurkenndu framhalds- og/eða háskólanámi á höfuðborgarsvæðinu kleift að nota strætisvagna sér að kostnaðarlausu. Og rökin voru nákvæmlega þau sömu og við höfum beitt í okkar málflutningi.

En þegar kom að útfærslu þessarar annars ágætu hugmyndar, lýsti Gísli Marteinn Baldursson, formaður Umhverfisráðs Reykjavíkur, því yfir að einungis þeir nemar sem skráðir væru í menntaskóla eða háskóla samkvæmt lista frá menntamálaráðherra fengju frítt í strætó.

Það getur ekki verið að Reykjavíkurborg ætli sér að undanskilja alla þá nemendur frá fríum strætó, sem stunda listnám í framhaldsskólum, bara af því að þeir eru ekki skráðir á lista menntamálaráðherra sem menntaskólanemar.

Undirrituð beinir þeim tilmælum eindregið til borgaryfirvalda að allir listnámsnemar á menntaskólaaldri og aðrir nemar á framhaldsstigi listnáms fái einnig frítt í strætó. Annað hlýtur að vera brot á jafnræðisreglu, eða hvað?

Höfundur er borgarfulltrúi F-lista.

1.199 kr/kg, áður 1.998 kr/kg
Borgarness víkinga-lambalæri m/karrý og kókos

916 kr/kg, áður 1.527 kr/kg
Borgarness grísakótilettur

Goða lifrarpylsa, soðin, **369** kr/kg, áður 738 kr/kg
Goða blóðmör, soðinn, **299** kr/kg, áður 599 kr/kg

349 kr/pk, áður 499 kr/pk
Frechetta Italiano, 2 stk í pakka

274 kr/kg, áður 609 kr/kg
Ísfugls kjúklingalæri m/legg

Casa Fiesta dagar

Hönnun: H:N markaðssamskipti / SÍA Umbrot: Vikurfréttir

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 23.–26. ágúst eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

LEIKARINN MACAULAY CULKIN FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1980.

„Vegna þess sem ég gerði þegar ég var tíu ára þarf ég ekki að hafa áhyggjur af launum og get tekið að mér verkefni vegna þess að ég vil það.“

Macaulay Culkin, sem er 27 ára í dag, varð heimsfræg barnastjarna eftir að hann lék í Home Alone-myndunum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 26. ÁGÚST 1991

Íslendingar sýna mikið frumkvæði

Á þessum degi árið 1991 tók Ísland upp formlegt stjórnmálasamband við Eistland, Lettland og Litháen, fyrst allra ríkja, en Jón Baldvin Hannibalsson, utanríkisráðherra Íslands á þessum tíma, hafði verið sá vestræni stjórnmálamaður sem studdi sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltslandanna hvað dyggast þegar þau börðust fyrir aðskilnaði frá Sovétríkjunum.

Eistland, Lettland og Litháen urðu fyrst sjálfstæð ríki árið 1918 en voru með valdbeitingu innlimuð í Sovétríkin árið 1940 í kjölfar griðasáttmála Stalíns og Hitlers. Árið 1990 lýstu þau yfir sjálfstæði á ný og voru íslensk stjórnvöld fyrst til þess að senda þeim heillaóskir

UTANRÍKISRÁÐHERRAR Janis Jurkans frá Lettlandi, Lennart Meri frá Eistlandi, Algirdas Saudargas frá Litháen og Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra Íslands.

auk þess sem utanríkisráðherra hét því að Íslendingar myndu berjast fyrir því meðal annarra þjóða að löndin fengju að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi sem sjálfstæð ríki. Viðurkenning annarra ríkja á sjálfstæði Eystrasaltslandanna var þeim á þessum tíma mjög mikilvæg, bæði út á við í viðræðum þeirra við Sovétríkin og aðrar þjóðir og eins inn á við til að styrkja stjórnmálalega samstöðu um sjálfstæðisyfirlýsingarnar.

Íbúar þessara ríkja minnast frumkvæðis Íslendinga með hlýhug enn í dag. Í höfuðborg Eistlands, Tallinn, er til dæmis torg sem heitir Íslandstorg og við það stendur utanríkisráðuneyti landsins.

MERKISATBURÐIR

1894 Gala Dalí, eiginkona súrrealistans Salvadors Dalí og helsti áhrifavaldur hans, fæðist.

1896 Fjöldi bæja í Rangárvallasýslu hrynur til grunna þegar Suðurlandsskjálfti hinn fyrri ríður yfir. Sá síðari varð 5. september.

1929 Fimm sauðnautskálfar koma með vélbátnum Gottu til Reykjavíkur frá Grænlandi. Sauðnautin voru fyrst geymd á Austurvelli og fóru síðan í Gunnarsholt en þau lifðu ekki hér á landi.

1962 Vilhjálmur Stefánsson pólfari andast.

1979 Snorrahátíð er haldin í Reykholti til þess að minnast átta alda afmælis Snorra Sturlusonar.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásta Ólsen

áður til heimilis að Hamarstíg 6,

andaðist föstudaginn 17. ágúst á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri. Jarðsungið verður mánudaginn 27. ágúst frá Akureyrarkirkju kl. 13.30.

Jakob V. Kárason **Herborg Herbjörnsdóttir**
Guðrún J. Káradóttir
Jóhannes Kárason **Sólveig B. Guðmundsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Jónasar Jónssonar

frá Ystafelli.

Sigurveig Erlingsdóttir
Sigrún Jónasdóttir **Björn Erling Johannessen**
Helga Jónasdóttir **Tómas Þór Tómasson**
Jón Erlingur Jónasson **Védís Jónsdóttir**
Úlfhildur Jónasdóttir **Þorsteinn S. Karlsson**
og barnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingunn S. Jónsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum mánudaginn 20. ágúst. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, þriðjudaginn 28. ágúst kl. 15.00.

Jóna Gróa Sigurðardóttir **Guðmundur Jónsson**
Mattína Sigurðardóttir **Sigurjón Kristjánsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Nikolína Jónsdóttir

sem lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sunnudaginn 19. ágúst, verður jarðsungin frá Langholtskirkju miðvikudaginn 29. ágúst kl. 15.00.

Jón Gunnar Sigurjónsson **Kristbjörg Jónsdóttir**
Sigríður Sigurjónsdóttir **Heimir Bessason**
Sigurjón Sigurjónsson **Kristín Ragnarsdóttir**
Magnús Sigurjónsson **Margrét Þórólfsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

NÍNA SÆMUNDSSON: 115 ÁR FRÁ FÆÐINGU LISTAKONUNNAR

Kærleiksverkanna minnst

Í dag klukkan 14.00 verður haldin messa í Hlíðarendakirkju í Fljótshlíð þar sem þess er minnst að 115 ár eru liðin frá fæðingu listakonunnar Nínu Sæmundsson. „Nína fæddist í Nikulásarhúsum sem er nánast á Hlíðarendatorfunni þar sem kirkjan er en þar var árið 2000 vígður afar fallegur lundur sem er kenndur við hana og heitir Nínulundur,“ segir séra Önundur Björnsson sem predikar.

Ríkey Ríkharðsdóttir frænka Nínu stóð að sögn Önundar fyrir því að lundurinn var vígður og hefur haldið á lofti minningu listakonunnar. „Hún hefur staðið afskaplega vel að þessu og hefur virkjað fólk með sér en það var einmitt hún sem óskaði eftir því við mig að hérna yrði messa í tilefni af þessum 115 árum frá fæðingu Nínu. Þar mun Ríkey lesa ritningarlestur og ég mun minnast Nínu í ræðu, bæði örstutt sögulega og eins að minnast á kærleiksverkin hennar eins og Móðurást, Sofandi dreng og Unga móður, en afsteypa af því verki er einmitt í Nínulundi. Verkin hennar voru afskaplega grípandi og falleg verk og til dæmis fátt fallegra sem manni dettur í hug en Móðurást,“ segir séra Önundur.

Í gær var opnuð sýning á verkum Nínu í Sögusetrinu á Hvolsvelli og tilvalið fyrir þá sem ætla í messuna að líta einnig þangað inn. **emilia@frettabladid.is**

SÉRA ÖNUNDUR BJÖRNSON Minnist Nínu í predikun sinni.

NÍNA SÆMUNDSSON Gerði fjölda fallegra verka sem gaman getur verið að skoða.



†

Okkar ástkæri,

Þorgrímur Einarsson

offsetprentari,

sem andaðist þriðjudaginn 21. ágúst á Elliheimilinu Grund, verður jarðsettur frá Fossvogskirkju þann 30. ágúst kl. 15.00.

Börn, tengdabörn, barnabörn og bróðir.

†

Innilegar þakkir fá allir þeir sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móðir minnar, ömmu okkar og langömmu,

Ingu S. Jónsdóttur

Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, áður til heimilis að Miklubraut 84.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunardeildar A2 á Grund fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

Sjöfn Jóhannesdóttir
Inga og Íris Reynisdætur
Jóhannes Reynisson **Marýna Lytvyn**
Malena og Elísa Þórisdætur

Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Legsteinar og fylgihlutir

• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

FL GROUP KYNNIR GARÐAR THÓR CORTES Á STÓRTÓNLEIKUM

FL GROUP

"The voice of Pavarotti" NEWSWEEK

"Sensational" BBC RADIO 2

"The spirit of Pavarotti lives" EVENING TIMES

"Hot property" CLASSIC FM MAGAZINE

"Young Pavarotti" DAILY POST

"Breathtaking" CLASSIC FMTV

"..I told you he was good"

KATHERINE JENKINS



GARÐAR THÓR CORTES Í LONDON

THE BARBICAN CENTRE

MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 26.SEPTEMBER

SÉRSTAKUR GESTUR: DIDDÚ

STJÓRNANDI: GARÐAR CORTES

ICELAND EXPRESS BÝÐUR ÍSLENDINGUM

EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ SJÁ GARÐAR THÓR Á STÓRTÓNLEIKUM Í LONDON

BÓKAÐU MIÐA STRAX Á EXPRESSFERDIR.IS

METSÖLUPLATAN CORTES ER FÁANLEG Í ÖLLUM PLÖTUVERSLUNUM

believer music group

TONVIS

Iceland Express

ÓLAFUR HAUKUR SÍMONARSON „Þetta snýst allt um heilsuna. Ef maður er við góða heilsu þá er ekki nema gott að lifa.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Þegar ég var að alast upp var gamla Gufan nokkurs konar alþýðuháskóli, samsetningin var svo merkileg. Það var leikin klassísk músík, framhaldssögur, þjóðfræði og yfirleitt erindi um allan fjárann. Og ég hlustaði á þetta allt.

Klóra í bakkann eins lengi og ég get

Gamla góðan Gufan var einn stærsti áhrifavaldurinn í lífi Ólafs Hauks Símonarsonar rithöfundar, sem stendur nú á sextugu. Í samtali við Bergstein Sigurðsson lítur Ólafur yfir farinn veg og rifjar upp hvers vegna hann lagði fyrir sig skriftir í stað þess að sækja sjóinn.

Ólafur Haukur varð sextugur á föstudag. Þegar blaðamann bar að garði á heimili hans í Þingholtunum degi fyrr átti afmælisbarnið ekki von á mikilli breytingu. „Ég veit það svo sem ekki fyrr en á morgun,“ segir hann og hlær. „En hingað til hefur það ekki verið raunin. Þetta snýst allt um heilsuna. Ef maður er við góða heilsu þá er ekki nema gott að lifa.“

Þegar Ólafur Haukur lítur yfir farinn veg segir hann það helst standa upp úr að hann hefur verið lánsamur í lífinu. „Bæði með mín prívatmál og í starfi. Ég er í hópi fólks sem lét slag standa með að gerast atvinnurithöfundar á Íslandi. Í mínu tilfelli gerðist það samhliða því að leikhúsmenning efldist mjög; leikhópar komu til sögunnar upp úr 1970 og atvinnuleikhúsin urðu miklu öflugri. Það varð eftirspurn eftir íslenskum leikritum, sem varð þess valdandi að ég hef haldist við í þessari grein. Þróun okkar samfélags hefur verið þannig að atvinnumennska í listum hefur náð að dafna svolítið og ég hef notið góðs af því.“

Af sjónum í arkitektúr

Ólafur á ættir að rekja til skipstjóra og útgerðarmanna og var sjálfur til sjós um tíma, áður en hann gekk menntaveginn. „Það hefði ef til vill legið beinast við að halda sig við sjóinn. Ég kunni vel við mig þar en það vildi svo til að ég var alltaf sjóveikur. Pabbi var á sjó í fimmtíu ár og alltaf sjóveikur og afi minn líka. Mér þótti ástæðulaust að framlengja það ástand.“

Fyrir Ólaf Hauk var næsti bær við einhvers konar listræn starfsemi. Frá unga aldri hafði hann teiknað og málað og munaði litlu að hann legði fyrir sig myndlistina. „Ég var eins og hver annar unglingur að þreifa fyrir mér. Mér datt í hug að fara til Danmerkur og læra innanhúsarkitektúr og hélst við í því í einhver ár. Síðan lenti ég í slagtogi með fólki sem var að fást við bókmenntir, leikhús og listir. Þetta er bara eins og lífið spilast; maður lendir alltaf einhvers staðar.“

Róttæknin lá í loftinu

Það var ekki síður þörfin til að láta rödd sína heyrast sem knúði Ólaf Hauk í að leggja fyrir sig skriftir. „Evrópskt samfélag var allt öðruvísi 1960-70, allt miklu pólitískara en það er í dag. Það var þörf á miklum breytingum þótt menn væru kannski ekki vissir um hvernig ætti að koma þeim til leiðar. Pólitísk róttækni lá í loftinu og maður smitaðist af ýmsum hugmyndum sem voru uppi, til allrar hamingju, annars hefði maður verið steindauður. Hér heima og erlendis tók ungt fólk þátt í því að lofta út. Það var mikill órói og spenna. En mönnum kom að lokum saman um að semja einhvers konar félagsfrið og vinna saman frekar en að standa í átökum. Ungt fólk í dag virðist ekki gera sér grein fyrir því í dag að það lifir í evrópsku samfélagi sem er nýtt. Sumir virðast halda að það hafi alltaf verið leyfilegt að setja sig niður hvar sem er í Evrópu, flytja peninga á milli landa, stofna fyrirtæki, stunda nám og sækja um vinnu hvar sem er, og svo framvegis. Þetta eru mikil lífsgæði sem við höfum fengið, þótt þau vitanlega kosti sitt eins og öll lífsgæði. En við höfum nú frelsi til að athafna okkur og vera til. Það er nýtt í sögunni og kom ekki sjálfkrafa, menn þurftu að berjast fyrir því.“

Ættum að leggjast í námssukk

Ólafur Haukur tók þátt í þessari baráttu í gegnum skáldskap og textasmíðar. Í verkum hans hefur iðulega mátt greina pólitískan og samfélagslegan brodd, jafnvel nokkrum áratugum síðar þegar samfélagið hefur tekið miklum stakkaskiptum. Hann játar enda að sér hugnist ekki allt sem hefur breyst. „Nei, það er heldur engin ástæða til þess að vera ánægður með allt. Þegar einhver ávinningur verður tapast alltaf eitthvað annað á móti. Félagsleg samheldni hefur til dæmis minnkað og ég sakna hennar að vissu leyti. Peningamælikvarðinn er orðinn nánast algildur á allt sem við gerum og peningahjalið orðið næstum yfirþyrmandi.

En það er auðvitað margt sem ég er ánægður með, mér finnst okkur hafa farið fram á mörgum sviðum. Það hefur orðið til mikil þekking hér á landi og ég hef ekki nokkrar áhyggjur af þjóðinni þannig, hún getur unnið vel fyrir sér. Ég held að leiðin til að bæta lífskjör enn meira sé að fólk leggist bara í námssukk; að opna sem flesta háskóla, bæði sérhæfða og almenna.“

Að sjá lífið með augum barnsins

Á sama tíma og Ólafur Haukur var ungur og reiður róttæklingur fékk hann mikinn áhuga á barnamenningu sem hefur skilað sér í leikritum, bókum, lögum og söngtextum. „Tilviljun hugsa ég að hafi verið upphafið að því,“ segir hann.

„Þegar ég bjó í Kaupmannahöfn voru íslenskir námsmenn þar svolítið sér á parti vegna þess að þeir voru eiginlega eina námsfólkið í borginni sem átti börn; það þótti meira að segja nokkuð skrýtið. Það var því dágóður barnaskari í þessari Íslendinganýlendu í Kaupmannahöfn og við ákváðum því að setja upp barnaleikrit fyrir íslenska krakka í borginni. Mitt fyrsta leikrit var því barnaleikrit og hét Blái fíllinn. Þá vantaði sönglög og texta, sem ég samdi, og þannig hefur teygst á þessu hjá mér í gegnum árin og áratugina.

Öðrum þræði hef ég alltaf búið til barnaefni og mér finnst það mjög gott fyrir sjálfan mig að horfa á lífið frá sjónarhorni barnsins. Það er ekki hægt að plata þegar barnaefni er annars vegar. Annaðhvort lifir það eða deyr. Leikrit Thorbjorns Egner eru til dæmis klassík. Þau munu lifa með mannkyninu. Svo er það þetta dásamlega að sífellt koma ný börn, það er enginn hörgull á nýjum áhorfendum, sem er auðvitað kostur fyrir höfunda.“

Alþýðuháskólinn Gufan

Listáhugi Ólafs Hauks kviknaði snemma. Hann ólst upp í Vesturbæ Reykjavíkur, á „ósköp venjulegu, íslensku alþýðuheimili. Þar voru auðvitað til bækur þar eins og annars staðar, og ég las mjög mikið, en stóri áhrifavaldurinn í mínu lífi var útvarpið. Ég var algjör útvarpsfíkill, ég held ég hafi hlustað á það allar stundir sem ég kom því við. Þegar ég var að alast upp var gamla Gufan nokkurs konar alþýðuháskóli; samsetningin var svo merkileg. Það var leikin klassísk músík, leikrit af öllu tagi, framhaldssögur, þjóðsögur og þjóðfræði og yfirleitt erindi um allan fjárann. Og ég hlustaði á þetta allt.

Ég hef þakkað útvarpinu umburðarlyndi mitt gagnvart ýmsu sem mörgum þykir frekar leiðinlegt, til dæmis sígildri músík. Ég hlustaði á alla músík sem krakki án þess að gera mér grein fyrir að sumt væri talið þyngra eða leiðinlegra en annað. Auðvitað hlustaði ég líka á dægurlagaþættina, en það var enginn greinarmunur á þessu í kollinum á mér. Þetta var bara útvarpsefni og ég hlustaði á það allt.

Þetta er eitt af því sem hefur breyst og ég sakna svolítið gamla tímans að þessu leyti. Í dag er þjóðfélagið orðið miklu básaðra; tónlistarsmekkur er bundinn við einhverja grein af rappi, ákveðna tegund af rokki eða sígildri músík. Ég er miklu hrifnari af því að þetta sé allt látið vaða yfir fólk í einni bylgju.“

Hvergi nærri hættur

Sá sem gerir skáldskapinn að ævistarfi þarf að vera sískrifandi og Ólafur Haukur er því alltaf með nokkur járn í eldinum. „Ég skrifa alltaf eitthvað á hverjum degi. Auðvitað koma tímabil þar sem maður vinnur þéttari og lengri vinnudag, og önnur þar sem er minna að gera. Það vill líka gleymast að það er heilmikið stúss í kringum listastarfsemi, sérstaklega leikhúsið sem ég skrifa mest fyrir. Og ég hef notað mikinn tíma í félagsstörf fyrir listamannafélög.“

Ólafur Haukur hefur mikinn áhuga á myndlist og þegar hann vill hvíla sig á skriftunum grípur hann stundum í pensilinn. „Það er afskaplega gott að mála því það tekur fljótt af, kannski ekki nema nokkra tíma, ólíkt leikritunum þar sem maður er að í marga mánuði og verkið kannski ómögulegt þegar upp er staðið,“ segir hann og hlær.

Ólafur Haukur á að baki langan og farsælan feril og þótt hann sé kominn á virðulegan aldur bendir ekkert til að hann ætli að taka sér hlé frá skriftum í sjáanlegri framtíð. „Mér finnst ég vera í fullu fjöri og engin ástæða til að hætta því sem ég geri. Ég er ennþá að læra og ætla mér að klóra í bakkann eins lengi og ég get.“ ■

➜ HELSTU VERK ÓLAFS HAUKS SÍMONARSONAR

BÆKUR
- Vatn á myllu kölska. 1978.
- Vík milli vina, 1983.
- Líkið í Rauða bílnum, 1986.
- Gauragangur, 1988.
- Meiri gauragangur, 1991.
- Hattur og Fattur, 1999.

TÓNLIST
- Eniga meniga - Hljómplata með ljóðum og lögum Ólafs Hauks

LEIKRIT OG SÖNGLEIKIR
- Grettir, 1980 (sett upp aftur 2007).
  Bílaverkstæði Badda, 1987 (síðar kvikmyndað undir nafninu Ryð).
- Hafið, 1992 (síðar kvikmyndað undir sama nafni).
- Gauragangur, 1994.
- Þrek og tár, 1995.
- Meiri gauragangur, 1998.
- Hattur og Fattur og Sigga sjoppuræningi, 2004.
- Halldór í Hollywood, 2006

BETRA FORM

8-vikna námskeið fyrir konur

Hefst 3. september

Innifalið í námskeiðunum er eftirfarandi:

- Þjálfun 3x-5x í viku - frjáls aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Markviss leið að árangri með réttu mataræði. Fræðslufundur með næringarfræðingi á Grand hóteli
- Vikuleg vigtun. Ummáls- og fitu-mælingar í upphafi og við lok námskeiðs
- Leiðbeiningar um mataræði
- Þátttakendur halda matardagbók
- Markvisst fræðsluefni og mikið aðhald
- Lögmálin 9 um megrun - bókin sem opnar augu þín fyrir leiðinni að varanlegum árangri og hjálpar þér að viðhalda árangrinum eftir að námskeiðinu lýkur
- Sporthandklæði

Margs konar námskeið í boði á öllum tímum. Margar nýjungar.
Finndu út hvað hentar þér.

NÝTT!

Betra form – SEX

Frábær nýjung í Betra form námskeiðunum. Fjölbreytt ,skemmtileg og árangursrík.
6 mismunandi æfingakerfi í einu námskeiði:

ZUMBA/Body Jam
Árangur 1-2-3
Súper MRL
Tæbóbrennsla
5&5
Líkamsmótun

Spennandi námskeið með öllu því nýjasta í líkamsræktinni. Þér leiðist ekki eina sekúndu!

NÝTT!

Betra form – SEX – síðustu 5 kílóin

Hefurðu verið að glíma við þessi síðustu 5 kíló í langan tíma? Hefurðu e.t.v. bætt á þig nokkrum kílóum í sumar sem þú vilt losna við? Þá er þetta námskeið fyrir þig. Sérstök áhersla á að ná þessum síðustu 3-5 kílóum sem svo oft er erfitt að losna við.
Áhrifaríkar æfingar, mikið aðhald og ítarlegar leiðbeiningar um breytt fæðuval til árangurs.

Tekist á við helstu neysluvenjur sem hindra árangur s.s. kvöldnart, mikla sætindisneyslu freistingar í veislum og margt fleira.
Ráðgjöf við matarinnkaup, sérstaklega mikil fræðsla og eftirfylgni.

NÝTT!

Betra form - SÚPERFORM 16 vikna námskeið

Viltu taka á þínum málum á varanlegan hátt? Viltu léttast, styrkjast, auka andlega og líkamlega vellíðan, fyllast orku og efla almenna heilsu þína til muna?
Þú lærir nýjar neysluvenjur, hvernig á að takast á við sykurþörfina og hvernig á að komast í varanlega kjörþyngd.

Tekist á við helstu neysluvenjur sem hindra árangur s.s. kvöldnart, mikla sætindisneyslu freistingar í veislum og margt fleira.
Ráðgjöf við matarinnkaup, sérstaklega mikil fræðsla og eftirfylgni.

NÝTT!

Betra form - líkami og sál

Nýtt námskeið þar sem áhersla er lögð á vaxtarmótandi æfingar með jóga-ívafi.
Notaleg nýaldartónlist og kertaljós.
Styrktu líkamann og nærðu andann á þessu vandaða námskeiði. Leiðbeinandi er Jóhanna Jóhannsdóttir, íþrótta- og jógakennari.

Allar nánari upplýsingar á www.hreyfing.is eða í síma 414-4000.

Þú kemst í Betra form í Hreyfingu. Láttu skrá þig núna í síma 414-4000 eða með tölvupósti afgreidsla@hreyfing.is

HREYFING

Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is

LEITIN AÐ ÞÝSKU FERÐAMÖNNUNUM

ÞYRLAN REYNDIST VEL Tjöld Þjóðverjanna fundust við Svínafellsjökul á fimmtudag. Þyrla Landhelgisgæslunnar TF-Gná ferjaði í gær leitarmenn upp að tjaldbúðunum og fínkembdu þeir svæðið um kring. Með því að fljúga með leitarmenn upp á jökulinn spöruðust dýrmætar klukkustundir sem annars hefðu farið í göngu.

Týndir í ríki Vatnajökuls

Þjóðverjarnir tveir sem lögðu á Svínafellsjökul í byrjun mánaðarins hafa ekki fundist þrátt fyrir umfangsmikla leit. Reyndustu fjallamenn björgunarsveitanna hafa leitað á svæðinu undanfarna daga. Leitarsvæðið virðist ekki stórt sé það skoðað á landakorti en innan þess rúmast úfnir skriðjöklar, þverhníptir klettar, hyldjúpar sprungur og hæsti tindur landsins, Hvannadalshnúkur. *Vilhelm Gunnarsson*, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með björgunaraðgerðum og fangaði á mynd smæð leitarmannanna í ríki jökulsins.

SKUGGARNIR LENGJAST Svæðið er erfitt yfirferðar og leitin reynir mikið á björgunarsveitarmennina, sem hafa haldið til fjalla í birtingu og leitað til myrkurs.

LAGT Á JÖKULINN Björgunarsveitarmenn gengu upp Svínafellsjökul og leituðu ummerkja eftir Þjóðverjana. Svæðið er sprungið og ísinn háll á þessum árstíma.

TIL Í SLAGINN Reyndustu fjallamenn íslensku björgunarsveitanna voru kallaðir til vegna leitarinnar enda aðstæður einkar erfiðar. Sumir fóru margar ferðir upp á jökulinn.

LANDSINS MESTA ÚRVAL

Á FARTÖLVUM, HEIMILISTÖLVUM OG AUKABÚNAÐI. OPIÐ Í DAG Á MILLI 13 OG 17

ACER 5720G

Örgjörvi	1.5GHz Intel Core 2 Duo T5250 2MB flýtiminni, 667FSB
Minni	1GB DUAL DDR2 667MHz Corsair Corsair minni með lífstíðarábyrgð
Harður diskur	160GB WD SE 8MB - SATA SATA, 5400RPM og 8MB buffer
Skrifari	8xDVD±RW DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár	15,4" WXGA WideScreen skjár Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
Skjákort	128MB ATI Radeon HD2300 384MB HyperMemory
Hátalarar	Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Þráðlaust	54Mbps þráðlaust netkort Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá
Netkort	Gigabit 10/100/1000 Einnig innbyggt 56k mótald
Stýrikerfi	Windows Vista Home Premium Oruggara og öflugra
Annað	Aðeins 2.9Kg með rafhlöðu Rafhlöðuending allt að 3.5 tímar

ACER 5720G-1A1G16Mi
1.5GHZ INTEL CORE 2 DUO

INTEL CORE 2 DUO
Core 2 Duo tæknin sem er nýjasta þróun Intel skilar sér í allt að 40% meiri afköstum en áður hefur þekkst

15,4" CRYSTALBRITE
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

8XDVD± SKRIFARI
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

128MB ATI HD2300
Skjákort frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík

KORTALESARI
Acer 5720G kemur með 5 í 1 kortalesara fyrir öll helstu minniskort úr stafrænum myndavélum

WINDOWS VISTA
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

FRÁ 2.910 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

VERÐ 99.900

ACER 5633WLMi

1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 - 2MB flýtiminni
2GB Dual DDR2 minni • 120GB WD ATA100 5400RPM harðdiskur
DVD±/DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár
224MB Intel GMA950 PCI-Ex skjákort • 5 in 1 kortalesari
Þráðlaust a/b/g netkort • Windows Vista Home Premium

FRÁ 2.764 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 94.900

ACER 5920G

2.0GHz Intel Core 2 Duo T7300 - með 4MB flýtiminni
2GB Dual DDR2 minni • 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
DVD±/DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár
256MB DDR Geforce Go 8600 skjákort • 0.3MP vefmyndavél
Þráðlaust a/b/g/n netkort • Windows Vista Home Premium

FRÁ 3.929 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 134.900

ACER 7720G

2.0GHz Intel Core 2 Duo T7300 - með 4MB flýtiminni
2GB Dual DDR2 minni • 320GB WD SATA 5400RPM harðdiskur
DVD±/DL skrifari • 17" WXGA CrystalBrite skjár
256MB ATI Radeon HD2300 PCI-Ex skjákort • 5 in 1 kortalesari
Þráðlaust a/b/g netkort • Windows Vista Home Premium

FRÁ 4.075 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 119.900

ACER 5720G-10

1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi
2GB vinnsluminni • 160GB harðdiskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
256MB ATI Radeon HD2300 PCI-Ex skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Premium

FRÁ 3.201 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 109.900

ACER 5720-30

2.0GHz Intel Core 2 Duo T7300 örgjörvi
1GB vinnsluminni • 160GB harðdiskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
358MB Intel GMA965 PCI-Ex skjákort
Þráðlaust net • Windows XP PRO - SP2

FRÁ 3.346 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 114.900

ACER 5623WSMi

1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
1GB vinnsluminni • 120GB harðdiskur
DVD skrifari • 17" WXGA CrystalBrite
128MB DDR Geforce Go7300 skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Business

FRÁ 3.783 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 129.900

ACER 9302AWSMi

2.2Ghz AMD Turion64 MK-38 örgjörvi HT
1GB vinnsluminni • 80GB harðdiskur
DVD skrifari • 17" WXGA CrystalBrite
128MB DDR Geforce Go6100 skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Premium

FRÁ 2.327 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 79.900

ACER 7520G-30

1.8Ghz AMD X2 Mobile TL-56 örgjörvi
2GB vinnsluminni • 160GB harðdiskur
DVD skrifari • 17" WXGA CrystalBrite
256MB DDR Geforce 8400 skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Premium

FRÁ 2.910 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 99.900

ACER 7520G-40

1.9Ghz AMD X2 Mobile TL-58 örgjörvi
2GB vinnsluminni • 320GB harðdiskur
DVD skrifari • 17" WXGA CrystalBrite
256MB DDR Geforce 8400 skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Premium

FRÁ 3.201 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 109.900

ACER 6292

1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi
2GB vinnsluminni • 160GB harðdiskur
DVD skrifari • 12.1" WXGA CrystalBrite
256MB Intel GMA X3000 PCI-Ex skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Business

FRÁ 3.638 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 124.900

MSI S262

1.86GHz Intel Core Duo T2350 örgjörvi
2GB vinnsluminni • 120GB harðdiskur
DVD skrifari • 12.1" breiðtjaldsskjár
224MB Intel GMA950 PCI-Ex skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Premium

FRÁ 3.492 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 119.900

MSI PR200

2.0GHz Intel Core 2 Duo T7300 örgjörvi
2GB vinnsluminni • 160GB harðdiskur
DVD skrifari • 12.1" WXGA CrystalBrite
384MB Intel GMA X3100 PCI-Ex skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Business

FRÁ 4.657 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 159.900

ASUS F5R

1.66GHz Intel Core Duo T2080 örgjörvi
1GB vinnsluminni • 120GB harðdiskur
DVD skrifari • 15.4" breiðtjaldsskjár
128MB ATI Radeon X1100 PCI-Ex skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Premium

FRÁ 2.327 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 79.900

SONY VAIO FZ11E

1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi
1GB vinnsluminni • 120GB harðdiskur
DVD skrifari • 15.4" breiðtjaldsskjár
128MB DDR Geforce 8400 skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Premium

FRÁ 3.783 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 129.900

SONY VAIO AR41L

1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi
2GB vinnsluminni • 160GB harðdiskur
DVD skrifari • 17" WXGA X-black
128MB DDR Geforce 8400 skjákort
Þráðlaust net • Windows Vista Premium

FRÁ 4.657 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 159.900

UltraX Media lyklaborð með ísl. stafasetti
VERÐ 3.990

Logitech QuickCam fyrir fartölvur
VERÐ 11.900

Logitech NX20 Optical fartölvumús Plus
VERÐ 2.990

Logitech NX50 Laser fartölvumús Plus
VERÐ 3.990

Logitech VX Revolution Notebook þráðlaus mús
VERÐ 7.990

Bitdefender Internet Security v10 vírusvörn
VERÐ 4.990

Fortron straumbreytir fyrir fartölvur 90W
VERÐ 5.990

15.4" Targus fartölvubakpoki, Navy blár
VERÐ 5.990



15" Manhattan University bakpoki, svartur
VERÐ 5.990



15" Manhattan City Bag bakpoki svartur/rauður
VERÐ 6.990



15" Manhattan Empire II hliðartaska, svört
VERÐ 5.490

17" Manhattan Empire hliðartaska, svört
VERÐ 5.990

Logitech Alto lyklaborð með fartölvu stand
VERÐ 9.990



Logitech NX60 Optical fartölvumús Plus
VERÐ 2.490

Logitech V100 Optical mús fyrir fartölvur
VERÐ 2.990

Logitech V150 Laser mús fyrir fartölvur
VERÐ 3.990

Logitech V270 þráðlaus Bluetooth fartölvumús
VERÐ 5.990

MSI 4ra porta USB2.0 hub, svartur
VERÐ 1.990

1GB Corsair USB2 minnislykill, 10 ára áb.
VERÐ 1.990



15.4" Targus hliðartaska með axlaról
VERÐ 5.990

15.4" Dicota Perfect Skin skin svart
VERÐ 2.990

15.4" Dicota Campus bakpoki, grár og svartur
VERÐ 5.990



Dicota 17" Mission XL bakpoki svartur og grár
VERÐ 12.900

Dicota 15.4" Vision-Compact taska svört
VERÐ 9.990

TÖLVULISTINN

Reykjavík	Nóatúni	17	Sími 414 1700
Akureyri	Glerárgötu	36	Sími 414 1730
Egilsstaðir	Miðvangi	2-4	Sími 414 1735
Keflavík	Hafnargötu	90	Sími 414 1740
Kópavogur	Hlíðasmára	10	Sími 414 1760

(Blá) Ber allt árið

Nú blána hlíðar Íslands og allir fjölmenna á berjamó. En hver hefði trúað því að þessi agnarsmái ávöxtur gæti verið ein hollasta fæða heims? *Anna Margrét Björnsson* kynnti sér ofurkraft blábersins og bjó til bláan sunnudagsbrönsj.

Þó ótrúlegt megi virðast hafa rannsóknir sýnt að mýs sem nærðust aðeins á bláberjum endurheimtu æskufjör og aukið minni.

Bláberið, sem hefur glatt lítil hjörtu á hverju íslensku síðsumri í aldanna rás, er ein af fáum berjategundum sem vaxa villtar á Íslandi, en þau er líka að finna á Norðurlöndum, í Norður-Ameríku og í austurhluta Asíu. Þessi litlu fagurbláu ber eru ávextir lyngs af Vaccinium-ættkvíslinni en tegundir eru nokkrar og vaxa á misháum runnum. Bláber eru sæt á bragðið þegar þau þroskast, en það gerist ekki fyrr en í ágúst hér á landi. Þroskuð verða þau skærblá, og eru reyndar ein af fáum matartegundum mannsins sem bera náttúrulegan bláan lit. Fyrir nokkrum árum var bláberið skilgreint sem „ofurfæða“ sem þýðir að það tilheyrir þeim fæðutegundum sem eru einstaklega ríkar af andoxunarefnum, næringu og heilsubætandi efnum.

Bláber og krækiber voru einu ávextir Íslendinga í aldaraðir og berjaskyr á síðsumri þótti og þykir enn hinn mesti herramannsmatur. Einnig byrjuðu Íslendingar að nota bláber í sósur út á lambakjöt á 19. öld þegar byrjað var að steikja kjötið, en þau hafa eflaust verið notuð í pottrétti ásamt íslenskum jurtum þangað til. Bláber voru mjög stór hluti af matarmenningu indjána Norður-Ameríku og eru enn í miklu uppáhaldi hjá bandarísku þjóðinni. Sætar bláberjabökur, bláberjapönnukökur og bláberjamuffur má telja til þjóðarrétta þar vestra. Bláberjasulta nýtur mikilla vinsælda og nú eru menn farnir að framleiða bláberjasaft á stærri markaði en áður og er hún farin að njóta töluverðra vinsælda. Ræktun á bláberjum byrjaði ekki fyrr en í byrjun 20. aldar en þau eru nú ræktuð meðal annars í stórum stíl í Suður-Ameríku.

Gegn öldrun?

Bláber eru stútfull af andoxunarefnum sem kallast antósýanín og draga úr áhrifum sindurefna sem geta valdið krabbameini og öðrum hættulegum sjúkdómum. Næringarstofnun Tufts-háskóla í Boston í Massachusetts hefur rannsakað áhrif öldrunar á heila og hreyfifærni hjá músum, með ýmsum næringaraðferðum, þar á meðal með bláberjum. Þó ótrúlegt megi virðast hafa rannsóknir sýnt að mýs sem fengu aðeins bláber í fæði endurheimtu æskufjör og bættu minnið. Auk þess höfðu bláber jákvæð áhrif á streitu og virðast jafnvel sporna við áhrifum öldrunarsjúkdóma eins og Alzheimers. Efnin í bláberjum, sem gefa þeim þennan blárauða sterka lit, styrkja æðakerfi líkamans, auka C-vítamínflæði og hjálpa við frumubyggingu. Rannsóknir hafa sýnt að það er ekki hægt að stytta sér leiðir með því að innbyrða þessi efni í töfluformi heldur er nauðsynlegt að neyta fæðunnar sjálfrar. Rannsókn var einnig gerð til að ákvarða áhrif geymslutíma og hitastigs á andoxunarhæfileika og magni C-vítamíns í jarðarberjum, hindberjum og bláberjum. Niðurstöðurnar sýndu að andoxunarhæfileiki hjá bláberjum minnkar ekki eftir geymslu, heldur hækkar ef eitthvað er.

Fyrir hermenn og þreytt skrifstofufólk

Rannsóknir á sprengjuflugmönnum í breska hernum (RAF) í síðari heimsstyrjöldinni sýndu að bláber stuðla að bættri sjón og þá sérstaklega nætursjón. Það er skemmtileg staðreynd að þeir hámuðu því mikið af bláberjasultu í sig áður en þeir lögðu af stað í hættulegar flugferðir. Rannsóknir í Ísrael og Austur-Evrópu hafa staðfestið það að bláber bæta sjón. Nýleg rannsókn í Japan hefur sannað vísindalega gagnsemi bláberja til að minnka augnþreytu, og í Japan eru litlar flöskur af bláberjasafa seldar gagngert í þessum tilgangi. Stærsta dagblað í Japan, Asahi Shibun, lét teikna skopteikningu til þess að hvetja þreytt skrifstofufólk til að neyta bláberja. Japanska rannsóknin sýndi fram á að neysla bláberja minnkar augnþreytu og bætir slæma sjón. Flestir rannsakendurnir halda að efnið antósýanín í bláa lit bláberja sé ábyrgt fyrir þessum góðu áhrifum á augu og sjón. Eins og flestir vita hafa rannsóknir sýnt að rauðvín drukkið í hófi er gott fyrir hjartað. Bláber innihalda hins vegar 38 prósentum meira af andoxunarefnum og því er vín bruggað úr bláberjum mun hollara en rauðvín. Ný rannsókn á berjunum vestanhafs greindi efni sem kemur í veg fyrir þvagrásarsýkingu líkt og frændi blábersins, trönuberið. Verkunin orsakast ekki af sýrumyndandi eiginleikum bláberja heldur sérstakri efnasamsetningu sem kemur í veg fyrir að bakteríur loði við þekjufrumur þvagrásar. Bláber eiga einnig að geta orkað sem vörn gegn ýmsum tegundum krabbameins eins og ristilkrabbameini og krabbameini í legi og halda meltingarstarfseminni í góðu jafnvægi, og auk þess innihalda þau pektín, sem getur lækkað kólesteról í líkamanum. Þau eru einnig trefjarík og innihalda mikið magn mangans og K-vítamíns. ■

BLÁBER ERU TILVALIN Í HELGARBRÖNSINN

Franskt eggjabrauð með bláberjum
1 hleifur af franskbrauði
3 egg
3 matskeiðar sykur
1 teskeið vanilludropar
2 1/4 bollar mjólk
1/2 bolli hveiti
1/3 bolli púðursykur
1/2 teskeið kanill
1/4 bolli smjör
1 bolli af bláberjum



Smyrjið stórt bökunarform og skerið brauðið í sneiðar og raðið á botninn. Setjið egg, sykur, vanilludropa og mjólk í skál og blandið saman. Hellið yfir brauðsneiðarnar og snúið þeim við svo þær séu þaktar eggjablöndunni. Best er að gera þetta kvöldið áður og geyma í ísskáp. Hitið ofninn í 375 gráður og hellið bláberjunum yfir brauðið. Blandið saman hveiti, púðursykri, kanil og smjöri í lítilli skál með fingrunum. Dreifið yfir bláberin og bakið í umþaðbil 40 mínútur. Takið út úr ofninum, skerið í ferhyrninga, og skreytið með ferskum bláberjum.

BLÁBERJA- OG SPÍNATSALAT
450 grömm ferskt spínat
3 matskeiðar valhnetur, skornar í sneiðar
2 bollar af bláberjum
1/2 rauðlaukur, skorinn í sneiðar
3 mandarínur

Hunangs- og sesamdressing:
1 matskeið sesamfræ
1/4 bolli eplaedik
3 msk. ólífuolía
3 msk. ferskur appelsínusafi
1 teskeið hunang
1/4 teskeið paprikuduft
sletta af Tabasco-sósu

Skolið spínatlaufin og setjið í skál ásamt lauk, mandarínubitum, hnetum og bláberjum. Ristið sesamfræ á pönnu þar til þau eru orðin gyllt. Setjið fræin ásamt ediki, ólífuolíu, vatni, sykri, papriku og tabasco saman í skál og blandið vel saman. Hellið dressingu yfir salatið rétt áður en það er borið fram.

KÍNVERSKUR BLÁBERJA „SMOOTHIE“
1 kubbur „ silken“ tofu (fæst í betri matvöruverslunum og heilsubúðum)
1 banani
1 bolli bláber
2/3 bolli soya mjólk
1 matskeið hunang
2-3 ísmolar

Setjið allt í blandara.

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

Frábært!

Reykjalundur Plastiðnaður er framsækið plastiðnaðarfyrirtæki með fjölbreytt viðfangsefni. Við framleiðum plaströr og umbúðir auk þess sem við hönnum og sérsmíðum margvíslegar lausnir á stórum jafnt sem smáum hlutum úr plasti fyrir lagna- og matvælaiðnaðinn.
Hjá okkur er veigamikil sölustarfsemi á lagnaefni, dælubúnaði, suðuvélum, umbúðum, leiktækjum og byggingavörum.

Okkur vantar starfsmann í framleiðslu og einnig á útilager, lyftararéttindi æskileg.

Fjölbreytt verkefni í lifandi fyrirtæki - viltu slást í hópinn?

Vinsamlegast sendið umsókn á hlodver@rp.is.

REYKJALUNDUR Plastiðnaður

Undirleikari óskast:

Æskilegt að viðkomandi geti raddæft.
Æft verður á mánudagskvöldum og einstaka laugardaga.

Nánari upplýsingar veita
Gísli í síma 893-4824 og
Jón í síma 892-4559.

KARLAKÓR SELFOSS
Eyravegi 67. 800 Selfoss.

Reykjavíkurborg

Í auglýsingu sem birt var í Fréttablaðinu þann 24. júní sl. var auglýst starf sviðsstjóra Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar.
Þar sem til skoðunar er að auka verkefni Umhverfissviðs, sem leitt getur til breytinga á hæfniskröfum til umsækjenda, er framangreind auglýsing afturkölluð.

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Sérfræðingar á sviði Microsoft lausna

Vegna vaxandi umsvifa og fjölbreyttra framtíðarverkefna leitum við að góðum liðsmönnum

TM Software er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki með skrifstofur í 4 löndum og um 280 starfsmenn. TM Software er í fremstu röð við þróun hugbúnaðar, ráðgjöf og rekstur upplýsingakerfa og býður fjölbreyttar lausnir í nánu samstarfi við helstu upplýsingatæknifyrirtæki heims.

TM Software hefur undanfarin sex ár hlotið viðurkenningu sem eitt af 500 framsæknustu fyrirtækjum Evrópu.

1.

„Best hannaða veflausn ársins“
„Besti íslenski vefurinn“
„Besti fyrirtækjavefurinn“

Nýlega unnu verk okkar til verðlauna fyrir vefsvæði Icelandair árið 2006. Vefsvæðin voru valin í flokknum „Best hannaða veflausn ársins“ á hinni alþjóðlegu ráðstefnu Technology for Marketing & Advertising. Einnig hafa vefsvæðin hlotið verðlaunin sem Samtök vefiðnaðarins og Ímark standa fyrir, „Besti íslenski vefurinn“ og „Besti fyrirtækjavefurinn.“

Við bjóðum og leggjum áherslu á:

- Frábæran starfsanda og liðsheild
- Góða starfsaðstöðu
- Sveigjanlegan og fjölskylduvænan vinnutíma
- Símenntun í starfi og virka endur-menntunarstefnu
- Fjölbreytt, spennandi og krefjandi verkefni
- Margvísleg tækifæri til starfsþróunar
- Laun og önnur starfskjör eftir samkomulagi
- Gott mötuneyti

Við leitum að einstaklingum í eftirtalin störf:

- **Microsoft CRM**
  Ráðgjöf, greining, aðlögun og uppsetning Microsoft CRM fyrir viðskiptavini.
- **Microsoft SharePoint Server**
  Ráðgjöf, greining, þróun lausna, aðlögun og uppsetning SharePoint fyrir viðskiptavini. Unnið er með Microsoft SharePoint Server MOSS2007.
- **Microsoft Business Intelligence (Viðskiptagreind)**
  Ráðgjöf og greiningu á þörfum viðskiptavina á sviði viðskiptagreindar. Umsjón með innleiðingu og uppsetningu á Microsoft BI greiningartólum.

Hæfnis- og menntunarkröfur

Háskólamenntun á sviði tölvunar-, kerfis-, verk- eða viðskiptafræði eða sambærileg menntun/reynsla. Við leitum að einstaklingum sem vilja takast á við ný og krefjandi verkefni í öflugum og framsæknum hópi.

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir og fyrirspurnir.
Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon, starfsmannastjóri **torfi@t.is** eða Stefán Þór Stefánsson, framkvæmdastjóri **sts@t.is.**
Umsóknir með ferilskrá sendist til Torfa Markússonar, starfsmannastjóra, **torfi@t.is fyrir 10. september nk.**

PIPAR • SÍA • 71535

TM Software

Holtasmári 1 | 201 Kópavogur | Sími 545 3000 | Fax 545 3001 | www.tm-software.com

VERKEFNASTJÓRI

Staða verkefnastjóra hjá upplýsingaþróun Vegagerðarinnar í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Starfssvið
- Undirbúa nýjan tækjabúnað fyrir uppsetningu t.d. myndavélar, umferðargreina, ferilvöktunarbúnað, veðurskilti og veðurstöðvar
- Prófun á búnaði og bilanagreining
- Fylgjast með virkni tækja og að gögn skili sér í gagnagrunn
- Umsjón með uppsetningu og viðhaldi búnaðar

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í tæknifræði eða verkfræði á veikstraumssviði. Önnur menntun sem nýtist í starfi kemur einnig til greina
- Æskileg reynsla af framangreindum búnaði
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SOFTWARE DEVELOPER

Air Atlanta is looking for a programmer to lead development of its software systems and to interface with external programming contractors.

Air Atlanta Icelandic is one of the largest ACMI service providers in the world. We offer tailor-made solutions to other carriers, both in the passenger and cargo industry.

Large Market share, strong brand name, impressive customer base and superior know-how are some of our core assets. The solid reputation for supplying quality services is built on a strong base of experience acquired throughout many years in the airline industry.

Air Atlanta Icelandic's position has been established and reinforced to a continuous record of fast, flexible reaction to request.

As a successful applicant you will be a team player with good communications skills. You should have a good mix of programming skills, with a profile similar to the below:

Education:
- Degree in Computer Science, Software Engineering, or similar
- MCAP/MCSD is beneficial

Skills and experience:
- MS SQL (Integration Services, Reporting Services, TransactSQL)
- Oracle databases (PL SQL)
- Microsoft .net programming (ASP.net, C#)
- SharePoint server
- Cognos (analysis, planning, reporting)

Job Responsibilities:
- Development of SharePoint environment (InfoPath, Excel Services, etc.)
- Development of Cognos BI environment
- Maintenance of data warehouse
- Working with external programming contractors

Recruitment is managed by Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) and Sigurður J. Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is) at Capacent Recruitments. The application deadline is the 2nd of September. Applicants must apply for the job on our website www.capacent.is, and a CV in English must be attached to the application.

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

NÚ ER TÆKIFÆRIÐ!

Vegna aukinna verkefna og breytinga á starfsemi óskar Fjölmiðlavaktin eftir að ráða drífandi og dugmikla einstaklinga í neðangreind störf. Greiningar- og sölustjóri tilheyra yfirstjórn Fjölmiðlavaktarinnar.

Atvinnulífið stendur frammi fyrir sívaxandi magni fjölmiðlaefnis sem erfitt er að henda reiður á. Hlutverk Fjölmiðlavaktarinnar er að aðstoða fyrirtæki og einstaklinga við leit og greiningu á þessu efni. Fjölmiðlavaktin safnar saman umfjöllun ljósvaka- og prentmiðla fyrir viðskiptavini sína.

Starfsmenn Fjölmiðlavaktarinnar vinna úr fjölmiðlaefni þær upplýsingar sem viðskiptavinir óska eftir og er þjónustan sérsniðin að þörfum hvers viðskiptavinar. Markhópur viðskiptavina FMV er stór og fjölbreyttur enda Íslendingar þekktir fyrir að hafa mikinn áhuga á fréttum og þeirri þjónustu sem FMV getur veitt. Vinnustaðurinn er mjög skemmtilegur og fyrirtækið sjálft er í mjög örum vexti.

Nánari upplýsingar er að finna á www.fmv.is

Greiningarstjóri

Starfið felur í sér stýringu greiningardeildar Fjölmiðlavaktarinnar og almennri uppbyggingu á rannsóknar- og greiningarafurðum fyrirtækisins. Í þessu fellst m.a. frekari þróun á fjölmiðlagreiningum, auglýsingamælingum, greiningu upplýsinga úr öðrum gagnagrunnum (s.s. viðskiptaupplýsingar, fjölmiðlakannanir), þróun nýs greiningarkerfis fyrir fyrirtækið o.fl.

Gerð er krafa um háskólamenntun á sviði tölfræði, aðferðafræði eða sambærilega menntun. Framhaldsmenntun mikill kostur. Reynsla af rannsóknar- og greiningarvinnu, framsetningu upplýsinga og þróunarstarfi sem og vilji til þess að ná árangri er lykilatriði. Reynsla af stjórnun er kostur. Túlkun á niðurstöðum, kunnátta í Excel, gott málfar og framtakssemi eru eiginleikar sem Fjölmiðlavaktin sækist mikið eftir.

Sölustjóri

Starfið felur í sér sölustjórnun á öllum vörum Fjölmiðlavaktarinnar, stýringu á sölusviði fyrirtækisins, uppbyggingu verðlista, gerð áætlana og fleira. Salan beinist bæði að núverandi viðskiptavinum sem og öflun nýrra viðskiptavina. Ráðgjafahluti starfsins felur í sér að viðkomandi aðili þarf að vera leiðbeinandi með það hvers konar þjónusta hentar viðskiptavini, s.s. upplýsandi varðandi fjölda frétta, útfærslu á vöktun sem hentar, túlkun á greiningarniðurstöðum og fleira. Samninga- og tilboðsgerð sem og áætlanagerð er stór hluti af starfinu og er þar lögð áhersla á faglega og skýra uppsetningu. Sölustjóri er í ábyrgð fyrir áætlun hvers mánaðar.

Gerð er krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfinu. Reynsla af sambærilegu starfi sem og geta til þess að selja og ná árangri í starfi er lykilatriði. Reynsla af stjórnun og markmiðasetningu mikilvæg. Viðkomandi þarf að búa yfir hugmyndaauðgi, framtakssemi og brennandi áhuga á viðfangsefninu. Túlkun á niðurstöðum, kunnátta í excel, gott málfar og framtakssemi eru eiginleikar sem Fjölmiðlavaktin sækist mikið eftir. Viðkomandi aðili þarf að hafa góða innsýn og mikinn áhuga á fréttum og þjóðfélagsumræðu.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Framtíðartækifæri fyrir iðnaðarmenn

Hvað gerir Fjarðaál að góðum vinnustað fyrir metnaðarfulla raf- og véliðnaðarmenn?

Fjölbreytt tækifæri á spennandi vinnustað
Í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls starfar metnaðarfullur hópur tæknimenntaðra sérfræðinga. Takmark Fjarðaáls er að verða í fremstu röð á heimsvísu í meðferð og viðhaldi tækja. Allir starfsmenn fyrirtækisins taka þátt í að tryggja áreiðanleika tækjanna og viðhaldi er stýrt í samræmi við raunverulegt ástand þeirra. Iðnaðarmenn vinna í teymum og verkefnin eru fjölbreytt. Áhersla er lögð á frumkvæði og stöðugar endurbætur. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvíða fleiri.

Góð laun fyrir vaktavinnu eða dagvinnu
Í boði eru vakta- og dagvinnustörf fyrir raf- og véliðnaðarmenn. Góðir möguleikar eru á aukavinnu og viðbótartekjum fyrir þá sem þess óska.

Laun útlærðra iðnaðarmanna miðað við 15% árangursávinning	Vaktavinna 15 tólf tíma vaktir í mánuði	Dagvinna 40 stunda vinnuvika
Heildarárslaun	5,4 milljónir kr.	3,6 milljónir kr.
Mánaðarlaun	450 þúsund kr.	303 þúsund kr.
Meðaltímakaup	2.500 kr.	1.700 kr.

Öryggi og velferð starfsmanna ávallt í fyrirrúmi
Allt vinnufyrirkomulag miðast við að koma alfarið í veg fyrir vinnutengd slys og óþægindi. Iðjuþjálfi leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu og nuddari heimsækir vinnustaðinn tvisvar í viku. Starfsmenn Fjarðaáls hafa aðgang að öflugri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til læknisþjónustu og ráðgjafar á ýmsum sviðum. Starfsmenn fá hollar og góðar máltíðir í glæsilegu mötuneyti. Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni 12.000 kr. líkamsræktarstyrk árlega og leigir íþróttatíma í Fjarðabyggðarhöllinni. Boðið er upp á rútuferðir frá Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Egilsstöðum. Fyrirtækið útvegar og þvær allan vinnufatnað starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Kostnaðarlaus og auðveldur flutningur inn á svæðið
Þurfi starfsmaður að flytja inn á svæðið úr meira en 100 km fjarlægð frá vinnustaðnum greiðir Fjarðaál kostnað við kaup og sölu fasteigna, svo sem sölulaun, lántökugjald og stimpilgjöld. Fyrirtækið sér um að pakka búslóð, flytja hana og koma fyrir á nýju heimili. Með fyrsta launaseðlinum fær starfsmaður 200.000 kr. greiðslu til að koma sér fyrir á svæðinu. Fyrirtækið aðstoðar einnig nýja íbúa á svæðinu við að leigja húsnæði. Starfsmenn fá flugmiða með Flugfélagi Íslands á hagstæðum kjörum.

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 38801 08.2007

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 71000 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skrá umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

www.birtingur.is

SAGAN ÖLL | GOLF BLAÐIÐ | MANNLÍF
Nýtt Líf | Gestgjafinn | HÚS OG HÍBÝLI
ísafold | vikan | SÉÐ OG HEYRT

HLUTASTARF

Birtíngur útgáfufélag leitar að öflugum sölufulltrúum í úthringiverkefni á kvöldin. Starfið er hlutastarf og hentar því einkar vel með skóla.

Starfslýsing:
Vinnutíminn er frá 18.00 - 22.00 og reiknað er með að sölufulltrúar vinni 2-5 kvöld í viku eftir hentugleika hvers og eins. Góð vinnuaðstaða og frábærir tekjumöguleikar.

Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld Hermóðsdóttur, starfsmannastjóra í síma **515 5500** eða í tölvupósti **ingahuld@birtingur.is**

BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG

Hjólbarðaverkstæði

565038
Hjólbarðaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða starfsmann í hjólbarðaþjónustu.

- Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-18:00 og annan hvern laugardag frá kl. 09:00-13:00. Yfirvinna er mikil á vorin og haustin.
- Leitað er að þjónustulunduðum, kraftmiklum og vandvirkum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt. Viðkomandi þarf að vera vanur hjólbarðaþjónustu og hafa þekkingu á hjólbarðastærðum. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

Starf við ferðaþjónustu fatlaðra

Starfið felst í símamóttöku ferðabeiðna og röðun ferða á þjónustubíla.

Vinnutími: Frá kl. 8:00 til 16:00 virka daga.
Fulbright-stofnunin tilnefnir umsækjendur um Frank Boas-styrk til framhaldsnáms í alþjóðalögum við Harvard-háskóla haustið 2008. Styrkinn hlýtur einn þeirra umsækjenda sem Fulbright-stofnanir í nokkrum löndum, þ.á.m. Íslandi, mæla með. Styrkurinn stendur straum af kostnaði vegna eins árs náms við lagadeild Harvard háskóla. Lögfræðingum með a.m.k. eins árs starfsreynslu og laganemum, sem eru að ljúka laganámi er bent á að sækja um styrkinn.

Cobb Family Fellowship-styrk - Miami háskóli -

Fulbright-stofnunin tilnefnir einn námsmann til að hljóta Cobb Family Fellowship styrk til að hefja masters- eða doktorsnám við Miami-háskóla í Flórída haustið 2008.
Tekið er við umsóknum í þeim námsgreinum sem skólinn býður upp á.

Skilafrestur allra umsókna er til kl.17, 15. október nk.

Umsóknareyðublöð og upplýsingar um alla styrkina má nálgast hjá Fulbright-stofnuninni og á vefsíðu hennar: www.fulbright.is undir liðnum „Styrkir".

Einnig hefur stofnunin milligöngu um fjóra aðra styrki: "Senior Specialist Program", "New Century Scholars Program" og "Alumni Initiatives Awards Program". Nánari upplýsingar: www.cies.org
"International Fulbright Science and Technology Award for Outstanding Students", verður auglýstur næsta vor.

Fulbright stofnunin var stofnsett með samningi milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna árið 1957. Stofnunin starfar með fjárveitingum beggja samningsaðila.
Starfsemi Fulbright stofnunarinnnar felst í því að efla samskipti Íslands og Bandaríkjanna á sviði mennta og rannsókna.

RE/MAX EIGNASTÝRING

Síðumúla 27 108 Reykjavík sími 534 4040

OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 14 OG 15 BÆJARGIL 23, GARÐABÆR.

Glæsilegt tveggja hæða einbýlishús auk sérbyggðs bílskúrs, samtals 224 fm. að stærð. Húsið er afar vel staðsett innst í lokuðum botnlanga. Stór timburverönd mót suðri með skjólveggjum. Húsið var teiknað að Vífli Magnússyni arkitekt og byggt árið 1989 **Verð kr. 62.900.000.**

Frum

OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL.14 OG 15KEILUFELL 43,REYKJAVÍK.

Gott tveggja hæða einbýlishús auk serbyggðsbílskúrs/bílskýlis, samtals 176 fm. að stærð. Í húsinu erufimm svefnherbergi. Eldhús hefur verið endurnýjað. Húsiðstendur á hornlóð á afar rólegum stað. Fallegur garður. **Verð 42.500.000.**

Erlendur Davíðsson, lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari • www.eignastyring.is

Auglýsing um styrki vegna námskostnaðar og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðra.

Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra á Austurlandi, Reykjanesi, Reykjavík, Suðurlandi, Vestfjörðum og á Vesturlandi vekja athygli á rétti fólks til að sækja um styrki skv. 27. grein laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og reglugerðar nr. 550/1994 um styrki vegna námskostnaðar og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðra.

Skv. reglugerðinni er heimilt að veita styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga, enda teljist námið hafa gildi sem hæfing eða endurhæfing. Einnig er heimilt að veita þeim sem eru 18 ára og eldri styrk til verkfæra- og tækjakaupa í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi, enda teljist starfsemin hafa gildi sem félagsleg hæfing eða endurhæfing sem miði að því að auðvelda fötluðum að skapa sér atvinnu.

Umsóknir skulu berast á þar til gerðu eyðublaði félagsmálaráðuneytis ásamt greinargerð, til svæðisskrifstofa í hverju umdæmi en þar er einnig hægt að fá umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar.

Umsóknarfrestur er til 17. september.

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Austurlandi, Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstöðum sími: 470 0100

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Reykjanesi, Fjarðargötu 13, 220 Hafnarfirði sími: 525 0900

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Reykjavík, Síðumúla 39, 108 Reykjavík sími 533 1388

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Suðurlandi, Eyrarvegi 67, 800 Selfoss sími: 482 1922

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Vestförðum, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður sími: 456 5224

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Vesturlandi, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi, sími: 433 1700

Sjálfboðaliðar óskast á Indlandi og í Afríku

5 stöður. 14 mánaða prógram - þ.á.m. 6 mánaða viðamikil þjálfun í Noregi. Byrjar í október og febrúar

Þú getur unnið við:
Baráttu gegn eyðni, félagsstörf með götubörnum, menntun, störf í þágu umhverfis og samfélagsvinnu.

E-mail: Sidsel@humana.org
0047 61 26 44 44
www.drh-norway.org

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

OPIÐ HÚS Í DAG
Ásholt 2
Góð 4ra herb. útsýnisíbúð í miðborginni
Opið hús í dag frá kl. 14-16

Frum

Góð 108 fm og vel innréttuð 4ra herb. íbúð á 5. hæð **ÍBÚÐ MERKT 0505.** ásamt stæði í bílageymslu og sér geymslu í kjallara í þessu eftirsótta lyftuhúsi í miðborginni. Íbúðin skiptist m.a. í samliggjandi stofur, opið eldhús, 3 herbergi og baðherbergi. Í upphafi var vandað sérstaklega til allra innréttinga í íbúðinni og grágrýti er í gluggakistum. Gott útsýni er yfir höfnina og sundin. Suðvestursvalir út af borðstofu sem snúa inn í skjólgóðan húsagarð. Húsvörður. **Verð 38,5 millj.**
Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-16.
Bjalla merkt 0505 - Verið velkomin.

Klettur fasteignasala
Skeifunni 11
Sími 534 5400

Sigurður Hjaltested löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS Í DAG Á MILLI 14 - 14:30 ÍBÚÐ 0102
AUSTURBRÚN 37

Um er að ræða 3ja herbergja rúmlega 112 fm. sérhæð á annari hæð með sérinngangi í 3ja hæða húsi við Austurbrún. Komið inn í **forstofu** með flísum á gólfi og fataskáp. **Hol.** Komið inn í gott hol með flísum á gólfi og fataskáp. Úr holi er gengið í allar vistaverur íbúðarinar. **Eldhús** með parketi á gólfi og nýlegri hvítri innréttingu og góðum borðkrók. **Baðherbergið** er ný tekið í gegn með flísum á gólfi og flísaplötum á veggjum baðkar og sturtuaðstöðu. **Hjónaherbergið** er með dúk á gólfi og fataskáp úgengt er út á svalir frá hjónaherbergi, barnaherbergið er með parketi á gólfi. **Stofan og borðstofan** eru samliggjandi (tvær stofur) með teppum á gólfi. Bílskúrinn er stór og góður 40,5 fm með heitu og köldu vatni og rafmagni. Á fyrstu hæð hússins er þvottaherbergi og stór sér geymsla. Ásett verð: 34,9
Svavar Hrafn af fasteignasölunni tekur á móti gestum 6961388

Frum

OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 15 - 15:30 ÍBÚÐ 0203
DVERGABORGIR 8

Snyrtileg 2ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi með sér inngang. Íbúðin er björt og snyrtileg og vel skipulögð og húsið allt til fyrirmyndar. Stutt er í leikskóla og skóla. Góður þjónustukjarni er í hverfinu.**Nánari lýsing á íbúðinni sem er 61,7 fm:** Komið er inn í forstofu með fatahengi og skáp og flísum á gólfi innaf forstofu er stór búr skápur, Úr fostofu er herbergishol með rúmgóðu hjónaherbergi með góðum skápum og parket á gólfi. Eldhúsið er með hvítri innréttingu og borðkrók parket á gólfi. Stofan er björt og rúmgóð með parket á gólfi, Útgengt er út á suður svalir frá stofu. Baðherbergið er með viðar innréttingu nuddbaðkari og sturtuklefa flísar á gólfi. Þvottaaðstaða er inn á baðherbergi.sér geymsla er í sameign og sameiginleg hjóla og vagnageymsla. Ásett verð: 17,1 millj.
Svavar Hrafn af fasteignasölunni tekur á móti gestum 6961388

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN

Sími 512 3600
www.logheimili.is
Lögmaður og lögg. fast.sali með þér alla leið!

Heimir Bergmann
Framkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
GSM: 822 3600
heimir@logheimili.is

Þorsteinn Jakobsson
Sölufulltrúi
GSM: 899 7145
steini@logheimili.is

Jónas Örn Jónasson
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

Sævangur 42 — Verð: Lækkað verð 69,9 millj.

Stærð
270 fm

Byggt
1979

Brunabótamat
36,5 millj.

Opið hús í dag milli kl. 16:00 og 16:30

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN kynnir í einkasölu glæsilegt einbýli við verðlaunagötu í Hafnarfirði Möguleiki á aukaíbúð í kjallara. Teiknað af Kjartani Sveinssyni. Um er að ræða 270 fm glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum í Hafnarfirði. Um er að ræða eign sem er á mjög eftirsóknarverðum stað. Forstofa með flísum. Hol með flísum og stóru sjónvarpsholi með glerrennihurð út í garð. Eldhús, þv.hús og búr. Hátt er til lofts í stofu. Halogen ljós. Arinn í stofu, útgengt úr stofu út á suðursvalir. Svefnherbergisálma með 3. herb. + baðh. með baðkari og sturtu. Góð innrétting á baði flísalagt í hólf og gólf. Eikarskápar og hurðar. Stofa með parketi. Lóðin er í fallegu hraunuðu umhverfi. Hellulagt svæði fyrir framan bílskúr.

Hvassaleiti 6 — Verð 27 millj.

Stærð:
116 fm

Byggt
1960

Brunab.mat
17.990.000

Opið hús í dag milli kl. 17:00-17:30

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN KYNNIR fjögurra herbergja íbúð í fjölbýli á vinsælum stað í Hvassaleitinu ásamt bílskúr. Nýlega búið að klæða húsið og mála. Flísalögð forstofa með eikarskáp. Eldhús með gráum flísum á gólfi. Eldhúsinnréttingin er með hvítri glansáferð. Nýleg tæki, ísskápur og uppþvottavél fylgja með. Borðkrókur er í eldhúsi. Rúmgóð stofa og borðstofa með stórum gluggum til suð-vestur og svalir. Eikarparket er á stofu og borðstofu. Hjónaherbergi og tvö barnaherbergi eru með eikarparketi á gólfi og eikarskáp. Baðherbergi er nýlega endurnýjað. Aðstaða er fyrir þvottavél.

Hjallabraut 33 — Verð 22,9 millj.

Stærð:
71 fm

Byggt
1989

Brunab.mat
13.750.000

Opið hús í dag milli kl. 15:00 og 15:30

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN KYNNIR í einkasölu þjónustuíbúð fyrir 60 ára og eldri við Hjallahraun í Hafnarfirði. **LAUS VIÐ KAUPSAMNING.** Um er að ræða bjarta og fallega 2 herb. íbúð á jarðhæð þar sem öll þjónusta er til staðar. Í íbúðinni eru öryggishnappar tengdir Securitas, í svefnherbergi og baði. Sérgeymsla er í kjallara. Mötuneyti er í sameign og salur sem íbúar geta pantað til veisluhalda einnig er hárgreiðslustofa, nuddstofa fótaaðgerðarstofa ofl í sameign. EINUNGIS MÁ RÁÐSTAFA ÍBÚÐINNI TIL EINSTAKLINGA SEM ERU 60 ÁRA EÐA ELDRI OG ÁTT HAFA LÖGHEIMILI Í HAFNARFIRÐI A.M.K. 3 ÁR, EÐA HJÓNA ÞAR SEM ANNAR AÐILI UPPFYLLIR OFANGREIND SKILYRÐI.

Frum

Þrastarás 18 — Verð 18,9 millj.

Stærð:
67,8 fm

Byggt
2001

Brunab.mat
11.800.000

Opið hús í dag milli kl. 14:00-14:30

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN KYNNIR gullfallega tveggja herbergja íbúð við Þrastarás í Hafnarfirði.
Um er að ræða bjarta og vel skipulagða 2ja herbergja íbúð á þessum vinsæla stað í Áslandinu í Hafnarfirði. Komið er inní forstofu með ljósum flísum á gólfi og góðum fataskáp. Á hægri hönd er gott þvottahús. Baðherbergið er flísalagt og er með hvítri innréttingu og glæsilegri sturtu. Svefnherbergið er rúmgott með góðu skápaplássi og parketi á gólfi. Eldhús er opið inn í stofu sem er rúmgóð með útgengi á stórar og rúmgóðar svalir til suðurs með glæsilegu útsýni. Stutt er í skóla og leikskóla.

Kirkjuvellir 3 - Hafnarfirði — Verð 29,5 millj.

Stærð:
126.6 fm

Byggt
2006

Brunab.mat
21.550.000

Opið hús í dag milli kl. 14.00 - 14.30 bjalla 603

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN KYNNIR
Vorum að fá í sölu stórglæsiega útsýnis íbúð á 6 hæð vestast í Vallarhverfinu. Allar innréttingar tæki og gólfefni af vönduðustu gerð. V-svalir óvenju stórar með einstöku útsýni til suðurs og vesturs. Íbúðin er skráð 4ra herbergja en tvö herbergi hafa verið sameinuð í eitt stórt (auðvelt að breyta aftur)
Upplýsingar gefur Steini í síma 899 7145

Suðurbraut 2 A - Hafnarfirði — Verð 21,4 millj.

Stærð:
81,6 fm

Byggt
1995

Brunab.mat
14.000.000

Opið hús í dag milli kl. 15.00 - 15.30

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN KYNNIR
3ja herbergja fallega íbúð í litlu fjölbýli á frábærum stað rétt við Sundlaug Hafnarfjarðar. Parket á öllum gólfum nema baðherbergi sem er flísalagt í topp. Nýleg blöndunartæki. Stofa og eldhús í opnu rými, tvö rúmgóð svefnherbergi með góðum skápum. Þvottahús innan íbúðar. Hellulögð verönd í suður.
Upplýsingar gefur Steini í síma 899 7145

ÓKEYPIS FLUTNINGSÞRIF FYLGJA ÖLLUM EIGNUM SEM ERU SKRÁÐAR OG SELDAR FRÁ ÁGÚST MÁNUÐI TIL ÁRAMÓTA ! HAFÐU SAMBAND NÚNA!

ÓSKUM EFTIR EINBÝLISHÚSI Á EINNI HÆÐ Í FOSSVOGINUM EÐA Á ARNARNESINU FYRIR FJÁRSTERKAN AÐILA. GÓÐAR GREIÐSLUR FYRIR RÉTTA EIGN.

LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!

Söngmenn óskast!

Karlakórinn Fóstbræður getur bætt við sig efnilegum söngmönnum.

Upplýsingar veita Smári S. Sigurðsson formaður í síma 8633247 og Þráinn Sigurðsson varaformaður í síma 8202151.

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR

Útsala

Opið í dag 13-16

Síðasti dagur!

Valhúsgögn

www.valhusgogn.is

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Súpersól til Salou

Í ágúst og september

frá kr. 29.995

Terra Nova býður ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Salou í 31. ágúst og 7. september. Salou er fallegur bær á Costa Dorada ströndinni, sunnan Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Stórkostlegar strendur, fjölbreytt aðstaða og litríkt næturlíf.

Allra síðustu sætin!

Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Kr. 29.995
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn í viku. Súpersól tilboð 31. ágúst og 7. september.

Kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í viku. Súpersól tilboð 31. ágúst og 7. september.

Terra Nova
PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099
Hafnarfjörður sími: 510 9500

STUÐ MILLI STRÍÐA Þegar sköpin skipta sköpum

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR SKILUR EKKI HVERS VEGNA KYNSKIPTINGAR ERU KALLAÐIR ÞVÍ NAFNI

Lengi hef ég furðað mig á orðskrípinu „kynskiptingur“ því samkvæmt mínum bókum er kyn það eina sem ekki er hægt að skipta um.

Manneskja getur skipt um nánast allt; nafn, háralit, föt, vinnu, fjölskyldu, heimili, land, heimsálfu – en að skipta um kyn... það er ekki hægt. Kynlíki væri því öllu betra nafn – sambærilegt við smjörlíki.

Karl verður ekki að konu við það eitt að líta út eins og kona og ég verð ekki ljóshærð þó ég afliti, því undir litnum er ég skolhærð.

Karl sem fer í kynlíkingaraðgerð á ekki eftir að fara á blæðingar einu sinni í mánuði. Hann mun aldrei verða óléttur og aldrei ala barn við brjóst sitt.

Nútímakynjafræðingar kunna nú að gnísta tönnum og heimspekingar spyrja kannski hvað geri konu að konu og karl að karli en þann mun tel ég ekki sérlega flókinn. Ég er fyrst og fremst kvenleg af því ég er með leg en þeir ekki. Ég get gert næstum allt sem karlar geta og karlar geta næstum allt sem ég get – nema að fæða börn. Kannski mun sá dagur renna upp að karlar geti orðið óléttir en enn sem komið er verða þeir að láta Þórbergsóléttuna duga.

Ef vísindamenn finna upp svo öflugt hormónalyf að karlar geti tekið það með þeim afleiðingum að það vaxi í þeim frjósamt leg, þá skal ég skrifa undir að hægt sé að breyta um kyn, en fram að því kýs ég að kalla þetta kynlíki.

Skipti það karl sköpum að hafa sköp og brjóst, eða konu að hafa lim og skegg, þá hlýtur þeim í það minnsta að líða betur með að líta þannig út – en þau verða samt alltaf eftirlíkingar.

Nýskapaður kynlíkingur með sköp kemst í betra skap og skapar sér skárri framtíð. Orðanördið ég kemst líka í betra skap þegar fyrirbærin heita sínum réttu nöfnum. Já, svei mér þá... og til öryggis tek ég það fram að ég tel kynlíkinga eiga jafnan rétt á virðingu og aðra og bið því formúluher þann er kenndur er við PC að hafa sig hægan.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Síðasti dagur Kviku

Einni af eftirtektarverðustu sýningum ársins, Magma/ Kvika, lýkur í kvöld. Ríflega tuttugu þúsund gestir hafa komið á Kjarvalsstaði frá því að sýningin var opnuð um miðjan maí og upplifað íslenska hönnun í fremstu röð eftir rúmlega áttatíu hönnuði. Hönnunarsýningar af þessari stærðargráðu eru fágætar á Íslandi en á sýningunni var lögð áhersla á að varpa ljósi á samtímahönnun auk þess að skapa vettvang fyrir opna umræðu um stöðu íslenskrar hönnunar hérlendis og í alþjóðlegu samhengi. Listasafn Reykjavíkur hefur þannig staðið fyrir fínni dagskrá í tengslum við sýninguna; sýningarstjóraspjalli, málþingi auk fjórtán hádegisleiðsagna hönnuða sem

HÖNNUN Kvika/Magma dregur fram hvar áhugi íslenskra hönnuða liggur

tugir gesta hafa sótt og kunnað að meta.

Sýningin er frumraun hönnuðarins Guðrúnar Lilju Gunnlaugsdóttur sem sýningarstjóra. Sýningin hefur notið mikillar athygli bæði hérlendis og erlendis og fulltrúar erlendra hönnunartímarita hafa komið til landsins vegna hennar og sýnt henni eða einstaka hönnuðum sérstakan áhuga. Sú umfjöllun sem þegar hefur birst og búast má við á næstunni í tímaritum á borð við bandaríska hönnunartímaritið Surface Magazine mun því enn auka hróður íslenskrar hönnunar á alþjóðavettvangi.

Aðalstyrktaraðili sýningarinnar er Straumur - Burðarás, en sýningin er einnig styrkt af iðnaðarráðuneytinu. Hún er unnin í samvinnu við Hönnunarvettvang og var jafnframt á dagskrá Listahátíðar í Reykjavíkur árið 2007. - pbb

DKR

DRENGJAKÓR REYKJAVÍKUR

AUGLÝSIR EFTIR HRESSUM OG ÁHUGASÖMUM STRÁKUM

- Drengjakórinn 8-12 ára
- Undirbúningsdeild 6-7 ára (45 mín. á viku)

Meðal verkefna í vetur:

- Jólatónleikar í Hallgrímskirkju
- Útgáfa á geisladiski
- Vortónleikar í Hallgrímskirkju
- Kórferðalag til Barcelona í byrjun júní 2008

Innritun og prufusöngur fer fram í Hallgrímskirkju miðvikudaginn 29. ágúst frá kl. 17.00-19.00
Æfingar í Hallgrímskirkju mánudaga og miðvikudaga kl. 17.00-18.45
Vakin er athygli á tómstundastyrkjum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Nánari upplýsingar í síma 896-4914 og 862-0065 og á heimasíðu kórsins www.drengjakor.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

23 24 25 **26** 27 28 29

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

☐ 15.00 Kór ungmennadeildar Norræna hússins **Vox Borealis** heldur tónleika þar sem aðallega eru sungin norræn lög.

☐ 19.00 Þrennir tónleikar verða í glerskálanum við Norræna húsið í kvöld. Hljómsveitin **Narodna Musika** sem er skipuð tónlistarfólki frá Íslandi, Búlgaríu og Svíþjóð hefur leikinn kl.19 og spilar fjörug búlgörsk þjóðlög. **Andrea Gylfadóttir og tríó Björns Thoroddsen** taka við kl.21 og spila íslenska alþýðutónlist. Tónlistarmaðurinn **KK** rekur svo lestina ásamt tríói sínu. Tónleikar hans hefjast kl 22.30.

LEIKLIST

☐ 14.45 Möguleikhúsið sýnir leikritið **Landið Vifra** sem unnið er upp úr barnaljóðum Þórarins Eldjárns. Sýningin var tilnefnd til leiklistarverðlaunanna Grímunnar sem besta barnasýning ársins. Aðgangur er ókeypis.

DANSLIST

☐ 13.00 Boðið er upp á ókeypis námskeið í **Bollywood** dansi fyrir börn í Glerskálanum við Norræna húsið í dag.

☐ 14.00 Dansararnir **Helena Jónsdóttir** og **Halla Ólafsdóttir** sýna nýtt dansverk í Norræna húsinu.

☐ 16.00 Flamenco-dansarinn **Minerva Iglesias** er með danssýningu í glerskálanum við Norræna húsið í dag ásamt hljómsveitinni **Narodna Musika** sem leikur búlgarska þjólagatónlist.

SÝNINGAR

☐ 18.00 Finnska fjölleikahúsið **Med Andra Ord** er með sýningu í Norræna húsinu þar sem hefðbundnum sirkusatriðum er fléttað saman við nútímadans og leikhús.

ARKITEKTÚR

☐ 14.00 Arkitektinn Guja Dögg Hauksdóttir leiðir fólk um Norræna húsið sem var hannað af hinum þekkta finnska arktitekt **Alvar Aalto**. Leiðsögnin er aftur kl. 16.00.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

MR. SKALLAGRÍMSSON

- höf. og leikari Benedikt Erlingsson

Sjá sýningadagatal á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma: 437-1600

Reyfi 2007

MENNINGARGNÆGÐ NORRÆNA HÚSIÐ
18. – 26. ÁGÚST 2007
SUNNUDAGUR 26. ÁGÚST

LISTSÝNINGAR ALLA DAGA Á MEÐAN Á HÁTÍÐINNI STENDUR:
HÖNNUNARSÝNING FRÁ ÁLANDSEYJUM
LJÓSMYNDASÝNING UM ARKITEKTÚR
LJÓSMYNDASÝNING REBEKKU GUÐLEIFSDÓTTUR
GLOBAL VILLAGE HEIMSÞORP
"SKÖPUN ÚR RUSLI" OG LJÓSMYNDASÝNING VINNUSKÓLA REYKJAVÍKUR
SÝNING Á VERKUM LEIKSKÓLABARNA

GLERSKÁLI:
KL. 13:00
MOSSKÓGA-MARKAÐURINN OG ÍSLENSKAR HEILSU- OG NÁTTÚRUVÖRUR
DANSSÝNINGAR:
KL. 13:00 BOLLYWOOD DANS FYRIR BÖRN
KL. 14:00
NÝTT DANSVERK EFTIR HELENU JÓNSDÓTTUR
KL. 16:00
FLAMENCODANS MINERVA IGLESIAS
TÓNLEIKAR:
KL. 15:00 VOX BOREALIS
KL. 17:00
ALAN JONES FRÁ X - FACTOR
KL. 19:00 NARODNA MUSIKA
KL. 21:00 ANDREA GYLFA OG TRÍÓ BJÖRNS THORODDSEN
KL. 22:30 KK OG TRÍÓ

NORRÆNA HÚSIÐ:
KL. 14:00 OG 16:00
LEIÐSÖGN UM NORRÆNA HÚSIÐ MEÐ GUJU DÖGG
KL. 14:45
MÖGULEIKHÚSIÐ SÝNIR BARNALEIKRITIÐ LANDIÐ VIFTRA
KL. 18:00 MED ANDRA ORD SIRKUSSÝNING

NORRÆNA HÚSIÐ
WWW.NORDICE.IS WWW.REYFI.IS

Styrkir Reykjavíkurborgar

Nú stendur yfir gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsemi á árinu 2008. Meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir eru m.a. veittir til verkefna á sviði eftirtalinna málaflokka:

- félags- og velferðarmála.
- menntamála - grunnskólar/leikskólar.
- íþrótta- og æskulýðsmála.
- jafnréttis- og mannréttindamála.
- menningarmála.
- umferðaröryggismála.

Vakin er athygli á því að reglur um styrkveitingar er að finna á vef Reykjavíkurborgar *www.reykjavik.is/styrkir*. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um áherslur borgarinnar í einstökum málaflokkum.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á vef Reykjavíkurborgar, *www.reykjavik.is/styrkir*. Eyðublöðum þessum skal skilað rafrænt ásamt fylgigögnum, eða, ef þess er ekki kostur, í Ráðhús Reykjavíkur, merktum Reykjavíkurborg – styrkumsókn.

Umsóknarfrestur er til 1. október nk. og eru einungis teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Reykjavíkurborgar kveða á um.

Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á. Þá eru styrkir alla jafna ekki veittir til kaupa á húsnæði, og ekki eru veittir styrkir til greiðslu fasteignagjalda. Umsóknir verða metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð.
- hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf.
- hvort unnt sé að meta framvindu verksins.
- hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur.
- væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi.
- fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn.

Styrkumsókn felur í sér að umsækjendur undirgangast ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Gert er ráð fyrir að úthlutun nefnda og ráða verði lokið í árslok 2007.

Fyrirspurnir og óskir um nánari upplýsingar má senda á netfangið styrkir@reykjavik.is

www.reykjavik.is/styrkir

512 50 50 Auglýsingasími

Mest lesið

REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL

30.ÁGÚST - 02.SEPT. 2007
WWW.DANCEFESTIVAL.IS

MIÐASALA Á midi.is

Iceland Express

Styrkt af Reykjavíkurborg

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE BOURNE ULTIMATUM	kl.5.40,8 og 10.20-POWER	14
RUSH HOUR 3	kl. 2, 3.45, 6, 8 og 10	12
RATATOUILLE íslenskt tal	kl. 1.30 og 3.45	L
TRANSFORMERS	kl. 7 og 10	10
SIMPSONS íslenskt tal	kl. 2 og 4	L

Íslenskt tal | Íslenskt tal
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!
www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!
MAGNAÐASTA SPENNUMYND SUMARSINS
THE BOURNE ULTIMATUM
LÚXUS
LANDSLIÐ GRÍNISTA Í STÆRSTU ÍSLENSKU BÍÓMYND ÁRSINS
ASTRÓPÍA
BÍÓ-DAGAR GRÆNA LJÓSSINS
SICKO | SHORTBUS | AWAY FROM HER
THE BRIDGE | DEATH OF A PRESIDENT | DELIVER US FROM EVIL
GOYA´S GHOSTS | FOR YOUR CONSIDERATION | DIE FALSCHER
GOOBYE BAFANA | COCAINE COWBOYS | CURSE OF THE GOLDEN FLOWER
ZOO | FUCK | GOING TO PIECES
DAGSKRÁ OG MIÐASALA Á WWW.MIDI.IS
ALLAR UPPLÝSINGAR Á GRAENALJOSID.IS
500kr SKOPPA & SKRÍTLA MÆTA
51.000 manns

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

SKOPPA & SKRÍTLA	kl. 2 - 3 500 kr	
BOURNE ULTIMATUM	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	14
BOURNE ULTIMATUM LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
THE SIMPSONS MOVIE kl. 4 - 6 - 8 - 10 enskt / 2 - 4 - 6 ísl. tal		
RUSH HOUR 3	kl. 1.30 - 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	
DIE HARD 4.0	kl. 8 *Síðustu sýningar	14
DEATH PROOF	kl. 10.45 *Síðustu sýn.	16

REGNBOGINN SÍMI 551 9000
SÝNINGARTÍMAR BÍÓDAGA GRÆNA LJÓSSINS

KL. 3	For Your Consideration / Deliver Us From Evil**	
	Goya´s Ghosts** / Curse Of The Golden Flower**	
KL. 5.30	Sicko / Away From Her / Zoo** / Fuck**	
KL. 8	The Bridge** / Cocaine Cowboys / Die Falscher**	
KL. 10.30	Death Of A President** / Shortbus / Goodbye Bafana / Going To Pieces	

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

ASTRÓPÍA	kl. 4 - 6 - 8 - 10	
BOURNE ULTIMATUM	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	14
RUSH HOUR 3	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
BECOMING JANE	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	

SÍMI 462 3500

BOURNE ULTIMATUM	kl. 6 - 8 - 10	14
RUSH HOUR 3	kl. 4 - 8 - 10	12
THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL	kl. 6	

MIÐASALA Á midi.is

HARÐJAXLAR

Daniel Craig þykir feta nýjar slóðir í nálgun sinni að James Bond en konurnar eru aldrei langt undan. Hnyttin tilsvör Bretans hafa hingað til verið aðalsmerki leyniþjónustumannsins en nú þykir sýnt að **Matt Damon** sé á góðri leið með að velta honum úr sessi sem Jason Bourne þótt **Julia Stiles** yrði seint talin Bond-pía.

JASON BOURNE EÐA BOND?

Þrátt fyrir að bera sömu upphafsstafina er margt ólíkt með hasarmyndahetjunum Jason Bourne og James Bond. En hvor ætli sé flottari, Bourne eða Bond?

Matt Damon fer með hlutverk Bourne, sem er hugarfóstur spennusagnahöfundarins Roberts Ludlum. Lokamyndin í þríleiknum um Bourne, The Bourne Ultimatum, er nýkomin í bíó og þar svífst kappinn einskis við að komast að því hver hann er og hvers vegna bandaríska leyniþjónustan, CIA, vill hann feigan. Bond hefur aftur á móti haft sex andlit í gegnum árin og er Sean Connery af mörgum talinn sá besti hingað til. Engu að síður þykir sá nýjasti, Daniel Craig, hafa allt sem til þarf í hlutverkið og gæti hann jafnvel velt Connery úr sessi á næstu árum.

Nútímaútgáfa af Bond

Þegar Jason Bourne kom fram á sjónarsviðið í byrjun áratugarins var hann umsvifalaust sagður nútímaleg útgáfa James Bond. Báðir eru einfarar sem eiga uppruna sinn í leyniþjónustunni. Þeir eiga í litlum erfiðleikum með að drepa þá sem í vegi þeirra verða og yfir þeim er ákveðin fágun sem fáir hafa yfir að ráða. Þar endar samanburðurinn aftur á móti því þegar vel er að gáð er um tvær gjörólíkar persónur að ræða.

Tæknivæddur slagsmálahundur

Bourne er hátæknivæddur töffari með slagsmálakunnáttu á við Bruce Lee, sem er nokkuð sem Bond hefur ekki verið alltof þekktur fyrir í gegnum tíðina. Bond reiðir sig á tæknikunnáttu Q í baráttunni við vondu karlanna á meðan Bourne treystir alfarið á sjálfan sig.

Bond betur klæddur

Á meðan Bourne klæðir sig hversdagslega og virkar ósköp venjulegur náungi á yfirborðinu klæðist Bond glerfínum jakkafötum, drekkur martini og stundar fjárhættuspil. Á sama tíma bragðar Bourne varla áfengi og eina áhættan sem hann tekur er þegar hann leggur sitt eigið líf undir.

Hnyttin tilsvör og kvennafar

Bond er konungur hnyttinna tilsvara á meðan Bourne er satt best að segja of upptekinn við að bjarga eigin skinni til að spjalla eða grínast yfirhöfuð. Bond veður einnig í kvenfólki á meðan Bourne varla svo mikið sem kyssir konur í myndunum sínum. Pussy Galore, Vesper Lynd, Xenia Onatopp og Mary Goodnight eru á meðal vinkvenna Bond á meðan Bourne þarf að láta sér nægja venjulegar stúlkur eins og Nicky, sem Julia Stiles lék í fyrstu myndinni, The Bourne Identity.

Aston Martin eða Mini?

Bourne á aðeins einn andstæðing, CIA, á meðan Bond berst við nýtt illmenni í hverri mynd og er hvert og eitt þeirra sérviturt í meira lagi.

Að auki á Bond miklu flottari bíla en Bourne. 007 ekur um á Aston Martin á sama tíma og Bourne ekur því sem hendi er næst. Skiptir þá engu hvort um rauðan Mini eða VW Golf sé að ræða.

Þá er bara að gera upp hug sinn. Hvor stendur uppi sem sigurvegari, Jason Bourne eða James Bond?

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA
MATT DAMON ER JASON BOURNE
THE BOURNE ULTIMATUM
Magnaðasta spennumynd sumarsins
ASTRÓPÍA
RATATOUILLE
PEIRRA STRÍÐ. OKKAR HEIMUR
frá MICHAEL BAY og STEVEN SPIELBERG

ÁLFABAKKA		
ASTRÓPÍÁ	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10	L
ASTRÓPÍÁ	kl. 8 - 10:10 VIP	
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30	L
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 12:30 - 3 - 5:30 DIGITAL	L
TRANSFORMERS	kl. 5 - 8 - 10:40	10
TRANSFORMERS	kl. 2 - 5 VIP	
NANCY DREW	kl. 6	7
GEORGIA RULES	kl. 8	7
HARRY POTTER 5	kl. 12:30 - 3 - 8	10
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 1 - 3	L
OCEAN´S 13	kl. 10:30	7

SELFOSSI S. 482 3007		
RUSH HOUR 3	kl. 1:30 - 8 - 10	12
ASTRÓPÍÁ	kl. 3:30 - 8 - 10	L
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
TRANSFORMERS	kl. 5:30	10

KRINGLUNNI		
BOURNE ULTIMATUM	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
ASTRÓPÍÁ	kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	L
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl.2-3-5:30 DIGITAL	L
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 8	L
TRANSFORMERS	kl. 10:20 DIGITAL	10
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 2	L

AKUREYRI		
ASTRÓPÍÁ	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L
SHREK 3 ÍSL TAL	kl. 2	L
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 2 - 4 - 6	L
RATATOUILLE ENSKT TAL	kl. 8	L
TRANSFORMERS	kl. 10:15	10

KEFLAVÍK		
ASTRÓPÍA	kl. 2 - 6 - 8 - 10	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10:30	12
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl.1:30 -3:40 -5:50	L
NANCY DREW	kl. 4	7

SparBíó 450kr
Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag
www.SAMbio.is SAMBÍÓIN
NÝJASTA MEISTARAVERK PIXAR OG DISNEY
RATATOUILLE
Harry Potter and the Order of the Phoenix
RATATOUILLE- KL. 12:30 Í ÁLFABAKKA M/ ENSKU OG ÍSL TALI
KL. 1:30 Í KEFLAVÍK - KL. 1:30 Á SELFOSSI - KL. 2 Á AKUREYRI (ÍSL TAL)
HARRY POTTER 5
KL. 12:30 Í ÁLFABAKKA
SHREK 3 MEÐ ÍSLENSKU TALI
KL. 1 Í ÁLFABAKKA OG 2 Á AKUREYRI

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
TUCKER CHAN RUSH HOUR 3 ATH. SÝND KL. 2
RATATOUILLE ATH. SÝND KL. 1.30
SIMPSONS MOVIE SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI ATH. SÝND KL. 2
450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

Katie flýr hroturnar í Cruise

Hollywood-hjónakornin Katie Holmes og Tom Cruise sofa nú hvort í sínu herberginu á heimili sínu í Los Angeles. Ástæðan mun þó ekki vera ágreiningur á milli þeirra, heldur munu hrotur Toms gera Katie lífið leitt. Vinir stjörnuparsins segja að Katie geti hreinlega ekki sofið við hlið Toms, svo hátt rýti hann í sínum fastasvefni.

„Þau sofa gjarnan hvort í sínu herberginu og eru bæði sátt við það fyrirkomulag," segir vinurinn, en þetta ástand mun hafa staðið yfir allt frá því að þau kynntust árið 2005. Komið hefur til tals að senda Tom í aðgerð vegna „kvillans" en hefur þó ekkert verið endanlega ákveðið í þeim efnum.

SEFUR LÍTIÐ VIÐ HLIÐ TOMS Katie Holmes sést hér ásamt dóttur þeirra hjóna, Suri Cruise.

JET LI Hasarmyndaleikarinn Jet Li starfar með kollega sínum Jackie Chan í nýrri mynd.

Samanlagt hundrað ára

Hasarmyndaleikarinn Jet Li vill halda væntingum áhorfenda í lágmarki fyrir hasaratriðin í væntanlegri mynd sinni og Jackie Chan, The Forbidden Kingdom, sem kemur út næsta vor.

Hann segir að aldurinn sé farinn að færast yfir þá félaga og þeir geti ekki endalaust skilað sínu í hasarnum. „Þegar ég og Jackie Chan vildum fyrst vinna saman fyrir fimmtán árum var ástríða okkar í hámarki. Við vildum sárlega ná langt í kvikmyndabransanum," sagði Li, sem er 44 ára. „Núna þegar við horfum á The Forbidden Kingdom grínumst við með það að samanlagður aldur okkar sé hundrað ár."

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eddie Vedder, söngvari Pearl Jam, treður upp á heimsfrumsýningu heimildarmyndarinnar Body of War á kvikmyndahátíðinni í Toronto 11. september. Myndin fjallar um hermanninn Tomas Young sem lamaðist eftir að hafa fengið í sig byssukúlu sína fyrstu viku í Írak. Vedder ákvað að leggja fram tvö lög eftir sig í myndina eftir að hafa hitt Young. Heita þau No More og Long Nights.

Gamanleikarinn **Bill Murray** hefur verið handtekinn fyrir að hafa ekið golfbíl um götur Stokkhólms undir áhrifum áfengis. Murray neitaði að blása í áfengismæli og þess í stað var tekin af honum blóðprufa. Murray, sem tekur þátt í golfmóti í Stokkhólmi, játaði skömmu síðar að hafa ekið undir áhrifum. Úrskurðað verður í málinu eftir tæpar tvær vikur og er talið líklegt að leikarinn þurfi að greiða háa sekt fyrir athæfið.

Fyrrverandi kærasta **Tim Burton** hefur verið beðin um að endurskoða málshöfðun sína gegn kvikmyndaleikstjóranum vegna ónægra sönnunargagna. Kærastan, Lisa Marie, segir að Burton hafi svikið loforð sem hann gaf henni um að styðja við bakið á henni fjárhagslega um ókomna tíð. Lisa Marie, sem hefur leikið í nokkrum myndum eftir Burton, höfðaði málið í desember. Þegar Burton sagði henni upp var hún látin skrifa undir samning þar sem hún afsalaði sér rétti á eignum leikstjórans.

Söngkonan **Amy Winehouse** hefur verið tilnefnd til fjögurra Mobo-verðlauna sem verða afhent 19. september í London. Etur hún kappi við Beverly Knight, Corinne Bailey Rea, Joss Stone og Jameliu um titilinn besta söngkonan. Rapparinn **Dizzee Rascal** fékk einnig fjórar tilnefningar. Óvíst er hvort Winehouse geti verið viðstödd athöfnina vegna heilsubrests en hún er í meðferð eftir að hafa farið á þriggja daga fyllerí.

> Lék ekki vegna dauðsfalls

Leik Jóhannesar Karls Guðjónssonar og félaga í Burnley gegn QPR var frestað vegna dauðsfalls leikmanns. Ray Jones, sem lék sem framherji með QPR, lést aðfaranótt laugardags í bílslysi en hann var ekki nema átján ára gamall. Hann átti að baki leiki með unglingalandsliðum Englands. Þrír létust þegar Volkswagen Golf bifreið lenti í árekstri við tveggja hæða strætisvagn skömmu eftir miðnætti á föstudagskvöldið.

sport
sport@frettabladid.is

HELGI VALUR DANÍELSSON: LÍKAR LÍFIÐ ILLA Í SÆNSKU 1. DEILDINNI

Vil ekki spila með Öster á næsta tímabili

Fremur lítið hefur heyrst af Helga Vali Daníelssyni þetta árið en hann spilar í sænsku 1. deildinni með Öster, sem hefur vægast sagt átt slæmu gengi að fagna síðan hann kom til félagsins. Í fyrra féll liðið úr úrvalsdeildinni og í ár er liðið aftur við það að falla um deild þrátt fyrir að hafa haldið langflestum sínum leikmönnum.

„Við erum búnir að vera í miklu basli í allt sumar en höfum aðeins unnið á í síðustu leikjum. Við erum þó enn í fallbaráttu," sagði Helgi Valur en liðið er í fjórða neðsta sæti deildarinnar, aðeins einu stigi frá fallsæti.

„Við áttum lengi vel í vandræðum með að skora en við unnum ekki leik á heimavelli fyrr en fyrir nokkrum vikum. Ég get ekki sagt að ég sé ánægður með að spila í þessari deild en mér hefur þó gengið sjálfum alveg þokkalega. Ég hef spilað alla leiki og skorað nokkur mörk. Ég veit vel að ég get spilað í efstu deild."

Helgi Valur á enn eitt ár eftir af samningi sínum en hingað til hefur Öster ekki viljað ræða við þau lið sem hafa sýnt honum áhuga. „Ég veit af áhuga einhverra liða á Norðurlöndunum en ekkert meira hefur gerst í þeim málum. Ég veit að þeir ætla að bjóða mér nýjan samning en miðað við stöðu liðsins eru þeir þegar að borga of mikið í laun. Ég býst því ekki við sterku samningstilboði og ætla að bíða og sjá hvað gerist eftir tímabilið."

Hann meiddist á nára og í baki síðastliðið haust og gekkst undir aðgerð vegna meiðslanna í mars síðastliðnum. „Ég er nú orðinn mjög góður í dag enda hef ég ekki misst úr leik."

Hann missti þó sæti sitt í landsliðinu en hefur hug á að vinna það aftur. „Ég veit að það er ekki fylgst mikið með mér þegar liðinu gengur svona illa en það er líka ein aðalástæðan að ég vil spila í efstu deild í hvaða landi sem er. Hvort ég fer fram á sölu í lok tímabilsins verður að koma í ljós en ég á eftir að ræða við forráðamenn liðsins fyrst."

Þýski handboltinn fór af stað í gærdag með fjórum leikjum:

Gylfi skoraði fimm í sigurleik

HANDBOLTI Gylfi Gylfason, leikmaður Wilhelmshaven, skoraði fimm mörk í sigurleik gegn Minden í gær en þá fór þýska úrvalsdeildin af stað með fjórum leikjum. Gylfi var markahæstur í Wilhelmshaven ásamt tveimur öðrum leikmönnum en liðið vann leikinn, 28-22. Einar Örn Jónsson skoraði eitt mark fyrir Minden.

Birkir Ívar Guðmundsson varði mark Lübbecke sem tapaði stórt á heimavelli sínum fyrir Flensburg, 34-22. Einar Hólmgeirsson lék sinn fyrsta leik fyrir Flensburg en skoraði ekki mark. Hann fékk þó tveggja mínútna brottvísun í leiknum.

Logi Geirsson náði heldur ekki að skora þegar lið hans, Lemgo, vann fjögurra marka sigur á Göppingen, 27-23. Jaliesky Garcia lék ekki með Göppingen vegna meiðsla. Þá unnu Þýskalandsmeistarar Kiel stóran sigur á Melsungen, 39-29. Vid Kavticnik skoraði níu mörk fyrir Kiel og Kim Andersson átta.

Næstu leikir í deildinni fara fram á þriðjudaginn kemur en þá munu Halldór Sigfússon og félagar í Tusem Essen taka á móti Grosswallstadt. Essen var fyrir tveimur árum dæmt niður um tvær deildir vegna fjárhagsörðugleika en liðið fór rakleitt beint aftur upp í úrvalsdeildina.

- esá

GYLFI GYLFASON Skoraði fimm mörk fyrir Wilhelmshaven í gær.

SLOPPINN Í GEGN Tuukka Kotti er hér kominn framhjá þeim Brenton Birmingham og Páli Axel Vilbergssyni í leik Íslands og Finnlands í Vantaa í gær.

MYND/TIMO JAAKONAHO

Óþarflega stórt tap í Finnlandi

Íslenska karlalandsliðið í körfubolta tapaði í gær fyrir Finnum á útivelli, 85-66, í B-deild Evrópumótsins. Íslenska liðið náði sér nánast aldrei á strik.

KÖRFUBOLTI Íslenska karlalandsliðið tapaði í gær fyrir Finnum, 85-66, ytra í B-deild Evrópumótsins. Þar með situr Ísland enn í næstneðsta sæti riðilsins.

Íslenska liðið náði sér aldrei almennilega á strik í leiknum en átti þó ágæta spretti í upphafi annars og þriðja leikhluta. Finnar gerðu einfaldlega það sem til þurfti og keyrði svo yfir íslenska liðið í fjórða leikhluta.

Varnarleikurinn var í fyrirrúmi í upphafi leiks en fyrsta karfan kom ekki fyrr en tvær mínútur voru liðnar. Það var í eina skiptið sem Ísland komst yfir í leiknum en Finnar skoruðu næstu þrettán stig. Sjö stiga munur var í lok fyrsta leikhluta en þökk sé góðri vörn íslenska liðsins í upphafi annars leikhluta tókst því að minnka muninn í þrjú stig.

SJÖ STIG Logi Gunnarsson skoraði sjö stig gegn Finnum í gær. Hér keyrir hann upp að körfunni.

MYND/TIMO JAAKONAHO

Það dugði skammt því fjara fór undan íslenska liðinu og Finnar gengu á lagið og komu sér aftur í meira en tíu stiga forskot.

Skothittni íslenska liðsins var alls ekki góð, sér í lagi af vítalínunni. Finnar voru án tveggja af sínum sterkustu leikmönnum, þeirra Möttölä og Ranniko, en Ísland saknaði einnig nokkurra góðra leikmanna, svo sem Jóns Arnórs Stefánssonar og Hlyns Bæringssonar.

Íslendingar byrjuðu þriðja leikhluta með því að vinna upphafsmínúturnar 7-2. En aftur gaf íslenska vörnin eftir og Finnar náðu aftur öruggu forskoti og gáfu það aldrei eftir. Strax í upphafi fjórða leikhluta keyrðu þeir finnsku yfir íslenska liðið og úrslit leiksins ráðin.

„Þetta var ekki eins og við vildum hafa það," sagði Sigurður Ingimundarson landsliðsþjálfari eftir leik. „Við eigum ýmislegt inni í sóknarleik okkar en þrátt fyrir það lékum við ágætlega inni á milli. En við gerðum mistök og nýttum til dæmis fjöldamörg opin skot illa."

Þegar liðið náði sér á strik náðu Finnarnir alltaf að stöðva áhlaup Íslendinga. „Þegar við vorum að nálgast fórum við að missa boltann of mikið og þá gengu þeir á lagið. En það verður ekki tekið af strákunum að þeir lögðu sig alla fram. Það hefði þó ýmislegt þurft að fara betur til að við ynnum leikinn."

eirikur@frettabladid.is

Stig Íslands: Brenton Birmingham 16, Páll Axel Vilbergsson 13, Helgi Magnússon 12, Fannar Ólafsson 10, Logi Gunnarsson 7, Jakob Sigurðarson 4, Friðrik Stefánsson 2, Kristinn Jónasson 2.

ARTICA

ESTĒE LAUDER
CLINIQUE
LA MER
MAC
ORIGINS
aramis
BOBBI BROWN

BOBBI BROWN

Bobbi Brown hristi upp í snyrtivöruiðnaðinum þegar hún setti varalitina sína á markaðinn árið 1991 og hefur hún síðan þá verið leiðandi í förðunarvörum og vörur hennar fáanlegar í helstu borgum heims.

Í haust verða Bobbi Brown förðunar- og snyrtivörurnar fáanlegar á Íslandi.

Við leitum að áhugasömum einstaklingum til að vinna með og selja Bobbi Brown snyrtivörur.

Ef þú ert með
- menntun og kunnáttu í förðun,
- þjónustulund,
- söluhæfileika
- skipulagshæfni og hugmyndaríki

þá sendu inn umsókn ásamt mynd fyrir 1. september 2007 til:
Artica ehf
Hlíðarsmára 9
201 Kópavogur
eða á netfangið eva@artica.is

Í 20 ár hefur Artica ehf verið leiðandi fyrirtæki í sölu og markaðsmálum á snyrtivörum á Íslandi.

Artica ehf. ▪ Hlíðasmári 9 ▪ 201 Kópavogur ▪ Sími: 564 6222 ▪ Fax: 564 6223 ▪ artica@artica.is

OPIÐ Í DAG
FRÁ 13-17

OPIÐ Í DAG SUNNUDAG • STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI TILBOÐUM • ALLAR FARTÖLVUR TIL AFGREIÐSLU STRAX

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur

VERÐ VÖRN

Á lækkum við okkar verð á staðnum

ADEINS ÞESSA HELGI

25DVD DISKAR

1.290

Verbatim 16x DVD+R spindill

iP4300 PRENTARI

9.990

Athugið aðeins 1 stk. á mann

20" LCD WIDESCREEN

19.900

800:1 - 5MS - VGA OG DVI TENGI

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi innifölduð • Birt með fyrirvara um breytingar og villur

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR

OPIÐ Í DAG SUNNUDAG

13:00 - 17:00

EIÐUR SMÁRI Meiðsli hafa sett strik í reikninginn hvað varðar vangaveltur um framtíð hans. NORDIC PHOTOS/AFP

Eiður Smári Guðjohnsen:

Galatasaray sýnir áhuga

FÓTBOLTI Samkvæmt spænskum fjölmiðlum í gær hefur Galatasaray frá Tyrklandi sýnt Eiði Smára Guðjohnsen áhuga. Barcelona er sagt reiðubúið að selja kappann á tíu milljónir evra og mun Galatasaray vera tilbúið að reiða þá upphæð fram.

Hins vegar hafa meiðsli Eiðs Smára sett strik í reikninginn en hann er meiddur á hné og enn óljóst hve lengi hann verður frá.

Frönsku meistararnir í Lyon spurðust fyrir um Eið Smára en ákváðu að bjóða ekki í hann vegna meiðslanna. - esá

Hef trú á KR gegn Skagamönnum

Gunnar Oddsson, þjálfari 1. deildarliðs Þróttar, hefur trú á því að KR-ingar rétti úr kútnum í kvöld og innbyrði sigur gegn Skagamönnum á heimavelli. Heil umferð fer fram í Landsbankadeildinni í kvöld.

FÓTBOLTI Fjórtánda umferð Landsbankadeildar karla fer öll fram í dag og óhætt að segja að mikil spenna verði á öllum vígstöðvum í kvöld. Fréttablaðið fékk Gunnar Oddsson, þjálfara 1. deildarliðs Þróttar, til að velta fyrir sér viðureignum dagsins.

Gunnar segist vel fylgjast með þótt leikjadagskráin sé þétt í 1. deildinni. „Það er meiri spenna nú fyrir lokasprettinn en hefur verið síðustu ár. Það er auðvitað jákvætt. Það hefur þó komið mér á óvart hversu mikið Keflvíkingar hafa gefið eftir nú í seinni umferðinni. Ég bjóst við að þeir myndu ásamt Valsmönnum veita FH-ingum harða keppni um titilinn."

Þessi tvö lið, Keflavík og Valur, mætast einmitt suður með sjó í kvöld. „Það er hellingur undir í þessum leik þar sem Valsmenn eru enn að reyna að halda í við FH og Keflvíkingar að berjast um Evrópusæti. Ég gæti trúað því að Keflvíkingar myndu bíta verulega frá sér í þessum leik og ná sér á strik aftur. Valsararnir eru þó með hörkuleik og má því búast við góðri skemmtun fyrir áhorfendur."

Í Árbænum mæta meistararnir í heimsókn til Fylkis. FH hefur gefið eftir en síðustu tveimur leikjum liðsins hefur lyktað með jafntefli.

„Þetta verður erfiður leikur fyrir FH. Liðið þarf á stigunum að halda eftir að hafa klúðrað þeim möguleika að ná sér í gott forskot. Það gefur þó hinum liðinum byr undir báða vængi og sjá þau nú möguleika á móti FH. Fylkismennirnir eru líka með gott lið og á góðum degi geta þeir unnið hvaða andstæðing sem er."

KRÍAN KEMUR Í FROSTASKJÓLIÐ Úr leik KR og ÍA fyrr í sumar en hér berjast þeir Rúnar Kristinsson og Jón Vilhelm Ákason um boltann. Rúnar verður í banni í leiknum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GÍSLI BALDUR

Botnslagurinn er afar harður en aðeins eitt lið fellur úr deildinni. Fjögur lið berjast nú um að halda sér í deildinni en tvö þeirra mætast í kvöld, nýliðarnir Fram og HK.

„Þetta verður svakalegur leikur," sagði Gunnar. „Með sigri getur HK tryggt sér tilverurétt sinn í deildinni en það virðist að sama skapi komið líf í Framara í síðustu leikjum og þeir byrjaðir að skora. Allir svona innbyrðis leikir eru lykilleikir upp á framhaldið en þótt Fram tapi er samt ekki öll nótt úti enn fyrir þá."

Víkingar eru einnig í mikilli fallhættu og fara í heimsókn til Blika sem hafa verið heitir nú upp á síðkastið. „Víkingar liggja mikið til baka en Blikarnir vilja sækja. Það mun þó reyna vel á Víkinga en þó gæti það hentað þeim að spila á móti svona liði. Ef Breiðablik skorar hins vegar snemma gæti þetta orðið veisla fyrir Blikana."

LANDSBANKADEILDIN

Leikir kvöldsins

Keflavík-Valur	kl. 18.00
KR-ÍA	kl. 18.00
Breiðablik-Víkingur	kl. 18.00
Fylkir-FH	kl. 18.00
Fram-HK	kl. 20.00

Staðan í deildinni

FH	**13**	**8**	**4**	**1**	**29-17**	**28**
Valur	13	7	4	2	28-16	25
ÍA	**13**	**6**	**3**	**4**	**25-20**	**21**
Fylkir	13	6	3	4	14-13	21
Breiðablik	**13**	**4**	**6**	**3**	**20-11**	**18**
Keflavík	13	5	3	5	20-20	18
HK	**13**	**4**	**3**	**6**	**13-25**	**15**
Víkingur	13	3	3	7	12-20	12
KR	**13**	**2**	**4**	**7**	**10-20**	**10**
Fram	13	2	3	8	16-25	9

Að síðustu ber að nefna stórveldisslag KR og ÍA. Öllum er kunnugt um hrakfarir KR-inga en Gunnar hefur trú á að þeir komi sér á rétta braut í kvöld. „KR hefur verið á uppleið en Skagamenn eru komnir með það sem þeir voru að sækjast eftir. Þeir hafa fest sig í sessi og komnir með fleiri stig á þessum tímapunkti en spekingarnir bjuggust við fyrir mót. KR-ingar eru auðvitað með mannskap sem á að skila liðinu miklu hærra í töflunni en ég hef trú á þeim í þessum leik."

Spurður um hans tilfinningu fyrir lokastöðu deildarinnar segir hann að FH muni verja titilinn. „Ég er samt ekki tilbúinn að spá um hvaða lið fellur. Það er ekki tímabært enn sem komið er. En ég gæti trúað því að Fram þyrfti að minnsta kosti sjö stig í viðbót til að bjarga sér."

eirikur@frettabladid.is

NÝ MANNVIRKI VÍGÐ Á HLÍÐARENDA

Mikið var um dýrðir á Valssvæðinu við Hlíðarenda þegar ný og glæsileg mannvirki voru vígð. Boðið var til fjölskylduhátíðar en þeir **Magnús Konráð Sigurðsson**, **Emil Draupnir Baldursson** og **Róbert Snær Ólafsson** gæddu sér á pylsum þegar ljósmyndara bar að garði. Síðar fór vígslan sjálf fram og flutti **Grímur Sæmundsen**, formaður Vals, ávarp við það tilefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



VILTU BÆTAST Í STÓRAN HÓP ÍSLENDINGA SEM HAFA KEYPT EIGNIR Í BÚLGARÍU?

PROXIMA er rekið af íslenskum aðilum sem eru að byggja vandaðar eignir á einum eftirsóttasta stað í Búlgaríu. **Fallegar íbúðir og raðhús við Svartahafið.**
20 mín á alþjóða**flugvöll**
20 mín til borgarinnar **Bourgas** sem liggur við Svartahafið, þægileg og skemmtileg borg.
1 klst. til Tyrklands. **Budjaka „svæðið"** sem er byggt á er alveg við einn af frægari bæjum í Búlgaríu **Sozopol** yndislegur bær með fjölbreyttu og skemmtilegu mannlífi. Þetta er eitt af eftirsóttari svæðum og má aðeins byggja á 20% af landinu og aðeins upp á þrjár hæðir. **Öruggt** og rólegt svæði sem býður upp á **góða fjárfestingu**.

3 daga skoðunarferð verður um mánaðarmótin ágúst – september
3 daga skoðunarferð verður seinnpart september
Ferðin er endurgreidd ef eign er keypt af PROXIMA.

Í boði eru eignir í **VILLA KAREN** sem glæsilegt 24 íbúða fjölbýli með 2ja herbergja íbúðum sem skiptist í þrjár byggingar. Tvær sex íbúða og eina átta íbúða byggingu. Sundlaug og pottur, grillaðstaða. Stutt á strönd.
VERÐ frá 74.000 €

ELINOR II sérlega fallegt 8 íbúða hús á besta stað alveg við ströndina, sundlaug og afgirt svæði. **Stórglæsilegt hús á þremur hæðum í hinum skemmtilega bæ Budjaka við Sozopol. Húsið er hannað í Nessebar stíl sem er þjóðlegur búlgarskur byggingastíll og er mjög hátt metin í Búlgaríu.** Það er mjög stutt niður á hvíta strönd frá húsunum og 3-5 mín akstur niður í miðbæ Sozopol. Stutt í alla þjónustu og á veitingastaði.
VERÐ frá 77.000 €

VILLA FIORD – Tíu sérlega falleg raðhús á frábærum stað - 142 fm raðhús á 3.hæðum – 2 íbúðir í hverju húsi! ÚTSÝNI ÚT Á SVARTA HAFIÐ

1. ***hæð stofa, eldhús, salerni og verönd.***
2. ***hæð tvö svefnherbergi og tvö baðherbergi inn af hvoru þeirra. Tvennar svalir.***
3. ***hæð er hönnuð sem íbúð með eldhúsi, stofu, baðherbergi, svefnherbergi. Tvennar svalir.***

VERÐ frá 150.000 €

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

Hafið samband við Eirík Hilmarsson s. 822 7303 eða Ingvar Ragnarsson s. 822 7300 til að fá nánari upplýsingar.

Frum

Landsbankadeild kvenna:

Fylkir vann sinn fyrsta sigur

FÓTBOLTI Fylkir kom sér í gær úr botnsæti Landsbankadeildar kvenna með 2-1 sigri á Fjölni. Þetta var fyrsti sigur Fylkismanna í deildinni í sumar.

Fjölnir komst yfir með marki Guðnýjar Jónsdóttur á 55. mínútu en Ásta Huld Guðmundsdóttir skoraði tvívegis með mínútu millibili örskömmu síðar og dugði það til sigurs.

Fjölnir er enn í þriðja neðsta sætinu með sjö stig en Fylkir kemur næst með sex stig. ÍR er nú á botninum með fjögur stig.

- esá

Fyrsta deild karla:

Grindavík enn á toppnum

FÓTBOLTI Grindavík hélt toppsæti 1. deildar karla eftir 3-0 sigur á Þórsurum á heimavelli í gær. Orri Freyr Hjaltalín, Andri Steinn Birgisson og Eysteinn Húni Hauksson skoruðu mörk Grindavíkur.

Fátt virðist geta komið í veg fyrir að Grindavík og Þróttur fari upp um deild og þá er staða Fjölnis einnig góð. **- esá**

Kasper Schmeichel varði víti gegn Arsenal en það dugði ekki til:

Fabregas stöðvaði Sven-Göran

FÓTBOLTI Manchester City lét toppsætið í ensku úrvalsdeildinni af hendi þegar liðið tapaði, 1-0, fyrir Arsenal á útivelli. Markið skoraði Cesc Fabregas þegar tíu mínútur voru eftir af leiknum.

City fékk þó tækifæri til að gera út um leikinn en þeir Martin Petrov og Emile Mpenza fengu frábær markfæri í leiknum. Kasper Schmeichel varði meira að segja vítaspyrnu Robin van Persie en allt kom fyrir ekki.

Þetta var fyrsta markið sem City og Schmeichel fá á sig en Kasper komst mjög nálægt því að jafna met Peters, föður síns, sem hélt hreinu í fyrstu fjórum leikjum sínum með Manchester United á sínum tíma.

Vítið var dæmt þegar Micah Richards braut á Aleksandr Hleb. Schmeichel var svo meira að segja nærri því búinn að skora sjálfur á lokamínútum leiksins þegar hann brá sér í sóknina og átti kröftugan skalla sem Manuel Almunia varði með tilþrifum.

„Ég vissi að við myndum berjast fram á síðustu sekúndu," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal. „Mér fannst alltaf eins og við myndum skora en City er með gott lið. Við stóðum okkur vel í dag."

MARK Cesc Fabregas lætur hér vaða að marki Manchester City og Micah Richards kemur engum vörnum við. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sven-Göran Eriksson hefur þaggað niður í gagnrýnendum sínum með öflugri byrjun City í deildinni. Hann varð þó fyrir vonbrigðum með tapið í gær. „Við sköpuðum þó nokkur góð færi. Við þurfum ekki að hengja haus – lífið heldur áfram. Strákarnir stóðu sig vel þrátt fyrir að við töpuðum."

Hann sagðist líta jákvæðum augum á framtíðina. „Maður verður að sætta sig við það að eitt lið vinnur ekki alla leikina í úrvalsdeildinni. Það er aldrei gott að tapa en það er gott að koma hingað og sjá að við getum vel haldið í við Arsenal."

City er í öðru sæti deildarinnar eftir gærdaginn en Arsenal hoppaði upp í sjötta sætið og á enn einn leik til góða.

- esá

ÖFLUGUR Andriy Voronin skoraði eitt fyrir Liverpool og lagði upp annað. NORDIC PHOTOS/GETTY

Liverpool vann Sunderland:

Voronin stimplaði sig inn

FÓTBOLTI Liverpool gerði góða ferð til Sunderland í hádegisleiknum í ensku úrvalsdeildinni í gær. Liðið vann, 2-0, með mörkum Mohamed Sissoko og Andriy Voronin. Sá síðarnefndi lagði reyndar upp markið fyrir Sissoko.

Hefði ekki verið fyrir markvörð Sunderland, Craig Gordon, hefðu úrslit leiksins verið önnur. Hann varði oft stórkostlega en bæði Voronin og Fernando Torres, framherjar Liverpool, voru mjög öflugir í leiknum.

„Liverpool á góða möguleika á að vinna deildina," sagði Roy Keane, stjóri Sunderland, eftir leik. „Við sáum í dag hversu sterkt lið Liverpool er. Ég var annars ánægður með mitt lið, við lékum ágætlega en þetta var ekki okkar dagur." **- esá**

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W1514	142.714	99.900
1400sn/mín/5 kg		
Þurrkari T7644C	135.571	94.900
rakaþéttir/6 kg		

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

MASSA ÖFLUGUR Felipe Massa er í góðri stöðu til að ná sínum öðrum sigri í röð í tyrkneska kappakstrinum. NORDICPHOTOS/AFP

Tímatakan fyrir tyrkneska kappaksturinn í Formúlu 1:

Felipe Massa sá við meistaraefnunum

FORMÚLA 1 Brasilíumaðurinn Felipe Massa verður fremstur á ráspól þegar tyrkneski kappaksturinn verður ræstur í dag í Formúlu 1. Massa hafði betur en Lewis Hamilton í æsispennandi tímatökum í gær en Kimi Räikkönen varð þriðji og Fernando Alonso fjórði.

Massa er neðstur af þessum fjórum í stigakeppni ökuþóra en gæti lagað stöðu sína verulega með sigri í Tyrklandi í dag.

Kappaksturinn í dag er sá fyrsti síðan keppnin í Ungverjalandi fór fram fyrir þremur vikum. Þá bar hæst innanbúðarágreining þeirra Hamilton og Alonso en sá síðarnefndi virtist brjóta á hinum í tímatökunum.

Á þessum tíma virðast Hamilton og Alonso hafa grafið stríðsöxina en um leið er alveg ljóst að enginn kærleikur er á milli þeirra. Ökumennirnir höfðu hvor sitt teymi á viðgerðarsvæðinu til að koma í veg fyrir árekstra.

Massa virðist líka vel við brautina í Tyrklandi því hann bar sigur úr býtum á mótinu þar í fyrra. „Þetta var mjög erfitt og mjög naumt," sagði Massa. „Þetta var mikill slagur allra fjögurra ökumannanna. En ég náði frábærum hring og er mjög stoltur af því, sérstaklega eftir slæma frammistöðu í Ungverjalandi. Við áttum þetta skilið," bætti hann við. Í síðustu keppni lenti Massa í miklu basli og náði aðeins fjórtánda sæti í tímatökunum þar.

Alonso freistaði gæfunnar með því að skipta yfir í hörð dekk fyrir lokalotu tímatökunnar en hann náði sér af þeim sökum ekki almennilega á strik.

Ökuþórar BMW, þeir Robert Kubica og Nick Heidfeld, komu næstir í tímatökunum. BMW heldur því áfram að ná þeim góða árangri sem hefur skilað liðinu 71 stigi í keppni bílasmiða og dágóðri forystu á önnur lið, fyrir utan topplið McLaren og Ferrari sem eru vitaskuld í sérflokki í ár. Toyota og Honda eru sem fyrr í tómu basli með sína bíla en síðarnefnda liðið hefur aðeins náð einu stigi í öllum mótum ársins. **- esá**

HAMILTON SÁTTUR Lewis Hamilton sagðist hafa gefið allt sitt í gær og verið sáttur við niðurstöðuna. Hann verður við hlið Massa á ráspólnum í dag. NORDIC PHOTOS/GETTY

ÚRSLIT LEIKJA

Enska úrvalsdeildin

Sunderland-Liverpool	0-2
0-1 Mohamed Sissoko (37.), 0-2 Andriy Voronin (87.)	
Arsenal-Manchester City	1-0
1-0 Cesc Fabregas (80.)	
Aston Villa-Fulham	2-1
0-1 Clint Dempsey (6.), 1-1 Zat Knight, sjálfsmark (50.), 2-1 Shaun Maloney (90.).	
Bolton-Reading	3-0
1-0 Gary Speed (32.), 2-0 Nicolas Anelka (55.), 3-0 Daniel Braaten (90.).	
Chelsea-Portsmouth	1-0
1-0 Frank Lampard (31.)	
Derby-Birmingham	1-2
0-1 Cameron Jerome (1.), 1-1 Steve Howard (51.), 1-2 Cameron Jerome (63.).	
West Ham-Wigan	1-0
0-1 Paul Scharner (78.), 1-1 Lee Bowyer (83.).	
Everton-Blackburn	1-0
0-1 Roque Santa Cruz (15.), 1-1 James McFadden (78.).	

STAÐAN

Chelsea	**4**	**3**	**1**	**0**	**7-4**	**10**
Man. City	4	3	0	1	4-1	9
Wigan	**4**	**2**	**1**	**1**	**6-3**	**7**
Liverpool	3	2	1	0	5-2	7
Everton	**4**	**2**	**1**	**1**	**6-4**	**7**
Arsenal	3	2	1	0	4-2	7
Portsmouth	**4**	**1**	**2**	**1**	**6-5**	**5**
Blackburn	3	1	2	0	4-3	5
Newcastle	**2**	**1**	**1**	**0**	**3-1**	**4**
Aston Villa	3	1	1	1	3-3	4
Birmingham	**4**	**1**	**1**	**2**	**6-7**	**4**
West Ham	3	1	1	1	2-3	4
Reading	**4**	**1**	**1**	**2**	**2-5**	**4**
Sunderland	4	1	1	2	3-7	4
Tottenham	**3**	**1**	**0**	**2**	**5-4**	**3**
Middlesbrough	3	1	0	2	3-4	3
Bolton	**4**	**1**	**0**	**3**	**6-8**	**3**
Fulham	4	1	0	3	5-7	3
Man. United	**3**	**0**	**2**	**1**	**1-2**	**2**
Derby County	4	0	1	3	3-9	1

England - C-deild

Nottingham Forest-Leeds	1-2
Gylfi Einarsson var ekki í leikmannahópi Leeds.	

Ítalía - Serie A

Lazio-Torino	2-2
0-1 Rossina (34.), 1-1 Pandev (56.), 2-1 Rocchi (61.), 2-2 Vailatti (68.).	
Juventus-Livorno	5-1
1-0 David Trezeguet (29.), 2-0 Vicenzo Iaquinta, víti (71.), 3-0 Iaquinta (86.), 4-0 Trezeguet (87.), 5-0 Trezeguet (90.), 5-1 Massimo Loviso (90.).	

Spænska úrvalsdeildin

Real Madrid-Atletico Madrid	2-1
0-1 Agüero (1.), 1-1 Raúl (14.), 2-1 Wesley Sneijder (79.)	

Þýska úrvalsdeildin

Stuttgart-Duisburg	1-0
Bayern München-Hannover 96	3-0
Gunnar Heiðar Þorvaldsson var ekki í leikmannahópi Hannover.	
Bayer Leverkusen-Karlsruher SC	3-0
Nürnberg-Werder Bremen	0-1
Borussia Dortmund-Energie Cottbus	3-0
Arminia Bielefeld-Hertha Berlín	2-0

Skoska úrvalsdeildin

Kilmarnock-Glasgow Rangers	1-2
Celtic-Hearts	5-0
Eggert Gunnþór Jónsson var ekki í leikmannahópi Hearts vegna meiðsla.	
Falkirk-St. Mirren	0-1
Gretna-Motherwell	1-2
Hibernian-Aberdeen	3-3
Inverness-Dundee United	0-3

Norska úrvalsdeildin

Rosenborg-Vålerenga	2-0
Árni Gautur Arason varði mark Vålerenga.	

Hollenska úrvalsdeildin

Willem II-Sparta	2-0
PSV-NEC	5-0
VVV Venlo-Excelsior	3-1
Vitesse-AZ	1-0
Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn fyrir AZ.	

Sænska úrvalsdeildin

Brjommapojkarna-Hammarby	0-2
Gunnar Þór Gunnarsson kom inn á sem varamaður í liði Hammarby á 63. mínútu.	
Elfsborg-Helsingborg	0-0
Ólafur Ingi Skúlason lék allan leikinn fyrir Helsingborg.	

STAÐAN

Elfsborg	**19**	**9**	**6**	**4**	**30-19**	**33**
Djurgården	18	9	5	4	24-15	32
Halmstad	**18**	**9**	**5**	**4**	**27-20**	**32**
Göteborg	18	8	5	5	31-20	29
AIK	**18**	**8**	**4**	**6**	**22-19**	**28**
Helsingborg	19	7	6	6	32-23	27
Malmö	**18**	**7**	**6**	**5**	**23-16**	**27**
Hammarby	19	8	3	8	24-19	27
Kalmar	**18**	**8**	**2**	**8**	**23-26**	**26**
Gefle	18	6	5	7	16-19	23
GAIS	**18**	**5**	**6**	**7**	**17-25**	**21**
Brommapojk.	19	4	4	11	15-36	16
Trelleborg	**18**	**4**	**3**	**11**	**18-31**	**15**
Örebro	18	3	6	9	17-31	15

Lampard skaut Chelsea á toppinn

Portsmouth tapaði sínum fyrsta leik á tímabilinu í ensku úrvalsdeildinni þegar liðið laut í lægra hald fyrir Chelsea. Bolton vann mikilvægan 3-0 sigur á Reading en West Ham gerði 1-1 jafntefli við Wigan.

FÓTBOLTI Chelsea komst í gær á topp ensku úrvalsdeildarinnar þegar liðið vann Hermann Hreiðarsson og félaga í Portsmouth, 1-0, með marki Frank Lampard. Þetta var fyrsta tap Portsmouth á leiktíðinni.

Íslendingaliðið West Ham tapaði dýrmætum stigum þegar liðið gerði 1-1 jafntefli við Wigan en Bolton vann aftur á móti sinn fyrsta sigur á leiktíðinni þegar það vann Reading, 3-0.

Claudio Pizarro hefði átt að koma Chelsea yfir snemma í leiknum en hann fékk tvö góð færi áður en Lampard skoraði mark Chelsea eftir undirbúning Didier Drogba. Portsmouth fékk aftur á móti sín tækifæri í leiknum og þurfti meðal annars Ashley Cole að hreinsa frá marklínu eftir skalla Hermanns, sem lék allan leikinn að vanda með Portsmouth.

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, hældi Lampard eftir leikinn. „Frank skoraði á móti Reading og Liverpool og hefur því skorað í fjórum leikjum í röð með Chelsea og enska landsliðinu. Fyrir okkur voru mörkin afskaplega þýðingarmikil. Þetta kemur mér þó ekki á óvart því Lampard er bara Lampard og hann á þetta skilið," sagði Mourinho með sínu sérstaka orðalagi. „Þegar hann spilar er hann sá besti á vellinum og ef ekki, þá annar eða þriðji besti. Hann er frábær leikmaður."

Á SÍNUM STAÐ Eggert Magnússon og Guðlaug Nanna Ólafsdóttir fylgdust auðvitað vel með sínum mönnum í West Ham í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, virtist allt annað en sáttur við sína menn, sem máttu þakka fyrir 1-1 jafntefli við Wigan á heimavelli. Paul Scharner kom gestunum yfir seint í leiknum með laglegri bakfallsspyrnu. Lee Bowyer náði hins vegar að jafna metin fyrir West Ham áður en leiktíminn rann út.

„Við erum pínulítið súrir að hafa aðeins náð jafntefli en ætli við megum ekki vera ánægðir með að hafa þó fengið eitthvað eftir að hafa lent undir svo seint í leiknum," sagði Alan Curbishley, stjóri West Ham. „Jafntefli voru sennilega sanngjörn úrslit og ég er ánægður með að Lee skoraði. Það er að mínu mati það eina sem hefur vantað hjá honum."

Nicolas Anelka og El-Hadji Diouf voru mennirnir á bak við 3-0 sigur Bolton á Reading. Þeir skoruðu hvor sitt mark en varamaðurinn Daniel Braaten bætti við því þriðja undir lok leiksins.

Þetta var fyrsti sigur Bolton undir stjórn Sammy Lee og um leið fyrstu stig liðsins á tímabilinu.

Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson léku allan leikinn fyrir Reading en Heiðar Helguson var ekki í leikmannahópi Bolton.

„Ég hélt ró minni þegar við töpuðum fyrstu þremur leikjunum á tímabilinu og ég ætla að halda ró minni nú," sagði Lee eftir leik. „Ég hef áður sagt að ef við yrðum áfram jákvæðir færu hlutirnir að falla okkur í hag en við þurftum nauðsynlega á því að halda hreinu í dag."

Aston Villa lenti marki undir á heimavelli gegn Fulham snemma leiks en þökk sé sjálfsmarki og sigurmarki Shaun Maloney hirti liðið öll þrjú stigin sem í boði voru. Martin O'Neill, stjóri Aston Villa, að það hefði verið afar ósanngjarnt ef hans menn hefðu ekki staðið uppi sem sigurvegarar í lok leiks. Lawrie Sanchez, stjóri Fulham, kenndi óheppni og lélegri varnarvinnu í sigurmarkinu um tapið.

Þá vann Birmingham 2-1 útisigur á Derby með tveimur mörkum frá Cameron Jerome, því fyrra eftir aðeins 32 sekúndur.

Tveir leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í dag. Manchester United mætir Tottenham og Middlesbrough tekur á móti Newcastle. Athyglisvert er að skoða töflu ensku úrvalsdeildarinnar en grannliðin í Manchester eru hvort við sinn enda á töflunni; City í öðru sæti en United í því nítjánda.

eirikur@frettabladid.is

HETJUNNI FAGNAÐ Þeir Claudio Pizarro og Shaun Wright-Phillips fagna markaskoraranum Frank Lampard í leik Chelsea og Portsmouth í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

> Melanie Griffith

Melanie var aðeins fjórtán ára þegar hún varð ástfangin af hinum 22 ára gamla tvífráskilda Don Johnson. Hún flutti fljótlega inn til hans og giftist honum en hjónabandið entist ekki árið. Þrettán árum síðar giftust Don og Melanie aftur og voru þá saman í sjö ár. Leikkonan hefur nú verið gift Antonio Banderas í tíu ár. Melanie leikur í Shining Through á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR KVEÐUR SÍGAUNANA**

Rich fjölskyldan í vanda

Eddie Izzard hefur verið í miklu uppáhaldi hjá mér allt frá því ég fór á uppistand hjá honum í Loftkastalanum fyrir um tíu árum. Í brúnum plastbuxum, hælum og með maskara sagði hann hvern brandarann á fætur öðrum og aldrei fyrr né síðar hef ég grátið jafn mikið eða engst um af hlátri.

Það var mér því mikið gleðiefni þegar Stöð 2 fór að sýna þættina The Riches. Þar leikur Izzard Wayne, föður þriggja barna og eiginmann Dahliu leikinnar af Minnie Driver. Þau eru nokkurs konar sígaunafjölskylda sem lifir af því að svíkja og pretta aðra. Þegar Dahlia sleppur úr fangelsi hefst röð atburðarása sem endar á því að fjölskyldan tekur yfir líf Rich-fjölskyldunnar, sem ferst í bílsysi á leiðinni í nýja húsið sitt. Þar sem enginn á nýja staðnum veit hvernig

RICH-FJÖLSKYLDAN Hefur þurft að ljúga sig í gegnum ýmislegt í gegnum tíðina.

Rich-fjölskyldan lítur út tekst þeim Wayne og Dahlíu að plata alla, nágranna sem og nýja yfirmenn. Wayne, sem varla hefur litið í bók síðan í grunnskóla, tekst að sannfæra alla um að hann sé frábær lögmaður og tekst það með stæl enda vanur því að ljúga.

Síðasti þátturinn um fjölskylduna var sýndur í vikunni. Eins og vera ber fór allt í háaloft. Leyndarmálið er í hættu og fjölskyldan ætlar að flýja á gamla góða húsbílnum. Gamall „vinur" hefur þó átt við bílinn og Wayne, Dahlia og börnin standa frammi fyrir því að þurfa að taka afleiðingum ríkisbubbalífsins sem þau hafa stolið. Það verður spennandi að sjá hvort þeim takist að komast úr þessari klemmu eins og svo mörgum öðrum. Þá er bara að bíða þolinmóð eftir næstu þáttaröð.

EKKI MISSA AF

▶ **11.30** **Formúla 1** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.00** **Örlagadagurinn** STÖÐ 2

▶ **16.00** **Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **23.50** **Stelpurnar** SIRKUS



▶ **20.10** **Robin Hood** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Róbert Bangsi 08.11 Bubbi byggir 08.22 Pósturinn Páll 08.37 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystundin 09.01 Liló og Stitch 09.23 Sígildar teiknimyndir 09.30 Suðandi stuð 09.53 Arthur 10.20 Ævintýri HC Andersen

10.50 Út og suður e.

▶**11.30 Formúla 1** Beint.

14.00 HM í frjálsum íþróttum

14.55 Landsleikur í fótbolta Beint frá leik Slóveníu og Íslands í undankeppni EM 2009 í fótbolta kvenna.

16.55 Popp og pólitík (2:3) e.

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 Stundin okkar (14:32)

18.30 Nóemí, stúlkan af fjallinu (3:3)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Út og suður (13:16)

20.05 Ástin (Love Song) Bandarísk sjónvarpsmynd frá árinu 2000. Monica á kærasta sem foreldrar hennar dýrka en lífið flækist þegar hún fellur fyrir öðrum manni.

21.35 Smákröfur - Endurfundir (Small Claims: The Reunion) Áströlsk sjónvarpsmynd frá 2006. Tvær konur í Sydney fara á stúfana eftir dularfullt andlát kunningja.

23.20 Leikir kvöldsins

23.40 Sönn íslensk sakamál - Skipulögð tryggingasvik e.

00.10 Tónleikar Mika e.

01.00 HM í frjálsum íþróttum

03.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Hope Floats

08.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous

10.00 13 Going On 30

12.00 Lackawanna Blues

14.00 Hope Floats

▶**16.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**

18.00 13 Going On 30

20.00 Lackawanna Blues

22.00 Shining Through Aðalhlutverk: Liam Neeson, Melanie Griffith.

00.10 Serpico (e)

02.15 Real Cancun

04.00 Shining Through

STÖÐ 2

07.00 Pocoyo 07.10 Barney 07.35 Hlaupin 07.45 Funky Valley 07.50 Addi Paddi 07.55 Véla Villi 08.05 Fifi and the Flowertots 1 08.15 Stubbarnir 08.35 Doddi litli og Eyrnastór 08.45 Kalli og Lóla 09.00 Könnuðurinn Dóra 09.20 Camp Lazlo 1 09.45 Ofurhundurinn Krypto 10.10 Tracey McBean 2 10.20 Sabrina - Unglingsnornin 10.45 Hestaklúbburinn 11.10 Háheimar 11.35 W.I.T.C.H.

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

14.30 So You Think You Can Dance (19.23)

15.15 Pirate Master (12.14)

16.00 Disney Special

17.15 Making of Astropía

17.15 Heima hjá Jamie Oliver

17.45 Oprah

18.30 Fréttir

19.00 Íþróttir og veður

19.15 60 mínútur

▶**20.00 Örlagadagurinn** (13.31)

20.35 Monk (6.16)

21.20 The Tudors NÝTT Dramatísk þáttaröð með gæðaleikaranum Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverki. Meyers er hér í hlutverki Hinriks VIII sem þekktur var fyrir ástarsambönd sín ekki síður en konungstitilinn. Í þáttunum er fylgst með lífi og ástum Hinriks sem og þeirra sem stóðu honum næst. (1.10) 2007. Stranglega bönnuð börnum.

22.15 The 4400 (7.13) Síðastliðin 50 ár hafa 4400 manns horfið frá heimilum sínum um gervöll Bandaríkin. Dag einn snúa þeir allir aftur þegar stór eldhnöttur fellur til jarðar frá geimnum. Sumir hafa einungis verið týndir í nokkra mánuði en aðrir í nokkur ár. 2006.

23.00 Something´s Gotta Give Rómantísk gamanmynd. Harry er stórbokki í tónlistarbransanum og með auga fyrir fallegum, ungum konum. Aðalhlutverk: Jack Nicholson, Diane Keaton, Keanu Reeves, Frances McDormand, Amanda Peet. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.

01.05 Reversible Errors (1.2)

02.30 Reversible Errors (2.2)

03.55 Monk (6.16)

04.40 Heima hjá Jamie Oliver

05.05 Disney Special

06.05 Fréttir

06.45 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí

SÝN besta sætið

09.10 Spænski boltinn (Real Madrid - Atl. Madrid)

10.50 Spænski boltinn (Sevilla - Getafe)

12.30 PGA Tour 2007 (Barclays Classic)

15.30 Augusta Masters Official Film (Augusta Masters Official Film - 1989) Í þessum þætti verður tekið fyrir mótið árið 1960 þegar að Arnold Palmer var á hátindi síns ferils en hann lék á Masters mótinu fimmtíu ár í röð.

16.20 Gillette World Sport 2007

16.50 Heights of Passion (Erkifjendur) Í þessum þætti er fjallað á vandaðann hátt um viðureignir River Plate og Boca Juniours í gegnum tíðina og hið sérstaka samband sem ríkir á milli þessara keppinauta í Argentínu.

17.45 Landsbankadeildin 2007 (Fylkir - FH)

20.00 Spænski boltinn (Racing - Barcelona)

22.00 Landsbankamörkin 2007

22.30 PGA Tour 2007 (Barclays Classic)

00.30 Landsbankadeildin 2007 (Fylkir - FH)

SÝN 2

09.10 Enska úrvalsdeildin 2007/2008 (West Ham - Wigan)

10.50 4 4 2

12.10 Enska úrvalsdeildin 2007/2008 (Middlesbrough - Newcastle) Bein útsending frá leik í 4. umferð ensku úrvalsdeildarinnar.

14.40 Enska úrvalsdeildin 2007/2008 (Man. Utd. - Tottenham) Bein útsending frá leik í 4. umferð ensku úrvalsdeildarinnar.

17.15 Enska úrvalsdeildin 2007/2008 (Chelsea - Portsmouth) Leikurinn fór fram á laugardag.

18.55 Enska úrvalsdeildin 2007/2008 (Bolton - Reading) Leikurinn fór fram á laugardag.

20.35 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið Heimir Karlsson og Guðni Bergsson stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum.

21.55 Enska úrvalsdeildin 2007/2008 (Middlesbrough - Newcastle)

23.35 Enska úrvalsdeildin 2007/2008 (Man. Utd - Tottenham) Útsending frá leik Man. Utd og Tottenham.

SKJÁREINN

11.15 Vörutorg

12.15 MotoGP - Hápunktar

13.15 Dr. Phil (e)

14.00 High School Reunion (e)

15.00 The Biggest Loser (e)

16.00 Blow Out III (e)

17.00 On the Lot (e)

18.00 How Clean Is Your House? (e)

18.30 7th Heaven Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta.

19.15 Charmed (e)

▶**20.10 Robin Hood - Lokaþáttur** Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku. Það er komið að lokaþættinum um Hróa hött og félaga. Hrói er í hefndarhug og gengur lengra en nokkru sinni fyrr. Uppgjör er óumflýjanlegt og Hrói deyr ekki ráðalaus.

21.00 3 lbs (5.8) Bandarísk þáttaröð um hrokafullan heilaskurðlækni í New York. Stanley Tucci og Mark Feuerstein leika aðalhlutverkin.

21.50 Sleeper Cell (5.8) Hörkuspennandi þáttaröð um bandarískan alríkislögreglumann sem kemst í innsta hring hryðjuverkasamtaka. Darwyn snýr aftur heim og hittir föður sinn sem hann hefur ekki talað við lengi. Hann kemst líka að því að Farik hafi sent kjarnorkuvopn til Los Angeles og reynir að hindra að sendingin komist alla leið.

22.40 Law & Order (e)

23.30 The Black Donnellys (e)

00.20 Sex, Love and Secrets (e)

01.10 Vörutorg

02.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á Norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Svar tækni óskar eftir góðum liðsmönnum í öflugt sigurlið!

Svar tækni er framsækið fyrirtæki með um 20 starfsmenn í fullu starfi. Fyrirtækið rekur verslun að Síðumúla 37 auk þess að vera með öfluga sölu og þjónustudeild á fyrirtækjasviði en það er m.a umboðsaðili fyrir Acer, Panasonic og Swyx IP.

Vertu með í ört vaxandi fyrirtæki á fleygiferð, gott vinnumhverfi og skemmtilegur starfsandi!

Þjónustuverkstæði
Sjónvörp, skjáir, tölvur

Leitum að jákvæðum og duglegum rafeindavirkja eða einstaklingi með svipaða menntun/reynslu. Þekking á innviðum sjónvarpa, skjáa og tölva er mikill kostur.

Á meðal þess sem starfið felst í er:

- Þjónusta við viðskiptavini á verkstæði Svar tækni
- Viðgerð og varahlutapöntun í sjónvörp og skjái
- Önnur tilfallandi störf við þjónustu á verkstæði

Lagerstjóri
Móttaka og afgreiðsla

Duglegur og traustur einstaklingur óskast til starfa á lager fyrirtækisins.

Samviskusemi og nákvæmni eru lykileiginleikar og reynsla af birgðahaldi góður kostur.

Á meðal þess sem starfið felst í er:

- Móttaka á innlendum sem erlendum vörusendingum
- Afgreiðsla á lager og aðstoð við afgreiðslu á verkstæði
- Útkeyrsla á vörum, umhirða á lager - almenn lagerstörf

Umsóknarfrestur fyrir bæði störf er til 3. september 2007
Umsóknum skal skila til:
Svar tækni ehf. Síðumúla 37 , 108 Reykjavík eða á **umsokn@svar.is**

svar:) tækni

Síðumúla 37 - 510-6000 - www.Svar.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.20
The Tudors - nýtt

Átakanleg þáttaröð með gæðaleikaranum Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverki. Meyers er hér í hlutverki Hinriks VIII sem þekktur var fyrir ástarsambönd sín ekki síður en konungstitilinn. Í þáttunum er fylgst með lífi og ástum Hinriks sem og þeirra sem stóðu honum næst. Í fyrsta þættinum eru kvennamál Hinriks í brennidepli þegar í ljós kemur að aðstoðarkona drottningar gengur með barn hans.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Manchester United - Tottenham
Sýn 2 kl. 14.40

Í dag verður bein útsending frá leik Manchester United og Tottenham Hotspur í fjórðu umferð ensku úrvalsdeildarinnar. Framherjar Tottenham voru funheitir í undirbúningsleikjunum og þurfa að nýta færin sín vel í þessum leik.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni
09.03 Framtíð lýðræðis
10.15 Landnemasögur
11.00 Guðsþjónusta í Hóladómkirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Bókmenntir og landafræði
14.00 Ljóðabókin syngur
15.00 Kampavín og kaloríur
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Auglýsingar
18.26 Í tilefni dagsins
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Söngvar af sviði: Land míns föður
19.50 Óskastundin
20.35 Minningar um merkisfólk
21.15 Í grænni lautu
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Leitin að eldsneytinu
23.00 Andrarímur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

17.15 The Making of Astrópía
17.30 Jake In Progress (8:8) (e)
18.00 The George Lopez Show (4:22) (e)
18.30 Fréttir
19.10 Bestu Strákarnir (18:50) (e)
19.40 True Hollywood Stories (7:8) (e)
20.25 E-Ring (3:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski er fyrrverandi CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
21.15 Filthy Rich Cattle Drive (6:8) (e)
22.00 So You Think You Can Dance (18:23) Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem leitað er að næstu danssstjörnu Bandaríkjanna. Umgjörðin er svipuð og í American Idol en í stað þess að syngja þurfa keppendur að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku. Þetta er ómissandi þáttur fyrir alla dansáhugamenn. (18:23) Þau átta efstu dansa í kvöld en eftir því sem keppendum fækkar verður gagnrýnin harðari. 2007.
23.05 So You Think You Can Dance (19:23) Átta dansarar eru eftir en hvaða tveir verða sendir heim að þessu sinni? 2007.
▶23.50 Stelpurnar NÝTT (1:10) Stelpurnar sprenghlægilegu eru snúnar aftur í þriðja sinn og hafa aldrei verið fyndnari. Nýir og skemmtilegir leikarar hafa slegist í hópinn þar á meðal hin frábæra Helga Braga. Stelpurnar hafa þrívegis unnið til Edduverðlauna og eru ómissandi skemmtun fyrir alla sem kunna að meta ekta íslenskan húmor. Stöð 2 2007.
00.15 Smallville (6:22) (e)
01.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Cutting It **13.00** Coupling **13.30** Coupling **14.00** A Life Coach Less Ordinary **14.30** A Life Coach Less Ordinary **15.00** Cash in the Attic **15.30** Cash in the Attic **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** How to Be a Prince **18.00** How to Be a Prince **19.00** Diana: The People's Princess **20.00** Althorp after Diana **21.00** Boss Women **22.00** EastEnders 2**2.30** EastEnders **23.00** How to Be a Prince **0.00** How to Be a Prince **1.00** Althorp after Diana **2.00** Diana: The People's Princess **3.00** Cash in the Attic **3.30** Balamory **3.50** Tweenies

DR 1

12.00 Gudstjeneste i DR Kirken **13.00** Dansk Danse Grand Prix **14.00** Zoya **15.30** Sigurd og Symfoniorkesteret **16.00** Mr. Bean **16.25** OBS **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.05** Dræber-is 1**8.00** Prinsesse Diana - de sidste dage **19.00** 21 Søndag **19.40** Søndagssporten med SAS liga **20.05** Dancer in the Dark **22.20** Höök

NRK 1

13.45 Golf: Ladies European Tour **14.30** Galopp: Norsk Derby **15.30** Åpen himmel **16.00** Hønsehagen **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** VM friidrett Osaka 2007: Kveldsmagasin **18.45** Birkebeinerrittet **19.15** Imaginary Heroes **21.00** Kveldsnytt **21.20** Kunstens sprengkraft **22.10** Ingen grunn til begeistring **23.10** Larry Sanders-show

SVT 1

11.05 Packat & klart 1**1.35** Europa - en naturhistoria **12.25** En Noman i Pakistan **12.55** I love språk **13.55** Världen **14.55** Skolfront special **15.55** Anslagstavlan **16.00** Fem myror är fler än fyra elefanter **16.30** Cirkus Scott 70 år **17.30** Rapport **18.00** Studio Sumo **19.00** Sportspegeln **19.15** Agenda **20.10** Den perfekta skilsmässan **20.40** Vetenskap - Lev längre **21.10** Rapport **21.20** Kobra intervju **21.50** I mördarens spår **23.25** Sändningar från SVT24 **0.50** Friidrott: VM i Osaka **3.15** Sändningar från SVT24

ÁSKRIFT: 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

BLÓÐUGAR ÁSTIR HINRIKS VIII

STÓRFENGLEG ÞÁTTARÖÐ Í ANDA ROME
THE TUDORS – FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 21:20



skemmtilegri

LÆRDÓMUR VIKUNNAR

„Þetta er hræðilegur atburður en það ætti frekar að refsa foreldrunum en þeim sem gerðu þetta. Ef byssumenningin í Bandaríkjunum er komin til Bretlands þyrftu Bretar að endurskoða sín mál rétt eins og Bandaríkjamenn.“

Björgvin Ploder úr Sniglabandinu um morðið á hinum 11 ára Rhys Jones.

HIN HLIÐIN AGNAR MÁR MAGNÚSSON PÍANÓLEIKARI

Skipulagsleysi helsti veikleikinn

Hvað er að frétta? Allt fínt. Ég skrapp til Ítalíu í sumar í þrjár vikur, sem er lengsta frí sem ég hef fengið í mörg ár. Og ég var að gera plötu sem ég er mjög sáttur við.
Augnlitur: Grænbrúnn.
Starf: Píanóleikari, píanókennari.
Fjölskylduhagir: Giftur með einn fimm ára strák.
Hvaðan ertu? Úr Hafnarfirði.
Ertu hjátrúarfullur? Upp að vissu marki.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Ég horfi lítið á sjónvarp lengur, en var sjónvarpssjúklingur áður fyrr. Ég dett stundum inn í seríur, Seinfeld klikkar ekki.
Uppáhaldsmatur: Íslenskt lambakjöt. Annars finnst mér allur matur vera góður.
Fallegasti staðurinn: Bústaðurinn hjá mömmu og pabba. Ítalía.
iPod eða geislaspilari: Ipod.
Hvað er skemmtilegast? Að vera í fríi með fjölskyldunni og spila með skemmtilegu fólki.
Hvað er leiðinlegast? Að bíða eftir fólki.
Helsti veikleiki: Skipulagsleysi. Á það til að ráfa um og muna ekkert hvað það var sem ég ætlaði að gera.
Helsti kostur: Fyrir aðra að dæma.
Helsta afrek: Mér finnst það alltaf vera afrek þegar ég næ að klára plötu. Annars að eignast heilbrigt barn.
Mestu vonbrigðin: Reyni að hugsa sem minnst um svoleiðis hluti.
Hver er draumurinn? Að vera heilbrigður og hamingjusamur og búa til skemmtilega tónlist.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Ég er geðveikt fyndinn, djók!
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Nýríkir Íslendingar sem halda að þeir eigi heiminn.
Hvað er mikilvægast? Að hugsa vel um sig og sína.

MAGNÚS SCHEVING: NÝTT SKEIÐ AÐ HEFJAST HJÁ LATABÆ

Nýir Íþróttaálfar líta dagsins ljós

„Þetta er heill heimur,“ segir Magnús Scheving þegar hann gefur sér smá tíma fyrir stutt spjall eftir að hafa sýnt nokkur brögð á dansgólfi Listdansskóla Íslands við Engjateig. Heill dagur hefur farið í að kynna Latabæ fyrir nýjum Íþróttaálfum til að gera þeim grein fyrir að þetta er ekki bara einhver sjónvarpsþáttur frá litlu landi í Norður-Atlantshafi heldur miklu meira. Fréttablaðið fékk að fylgjast með æfingabúðum nýrra Íþróttaálfa, sem að sjálfsögðu var stjórnað af Magnúsi sjálfum.

Magnús kveður sem Íþróttaálfur

Magnús Scheving hefur í fjórtán ár stjórnað fyrirtækinu á bak við Latabæ með þrotlausri vinnu, byggt það nánast upp frá grunni og ekkert verk var svo ómögulegt að hann gæti ekki hlaupið í það. Samfara því hefur hann klæðst nánast ómanneskjulega heitum búningi Íþróttaálfsins og hoppað og skoppað heimsálfa á milli en jafnframt gefið sér tíma til að skrifa undir milljónasjónvarpssamninga við stórfyrirtæki og sjónvarpsrisa á borð við BBC. Nú er Latibær orðinn það stór að Magnús verður stíga niður úr hlutverki sínu sem Íþróttaálfurinn og einbeita sér enn frekar að vexti Latabæjar. Og láta aðra garpa um að fræða börn um mikilvægi hollrar hreyfingar og næringar. Honum er það augljóslega mikið í mun að þeir sem taki við af honum séu ekki bara einhverjir Pétur og Páll heldur gerir kröfur til þeirra.

FIMM, SEX OG HOPP Magnús gaf hinum ungu ekkert eftir og lét sér fátt um finnast að hoppa með fæturna upp í loftið oftar en einu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HUGSI Magnús hefur í fjórtán ár klæðst búningi Íþróttaálfsins en nú er komið að öðrum að taka við.

Þeir Julian frá Bretlandi og James Royce Edwards frá Bandaríkjunum horfa agndofa á Magnús sem hann hleypur úr einu herbergi í annað í höfuðstöðvum Latabæjar í Garðabæ. Julian á að leika Íþróttaálfinn á Latabæjarsýningu sem sett verður upp á West End en James verður hins vegar sérlegur Íþróttaálfur í Bandaríkjunum. Magnús útskýrir fyrir þeim hvert hlutverk hans er í framleiðslunni. „Hér leikstýri ég þáttunum, hleyp upp þennan stiga [sem er mjög brattur] til að skoða atriðið, fer síðan og klippi þá, tala inn á og fæ mér að borða um leið. Og síðan er það náttúrlega að stjórna fyrirtækinu,“ segir Magnús og þeim Julian og James er augljóslega létt að þeir eigi „eingöngu“ að leika Íþróttaálfinn en ekki vera Magnús í heilan dag.

EKKERT GRÍN Latibær er heill heimur og það er ekkert grín að hreyfa sig í búninginum.

Framtíðin björt

Og þrátt fyrir að nú liggi fyrir að sýna síðustu þáttaröðina í sjónvarpi í yfir hundrað löndum stendur ekki til að loka sjoppunni. Síður en svo. Nú þegar er Latabæjarsýning sýnd fyrir fullu húsi í nokkrum löndum Suður-Ameríku og áðurnefnd sýning á West End í London er á næstu grösum en Latibær nýtur mikilla vinsælda þar í landi.

Síðast en ekki síst er það stóra trompið, kvikmynd í fullri lengd. Magnús vildi lítið gefa upp um myndina en áætlað er að tökur hefjist á næsta ári. „Við erum að klára fjármögnunina núna og því vil ég lítið tjá mig um stöðu mála.“ Heimildir Fréttablaðsins herma að fjölmargir stórlaxar úr Hollywood hafi sýnt þessu mikinn áhuga og að þetta verði mun stærra og umfangsmeira en þættirnir sjálfir.

Og þegar Magnús stígur inn á dansgólfið í Engjateigi er greinilegt að hann ætlar ekki að sleppa hendinni af Íþróttaálfinum fyrr en hann er alveg sáttur. Hann stígur sporið með hinum nýju Íþróttaálfum við metsölulagið Bing Bang og fylgist vel með í speglinum hvort arftakarnir geti ekki örugglega leikið þetta eftir. Dagurinn, sem hófst um leið og sólin fór á loft, er bara rétt að byrja og fram undan eru þrotlausar æfingar þannig að hlutverki Íþróttaálfsins sé alveg örugglega komið í réttar hendur.

freyrgigja@frettabladid.is

EKKERT MÁL Magnús ásamt þeim Julian, James og tveimur íslenskum staðgenglum.

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
Við erum til taks

Landhelgisgæsla Íslands leitar eftir áhugasömum og traustum þyrluflugmönnum til starfa

Umsækjendur þurfa að hafa gilt íslenskt eða JAA atvinnuflugmannsskírteini á þyrlu með blindflugsáritun, ásamt því að hafa lokið bóklegu ATPL námi. Jafnframt skulu umsækjendur hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi. Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið bóklegu námskeiði í áhafnarsamstarfi (MCC). Þá þurfa umsækjendur að standast kröfur Landhelgisgæslunnar um andlegt og líkamlegt atgervi.

Um er að ræða fullt starf á vöktum allan sólarhringinn. Launakjör ákvarðast af kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra atvinnuflugmanna vegna starfa flugmanna hjá Landhelgisgæslu Íslands.

Nánari upplýsingar veita Geirþrúður Alfreðsdóttir flugrekstrarstjóri (gal@lhg.is) og Svanhildur Sverrisdóttir starfsmannastjóri (svanhildur@lhg.is) í síma 545-2000.

Umsóknum ásamt fylgigögnum og sakavottorði skal skilað til Landhelgisgæslu Íslands, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, fyrir 10. september nk. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um. Staðfesta þarf fyrirliggjandi eldri umsóknir eigi þær að gilda.

Tvö þúsund á þremur vikum

„Ég er feykilega ánægður og þakklátur fyrir undirtektirnar hjá landanum,“ segir rokkstjarnan Magni Ásgeirsson, sem hefur selt sína fyrstu sólóplötu í rúmlega tvö þúsund eintökum.

Rétt rúmar þrjár vikur eru síðan platan fór í sölu og verður þetta því að teljast dágóður árangur á svo skömmum tíma, auk þess sem sumarvertíðin hefur ekki alltaf verið gjöful í plötusölu. „Það er sumar og allt upp fyrir 1.500 er frábært. Þetta lýtur ekki sömu lögmálum og jólin. Á sumrin er fólk að kaupa plötur til að kaupa plötur en það er svolítið öðruvísi fyrir jólin þegar fólk er að kaupa til að gefa börnum sínum og barnabörnum,“ segir Magni.

Platan er í fyrsta sæti á Tónlistanum auk þess sem If I Promised You the World er mest spilaða lagið á landinu. „Ég er gífurlega sáttur og núna erum við bara að velta fyrir okkur hvað við setjum næst í spilun. Ég er mjög glaður með að þetta sé mest spilaða lagið á Íslandi og ég lít á það sem hól að það héldu allir að þetta væri „cover“-lag,“ segir Magni og hlær. „Fólk hélt greinilega að ég gæti ekki samið svona lag.“

Magni söng nýverið á Miklatúni á Menningarnótt ásamt hljómsveit sinni Á móti sól og tróð eftir það upp á Gauki á Stöng. „Miklatúnið var frábært og Gaukurinn ekki síðri. Að syngja fyrir 31 þúsund manns á einu kvöldi var ekki leiðinlegt.“ - fb

MAGNI Rokkarinn Magni Ásgeirsson hefur selt sína fyrstu sólóplötu í rúmum tvö þúsund eintökum.

Nánari upplýsingar um útsöluvörur og útsöluverð eru á www.tekk.is

FABRIKAN

ALLTAF BÆTIST VIÐ ÚRVALIÐ Á ÚTSÖLUNNI!

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP Á FALLEGUM HÚSBÚNAÐI
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

OPIÐ ALLA HELGINA: LAUGARDAG KL. 10 -16 OG SUNNUDAG KL.13-16

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LYFJA
- Lífið heil

Opið 8-24 alla daga

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

BAKÞANKAR

JÓNS ARNAR MARINÓSSONAR

Billjónsdagbók 26.8

OMXI15 var 8.348,73, þegar ég hoppaði hæð mína í loft upp í morgun, og Dow Jones var 13.236,13 þegar ég kom aftur niður á gólf í stjórnarherbergi Sjálfsmínbanka og fann að ég var 750 milljónum króna ríkari en á fimmtudag. Ég er djíníuss! Ég var einn í stjórnarherberginu. Þegar ég hafði fullvissað mig um að var enginn í móttökunni, leyfði ég mér að dansa eins og indjánahöfðinginn „Óstöðugur vindur“ hring eftir hring í kringum 12 fermetra fundarborðið, fórna höndum og hrópa í sífellu af léttgeggjaðri hrifningu: Djíníuss! Djíníuss!

ÞAÐ er rílí sommþinng að verða 750 milljónum verðmætari á tveimur sólarhringum og hafa átt stærstan hlut í því sjálfur með sínu eigin meðfædda kríeitivvíti. Íslendingar hneigja sig dýpra fyrir manni sem á 750 milljónum meira í dag en í gær. Íslendingar dýrka stundargróða. Íslenskur almenningur hefur jafnvel nautn af að láta sér blæða út svo að aðrir geti orðið ríkir á nó tæm. Hann er ökónómískur masókisti.

ÞAÐ var svo einfalt að græða þessar 750 milljónir að ég trúi því varla ennþá sem stendur í bókhaldinu. Ég lét Sjálfsmínbanka selja sjálfum mér hlutabréf í sjálfum sér, þegar gengið var í botni, og síðan, í morgun, lét ég sjálfan mig selja Sjálfsmínbanka bréfin, sem hann hafði áður átt í sjálfum sér, þegar gengið hafði hækkað margfalt eins og allir sáu fyrir að það mundi gera. Bingó! 750 milljónir í vasann. Þetta slær öllu við sem Háskólinn í Reykjavík er að kenna fólki í MBA-námi.

EINHVER lífrænt samanherpt vinstri-græn voru að fetta fingur út í þetta í dag. Svo var hann tuða, hluthafinn í eyðimörkinni sem er eilíflega að bera fyrir sig lög um hlutafélög eins og þau séu einhver lög. Þjóðin hlustar ekki á þetta. Hún elskar menn sem eru glúrnir að bjarga sér.

IWAUNT Moore var að reka á eftir mér að velja sætisáklæði í þotuna. Ég þarf að gera upp við mig hvort ég kaupi Aston Villa eða Sunderland. Er líka að skoða nýtt tilboð í mömmu. Svo var Baddi að suða í mér út af Sparisjóði Blöndæla. Stofnfjáreigendur séu fimm, tvö karltetur, hrútur, brúnskjótt meri og hundur með staurlöpp: Þeir séu til í að verða „spariþjófar“ gegn þúsundföldu nafnvirði. Ekki vit í öðru en að við Baddi förum út í sjóðbullandi „seðlaprentun“ eins og hinir. Er að sannast á Íslandi að peningar geta vaxið á trjám. Skoða þetta á morgun. Gæti þegið kaldan bjór ef Ylhýri-Villi hefði ekki bannað að kæla hann hérna í miðbænum. Borgarstjórinn er svo stór í sniðum; hann hugsar ekki í stykkjatali.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

www.icelandexpress.is/afangastadir

Leiktu þér út um alla Evrópu!

Barcelona, Lúxemborg og gjörvöll Evrópa framundan í allan vetur

Barcelona og Lúxemborg eru nýir og spennandi áfangastaðir Iceland Express nú í haust og vetur og sem fyrr er daglega flogið til London og Kaupmannahafnar. Billund, Berlín, Alicante og Friedrichshafen opna Evrópu enn frekar. Hvort sem þú vilt taka eina góða helgarskreppu til upplyftingar eða leggja í hann til lengri tíma er um að gera að nýta sér hagstætt fargjald með Iceland Express.

Handhafar Mastercard ferðaávísunar geta lækkað fargjaldið sitt enn frekar með henni.

Bókaðu ódýrt fargjald til Evrópu á **www.icelandexpress.is,** hagstæðustu gistinguna á **www.icelandexpress.is/hotel** að ógleymdum bílnum á **www.icelandexpress.is/bilaleiga**

Fíton / SÍA

VERÐ FRÁ:
7.995 kr.
Aðra leið með sköttum.

BÖRN:
50%
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600 | www.icelandexpress.is

Iceland Express